KRISTINN ALFREÐ FERDINANDSSON

*Notar helst ekki matreiðslubækur*

• matur • helgi • tíska

**ALLT** Í MIÐJU BLAÐSINS




RAGNHILDUR MAGNÚSDÓTTIR

*Ég er ekki skrýtin*

Föstudagur

Í MIÐJU BLAÐSINS







# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

15. maí 2009 — 115. tölublað — 9. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 512 5000

## FÖSTUDAGUR

### Stórt verkefni



Leikstjórarnir Sammi og Gunni gera bjórauglýsingu í Prag.

FÓLK 38

### Varði titilinn



Jóhannes Steinn Jóhannesson var valinn matreiðslumaður ársins annað árið í röð.

TÍMAMÓT 22

### Vel gerð áróðursmynd

Draumalandið er víðs fjarri því að draga upp sanngjarna heildarmynd af því sem gerðist fyrir austan, skrifar Jón Kristjánsson.

UMRÆÐAN 20

### Fjögur með fullt hús



Stjarnan, KR, Fylkir og Breiðablik hafa unnið tvo fyrstu leiki sína í Pepsideild karla.

ÍÞRÓTTIR 34

## VEÐRIÐ Í DAG




**Í SÓL OG SUMARYL** Í dag verður víðast hæg austlæg átt en strekkingur sums staðar með suðurströndinni. Skýjað suðaustan til annars hálfskýjað eða léttskýjað. Hiti 12-18 stig, hlýjast V- og NA-til.

VEÐUR 4






**SUMARIÐ KOMIÐ?** Þessir spræku drengir nutu sólarinnar og léku sér í fótbolta við Langholtsskóla í gær. Hitinn á höfuðborgarsvæðinu fór í fimmtán stig og spáin fyrir helgarveðrið er góð. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Biðlistar í afplánun þrefaldast á sex árum

**Ríflega þrefalt fleiri bíða eftir að afplána dóma nú en 2003 og engin von er til þess að listinn styttist. Sumir bíða árum saman. Þynging dóma er aðalorsökin.**

**FANGELSISMÁL** Fólki sem bíður eftir að komast í afplánun í fangelsum landsins hefur fjölgað úr 53 árið 2003 í 182 nú. Skýringin er þynging refsidóma, segir Páll Winkel fangelsismálastjóri. Meðalrefsitími hafi til dæmis lengst um þriðjung frá árinu 2006.

„Okkur ber að framfylgja öllum fangelsisdómum. Ef hver maður sem fer í fangelsi þarf að vera þriðjungi lengur inni segir það sig sjálft að plássin teppast lengur. Við getum ekki losað nógu mörg pláss til að tæma boðunarlistann,“ segir hann.

Páll nefnir sérstaklega að nú séu að falla þyngri dómar fyrir kynferðis- og fíkniefnabrot en áður. Þannig taki skútusmyglmálin tvö sinn toll af 136 fangaplássum landsins. Fimm sitja inni fyrir þátt sinn í fyrra málinu og sex sitja í varðhaldi vegna þess síðara. Þá má búast við mörgum í afplánun vegna kannabisverksmiðja sem upprættar hafa verið nýlega.

**Biðlisti í afplánun 1999-2009**




HEIMILD: FANGELSISMÁLASTOFNUN

Páll segir að hingað til hafi tekist að láta alla hættulega menn hefja afplánun strax. „Það mun ekkert breytast. Þetta þýðir að aðrir þurfa að bíða lengur eftir að komast í afplánun og þeir gætu þurft að bíða mjög lengi, nokkra mánuði eða ár.“

Byggingu nýs fangelsis hefur verið frestað og því er engin von til þess að biðlistarnir styttist í bráð, segir Páll. Þeir hafi lengst stöðugt síðustu ár og ekkert lát virðist á þeirri þróun. Eigi þeir að styttast þurfi að fjölga rýmum og úrræðum til afplánunar utan fangelsa. Þá er rafrænt eftirlit einnig til skoðunar.

- ghs, - sh

Eftirsótt söngkona:

## Sony og Fuller vilja Jóhönnu

**FÓLK** Stór útgáfufyrirtæki frá Bretlandi, Svíþjóð og Þýskalandi hafa sýnt áhuga á að semja við Jóhönnu Guðrúnu og gefa jafnframt út plötu hennar, Butterflies and Elvis. „Það vantar ekki athyglina á henni, við finnum hana,“ segir María Björk Sverrisdóttir, umboðsmaður Jóhönnu sem syngur í úrslitum Eurovision annað kvöld. Á meðal útgáfufyrirtækja sem hafa sýnt henni áhuga er 19 Entertainment sem er í eigu Simons Fuller, höfundar Idol-þáttaraðanna bresku og bandarísku. Þekktustu skjólstæðingar þess eru Kelly Clarkson, Beckham-hjónin og Spice Girls. Sony í Svíþjóð hefur einnig lagt fram fyrirspurn vegna Jóhönnu.

- fb / sjá síðu 30 og sérblað um Eurovision

Nefndir á þingi:

## Sjálfstæðisflokkur missir þrjá fulltrúa

**STJÓRNMÁL Ríkisstjórnarflokkarnir og Borgarahreyfingin leggja fram sameiginlegan lista við kjör í nefndir Alþingis. Þetta þýðir að sjálfstæðismenn fá þremur fulltrúum færra í nefndirnar en ella og framsóknarmenn tveimur.**

**Birgitta Jónsdóttir, þingmaður Borgarahreyfingarinnar, segir mikilvægt að fá sæti í þeim nefndum sem snúi helst að stefnumálum hreyfingarinnar, svo unnt sé að leggja hana niður sem fyrst. Stefna ríkisstjórnarinnar tengist málefnum sem Borgarahreyfingin sé að vinna að. Fulltrúar hreyfingarinnar hafi lýst því yfir að þau muni starfa að öllum góðum málum þvert á flokkslínur.**

**Birgitta segir að flokkarnir þrír styrki stöðu sína í þingnefndakjörinu með sameiginlegu framboði. Borgarahreyfingin sækist þó ekki eftir sæti í öllum þingnefndunum. „Það er mikilvægt að við séum ekki að fara í einhverjar nefndir sem hafa ekkert með stefnu okkar að gera.“**

**- gar**






**SPURNING DAGSINS**



*Guðmundur, lumarðu ekki á neinum töfraþulum sem gera sama gagn?*

„Nei, ég held að það sé bara best að plástra þjóðina fyrir neikvæðni.“

Guðmundur H. Bragason, fyrrverandi sjónvarpsþulur, selur nú svokallaða Lifewave-orkuplástra sem eiga að vera allra meina bót. Þeir eru þó til sem telja plástrana bara vera tómt kukl.

Þrír af fjórum þingmönnum Borgarahreyfingarinnar og nokkrir aðrir þingmenn:

# Hunsa messu í Dómkirkjunni

**STJÓRNMÁL** „Þrjú okkar úr Borgarahreyfingunni ætla að vera úti á Austurvelli á meðan allir eru að láta messa yfir sér,“ segir Birgitta Jónsdóttir, formaður þingflokks Borgarahreyfingarinnar.

Samkvæmt venju ganga alþingismenn til guðsþjónustu í Dómkirkjunni áður en nýtt þing verður sett í dag. Birgitta segir að hún sjálf, Þór Saari og Margrét Tryggvadóttir, þrír af fjórum alþingismönnum Borgarhreyfingarinnar, ætli ekki að sitja messuna. Fjórði þingmaður Borgarahreyfingarinnar er Þráinn Bertelsson.



BIRGITTA JÓNSDÓTTIR

„Okkur finnst ekki við hæfi að blanda saman trúmálum og þingstörfum og gerum athugasemd við að það fyrsta sem þing geri þegar það komi saman sé að fara í messu,“ segir Birgitta.

Að sögn Birgittu ætla nokkrir þingmenn úr öðrum flokkum einnig að sniðganga messuna í Dómkirkjunni.

„Það hefur verið venjan að fólk feli sig bara inni í þinghúsi ef það fer ekki í dómkirkjuna. Við erum aðeins að rjúfa leyndina yfir því. Það eru svo margar hefðir sem eru kannski ekki viðeigandi í dag,“ segir Birgitta Jónsdóttir.

Þess má geta að Siðmennt, félag siðrænna húmanista á Íslandi, býður alþingismönnum á Hótel Borg til að hlýða á hugvekju Jóhanns Björnssonar heimspekings áður en þingið er sett. Jóhann mun þar fjalla um mikilvægi góðs siðferðis í þágu þjóðar. **- gar**

Maður kom í heimsókn:

# Suu Kyi ákærð fyrir brot

**BÚRMA, AP** Herforingjastjórnin í Búrma hefur ákært Aung Sang Suu Kyi, friðarverðlaunahafa Nóbels og leiðtoga stjórnarandstöðunnar í Búrma, fyrir að hafa brotið skilmála stofufangelsis, sem hún hefur verið í árum saman.

Brotið felst í því að bandarískum manni tókst að komast með leynd inn í hús hennar, eftir að hann hafði synt yfir vatn sem er á bak við húsið.

Hún átti að losna úr stofufangelsinu 27. maí næstkomandi. Herforingjastjórnin er nú sökuð um að notfæra sér þetta tilvik til að halda henni lengur í fangelsi. **- gb**

Breskur þingmaður í vanda:

# Vikið úr Verkamannaflokki

**BRETLAND** Breska þingmanninum og fyrrverandi ráðherranum Elliot Morley hefur verið vikið tímabundið úr Verkamannaflokknum vegna ásakana um alvarlegt fjármálamisferli, að því er fram kemur á vef BBC.



GORDON BROWN

Morley segir að fyrir mistök hafi breska þingið greitt samtals sextán þúsund pund, jafnvirði ríflega þriggja milljóna króna, af húsnæðisláni hans eftir að lánið var að fullu greitt upp.

Gordon Brown, formaður Verkamannaflokksins, sagði í gær að væru ásakanirnar réttar yrði Morley líklega rekinn úr flokknum. **- bj**

Samtök iðnaðarins ósátt:

# Sykurskattur gagnast ekki

**HEILBRIGÐISMÁL Sérstakur sykurskattur á sykraða gosdrykki mun ekki gagnast í baráttunni gegn tannskemmdum, og mikil einföldun er að skella skuldinni af hrakandi tannheilsu ungmenna á sykraða gosdrykki, segir í frétt á vef Samtaka iðnaðarins.**

**Þar er bent á að neysla ósykraðra gosdrykkja hafi aukist á kostnað hinna undanfarið án sérstakar skattlagningar ríkisins. Þá hafi engin söluaukning orðið á sykruðum gosdrykkjum þegar verð hafi lækkað umtalsvert fyrir tveimur árum. Sykurskattur eins og heilbrigðisráðherra íhugi sé skattur á framleiðendur og fjölskyldurnar í landinu.** **- bj**

# Tuttugu hætta hjá lögreglunni í dag

**Færri lögreglumenn starfa nú á öllu höfuðborgarsvæðinu en í Reykjavík einni fyrir rúmum tveimur árum. „Við höfum verulegar áhyggjur,“ segir formaður sambands lögreglumanna. Þeir gagnrýna stjórnvöld og yfirstjórn lögreglunnar.**

**ATVINNUMÁL** Ráðningarsamningar 22 lögreglumanna á höfuðborgarsvæðinu renna út í dag og verða ekki framlengdir. Lögreglumennirnir voru ráðnir þegar búsáhaldabyltingin stóð sem hæst í janúar. Samningarnir hafa verið framlengdir einu sinni, en nú er féð uppurið.

„Við höfum verulegar áhyggjur af þessari fækkun,“ segir Snorri Magnússon, formaður Landssambands lögreglumanna. Lögreglumönnum í borginni hafi þegar fækkað verulega frá því að embættin á höfuðborgarsvæðinu voru sameinuð í ársbyrjun 2007. Á höfuðborgarsvæðinu öllu starfi nú færri en í Reykjavík einni fyrir sameininguna.

Arinbjörn Snorrason, formaður Lögreglufélags Reykjavíkur, segir nokkra af þeim sem nú hætta hafa fengið tímabundna vinnu annars staðar, en um helmingur horfi fram á atvinnuleysi. Þá hafi einhverjum verið boðið hálft starf á álagstímum. Arinbjörn segir ábyrgðina fyrst og fremst liggja hjá stjórnvöldum.

Hann gagnrýnir þó einnig yfirstjórn lögreglunnar vegna fyrirhugaðra skipulagsbreytinga, sem fela í sér að settar verði á fót fimm sjálfstæðar lögreglustöðvar. „Við viljum meina að áherslurnar liggi ekki alveg á réttum stöðum og að það hefði mátt hinkra með þessar breytingar og nýta fjármagnið frekar í grunnlöggæsluna.“ Lögreglufélagið hafi kallað eftir upplýsingum um kostnað við breytingarnar en engin svör fengið.



**MÓTMÆLI VIÐ ALÞINGISHÚSIÐ** Lögreglumennirnir 22 voru ráðnir þegar búsáhaldabyltingin stóð sem hæst. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



SNORRI MAGNÚSSON



STEFÁN EIRÍKSSON



ARINBJÖRN SNORRASON

Fækkunin kemur á versta tíma að mati þeirra Snorra og Arinbjarnar. Fjöldi auðgunarbrota á tímabilinu frá því í október þar til í mars er til dæmis tvöfaldur á við sama tíma fyrir ári. Auk þess segir Arinbjörn menn finna fyrir því að málum vegna vandamála á heimilum fólks hafi fjölgað. Þá hefur Europol ítrekað varað við því að draga úr löggæslu á tímum niðursveiflu.

„Við höfum engan valkost, við bara verðum að takast á við verkefnið,“ segir Stefán Eiríksson, lögreglustjóri á höfuðborgarsvæðinu, spurður hvort embættið ráði við missinn. „Það er auðvitað mjög erfitt að missa þetta öfluga fólk frá okkur,“ segir hann.

Hins vegar standi allar ríkisstofnanir frammi fyrir fjárhagsvanda. „Við reynum hvað við getum að sinna þeim verkefnum sem okkur ber lögum samkvæmt en það er ekki hægt að neita því að eftir því sem fækkar hjá okkur þá dregur sjálfkrafa úr þjónustunni.“

**stigur@frettabladid.is**

Ákærður fyrir misþyrmingar:

# Barði systur sína hrottalega

**DÓMSMÁL Hálfþrítugur maður hefur verið ákærður fyrir hrottalegt ofbeldi gegn systur sinni á heimili hennar í Reykjanesbæ í júní í fyrra.**

**Honum er gefið að sök að hafa hrint systur sinni á sófaborð þannig að glerplata á borðinu brotnaði, kýlt hana í andlitið, lamið höfði hennar við píanó, tekið hana tvívegis hálstaki þannig að hún missti meðvitund og þá sparkað ítrekað í hana á gólfinu, stungið hana í lærið með hnífi og loks hent í hana tölvuskjá. Systirin hlaut ýmsa áverka og rifbeinsbrotnaði.**

**Þá er hann ákærður fyrir að hóta henni lífláti á meðan og loks að eyðileggja farsíma hennar. Hún krefst ríflega 1.600 þúsund króna í skaðabætur.** **- sh**

Samstarf í Lækjarbotnum:

# Rækta skóg á 145 hekturum

**UMHVERFISMÁL** Hefja á skógrækt og uppgræðslu í Selfjalli í Lækjarbotnalandi í samvinnu Kópavogsbæjar, Skógræktarfélags Kópavogs, Skógræktarfélags Íslands og Gróður fyrir fólk í Landnámi Ingólfs.

„Miðað er við að framkvæmdin standi yfir til ársins 2020 og nái til svæðis, sem er alls um 145 hektarar lands. Áætlað er að árlega verði gróðursettar liðlega tólf þúsund trjáplöntur á svæðinu og uppgræðsla nái til um sex hektara lands á ári hverju,“ segir í greinargerð sem lögð var fram í bæjarráði Kópavogs. **- gar**

**DÓMSTÓLAR**

## Ákærðir fyrir líkamsárás

Tveir ungir Hvergerðingar hafa verið ákærðir fyrir að hafa ráðist á þriðja manninn í félagsheimilinu í Árnesi. Maðurinn marðist töluvert og krefst rúmlega 1.200 þúsund króna í bætur.






Hæstiréttur sýknar mann af akstri með leifar af kannabisefnum í þvagi:

# Óbeinar reykingar eru gild afsökun

**DÓMSMÁL** Hæstiréttur hefur staðfest sýknudóm yfir ungum manni sem var handtekinn undir stýri með niðurbrotsefni kannabiss í þvagi sínu. Hann bar því við að aðrir hefðu reykt kannabis nálægt honum, en ekki hann sjálfur, og hann hafi ekki mátt vita að efnið myndi mælast í þvagi hans af þeim sökum. Á þetta féllst Hæstiréttur.

Maðurinn segist hafa verið í bíl með nokkrum öðrum sem reyktu stíft í lengri tíma. Dómurinn sýknar manninn, jafnvel þótt sérfræðingur í eiturefnafræðum hafi komið fyrir réttinn og sagt það mjög ólíklegt að niðurbrotsefnið myndi mælast í þvagi eftir slíkar óbeinar reykingar, þótt hann gæti ekki útilokað það með öllu.

Eftir þrjá hæstaréttardóma sem féllu í síðustu viku er komið fram skýrt dómafordæmi fyrir því að svipta menn ekki ökurétti sem aka með leifar af kannabisefnum í þvagi sínu en ekki blóði, og eru þar af leiðandi ekki undir áhrifum. Niðurbrotsefnin geta greinst í þvagi nokkrum vikum eftir að efnisins er neytt. Menn eru eftir sem áður sektaðir fyrir athæfið lögum samkvæmt.



VALTÝR SIGURÐSSON

Valtýr Sigurðsson ríkissaksóknari sagði í samtali við Fréttablaðið í vikunni að breyta þyrfti lögunum á þá leið að ekki yrði lengur ólöglegt að aka með efnið aðeins í þvagi. Enn fremur taldi Valtýr það líklegt að það myndi færast mjög í aukana að menn bæru við óbeinum reykingum í málum sem þessum, færi svo að Hæstiréttur staðfesti sýknudóminn – sem hann hefur nú gert. **- sh**

**ENGIN VÍMA – SAMT ÓLÖGLEGT**

Niðurbrotsefnið tetrakannabínólsýra getur mælst í þvagi þeirra sem neyta kannabiss vikum saman eftir neysluna. Áhrif kannabisreykinga renna hins vegar af mönnum um leið og efnið fer úr blóði þeirra. Hingað til hefur verið nóg að ökumenn mælist með kannabisleifar í þvagi til að þeir séu sviptir ökurétti – eins og kveðið er á um í lögum – en það er nú að breytast.

# ALLTAF BETRA VERÐ







## acer FARTÖLVA

**Acer Aspire 5520G-643G25MI**

2.0Ghz AMD Turion64 X2 Mobile TL-60 örgjörvi • 4GB DDR2 667MHz minni • 250GB SATA harðdiskur • 15.4" WideScreen WXGA CrystalBrite með 1280x800 punkta upplausn • 512MB DDR Geforce Go 8600 skjákort með allt að 1024mb deildu minni • Þráðlaust netkort með Acer InviLink og Acer SignalUp tækni • 4xUSB 2.0, S-video/TV-út, VGA, FireWire, S/PDIF, ExpressCard/34 slot o.fl. • Windows Vista Home Premium

**129.990**

## 4GB MINNISLYKILL

**Sandisk Cruzer Micro Skin**

Lítill og handhægur 4GB minnislykill, USB2.

**3.490**



## TOSHIBA FARTÖLVA

**Toshiba Satellite A300-1SR**

2.0GHz Intel Core 2 Duo T6400 örgjörvi • 4GB DDR2 800MHz minni • 320GB SATA harðdiskur • DVD±RW Dual Layer skrifari • 15.4" WXGA breiðtjaldsskjár • 512MB ATI Mobility Radeon HD 3650 skjákort • Öflugir Harman Kardon hátalarar • Þráðlaust 54Mbps 802.11a/g/n netkort og Bluetooth 2.0 • 1.3MP vefmyndavél í skjá • 4xUSB 2.0, FireWire, HDMI, eSATA, ExpressCard Slot ofl. • Windows Vista Home Premium

**159.990**




## LCD SKJÁR

**Acer V243HQBD**

23.6" LCD breiðtjaldsskjár með 1920x1080 punkta upplausn, 40.000:1 í dínamískri skerpu og 5ms svartíma. DVI og VGA tengi.

**49.990**

msi




## SKJÁ KORT

**MSI ATI Radeon HD4850 512MB DDR3 OC**

512MB skjákort. 1986MHz GDDR3 minni, 640MHz kjarni. HDMI, 2 DVI Out, DUAL Link DVI ofl.

**26.990**



## 640GB MYBOOK FLAKKARI

**WD Essential 640GB**

640GB flakkari frá WD með hljóðlátum og umhverfisvænum WD Green hörðum disk. Slekkur á sér um leið og tölvan og sparar þannig orku.

**16.990**




## UNITED 720/1080i MEDIA SPILARI

**United HD MMP 9530**

720P/1080i HD 3.5" margmiðlunarspilari með HDMI, Optical og Composite tengjum. Innbyggður SD/MMC kortalesari ásamt USB Uplink. Fullkomin fjarstýring og aðgerðatakkar á framhlið.

**14.990**



PHILIPS

## ÞRÁÐLAUS HEYRNARTÓL

**Philips SBCHC8440**

Þráðlaus heyrnartól með FM sendi og hleðslurafhlöðum. Henta við sjónvarpið, græjurnar eða tölvuna.

**12.990**



## 15.4" FARTÖLVUTASKA

**Golla 15.4"** *Fæst bleik eða rauð*

Fartölvutaska fyrir allt að 15.4" fartölvur. Rúmgóð taska með nóg af plássi og aukavösum fyrir smærri hluti.

**9.990**

# TÖLVULISTINN

TL.IS
www.tolvulistinn.is

| REYKJAVÍK | AKUREYRI | EGILSSTAÐIR | KEFLAVÍK | SELFOSS | HAFNARFJÖRÐUR |
|---|---|---|---|---|---|
| NÓATÚNI 17<br>S: 414 1700 | STRANDGÖTU 9<br>S: 414 1730 | MIÐVANGI 2-4<br>S: 414 1735 | HAFNARGÖTU 90<br>S: 414 1740 | AUSTURVEGI 34<br>S: 414 1745 | REYKJAVÍKURVEGI 66<br>S: 414 1750 |

## GENGIÐ 14.05.2009

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 126,89 | 127,49 |
| Sterlingspund | 191,32 | 192,26 |
| Evra | 172,03 | 172,99 |
| Dönsk króna | 23,095 | 23,231 |
| Norsk króna | 19,373 | 19,487 |
| Sænsk króna | 15,974 | 16,068 |
| Japanskt jen | 1,3315 | 1,3393 |
| SDR | 192,43 | 193,57 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR

210,6144

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Austurhöfn TRH gerir áætlun um víðtækara notagildi á hafnarbakkanum:

# Óperan hafi aðstöðu í tónlistarhúsinu

**TÓNLIST** „Við erum að vinna að athugun á minniháttar breytingum sem gerðu það mögulegt að Íslenska óperan hefði aðstöðu í húsinu,“ segir Stefán Hermannsson, framkvæmdastjóri hjá Austurhöfn, sem byggir tónlistarhúsið við Reykjavíkurhöfn.

Að sögn Stefáns var frá upphafi tekið tilliti til þess við hönnun tónlistarhússins að þar væri hægt að flytja óperur í uppfærslum sem ekki krefðust mikils leikssviðsbúnaðar og að flutt yrði ein ópera á ári.

„Hins vegar núna eftir hrunið hefur verið ákveðið að reyna að skaffa betri aðstöðu fyrir óperuna svo hún gæti verið með flestar sínar uppfærslur í húsinu. En það er ekki búið að taka formlega ákvörðun,“ ítrekar Stefán og útskýrir að litlar breytingar þurfi að gera á áhorfendasalnum sjálfum.

Þar hafi til dæmis alltaf verið reiknað með hljómsveitargryfju og hringsviði.

„Kostnaðaraukinn er alls ekki mikill. Við erum ekki að breyta húsinu í óperuhús,“ segir Stefán. „Það eina sem þarf er að gera ráð fyrir skrifstofuaðstöðu og rými fyrir sminki, hárgreiðslu og búningsherbergi. Þeir geta gert þetta að höfuðstöðvum sínum þangað til einhvern tíma í framtíðinni að óperhús rís á Íslandi.“ - gar



**TÓNLISTARHÚSIÐ Í REYKJAVÍKURHÖFN** Íslenska sinfónían fær hugsanlega fastan félagsskap af Íslensku óperunni í nýja tónlistarhúsinu. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Frumvarp um ESB-viðræður:

## Skilyrðin ekki verið uppfyllt

**STJÓRNMÁL Drög að stjórnarfrumvarpi um aðildarviðræður við Evrópusambandið uppfylla ekki skilyrði sem flokksþing Framsóknarflokksins setti, segir Sigmundur Davíð Gunnlaugsson, formaður Framsóknarflokksins.**



SIGMUNDUR DAVÍÐ GUNNLAUGSSON

**Gera má ráð fyrir fjölmörgum athugasemdum við frumvarpið frá þingmönnum flokksins í meðförum þingsins. Ekki gangi upp að fela ríkisstjórninni einni umboð til viðræðna.**

**„Ég hef áhyggjur af því að það verði löng umræða um þetta, þegar heldur ætti að nota sumarþingið til að grípa til aðgerða í efnahagsmálum,“ segir Sigmundur.** - bj

Ofbeldismenn aftur fyrir dóm:

## Ákærð fyrir í ofbeldi í FSu

**DÓMSMÁL** Tveir piltar og stúlka hafa verið ákærð fyrir að ráðast saman á ungan mann í Fjölbrautaskóla Suðurlands í lok janúar í ár. Ungmennin slógu fórnarlambið og spörkuðu í það. Annar pilturinn beit manninn þar að auki í höndina. Þolandinn krefst 785 þúsund króna í bætur frá fólkinu.

Piltarnir tveir voru í lok mars dæmdir á tveggja mánaða skilorð fyrir aðra líkamsárás sem þeir frömdu á Selfossi í fyrra. Þá kýldu þeir mann þrívegis og börðu hann með kúbeini. Menntamálaráðherra bað skólayfirvöld fyrir skemmstu um að endurskoða þá ákvörðun sína að vísa piltunum ekki úr skóla. - sh

# Skoða samstarf við ESB til að styðja gengi krónunnar

**Stjórnvöld vilja kanna samstarf til að styðja gengi krónunnar samhliða aðildarviðræðum að ESB. Nauðsynlegt var að kynna stjórnarandstöðu frumvarpsdrög áður en þau voru gerð opinber, segir utanríkisráðherra.**

**STJÓRNMÁL** Lagt er til að skoðað verði hvort unnt sé að ná fram samstarfi í gjaldmiðilsmálum samhliða viðræðum um hugsanlega aðild Íslands að Evrópusambandinu (ESB) til að styðja við gengi krónunnar, í drögum að stjórnarfrumvarpi um aðildarumsókn sem birt voru í gær.

Engar þreifingar hafa átt sér stað um þessa lausn við ESB, segir Össur Skarphéðinsson utanríkisráðherra. Hann segir það mat sérfræðinga sem stjórnvöld hafi ráðfært sig við að slíkt geti verið mögulegt, þó að pólitískan vilja þurfi af beggja hálfu. Hugmyndir um slíkt samstarf hafi ekki verið útfærðar nánar.

Drög að frumvarpinu voru kynnt forystumönnum stjórnarandstöðuflokkanna á miðvikudag. Til stendur að frumvarpið verði lagt fram á Alþingi um miðja næstu viku.

Össur ræddi drögin á fundum með formönnum Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks, og einum þingmanna Borgarahreyfingarinnar, í gærmorgun.

„Ég lagði áherslu á að það væri einlægur vilji ríkisstjórnarinnar að ná sem mestu samráði um þetta mál, bæði í meðferð þingsins og þegar meðferð þingsins sleppir og lagt verður í aðildarviðræðurnar,“ segir Össur.

Hann segir fundi með forsvarsmönnum stjórnarandstöðuflokkanna hafa verið gagnlega, og hann muni eiga fleiri samtöl við einhverja þeirra á næstu dögum. Nauðsynlegt hafi verið að fá að kynna þeim drögin áður en þau voru gerð opinber. Hann útilokar ekki að breytingar verði gerðar á frumvarpinu áður en það verði lagt fram.

Össur segir ljóst virðist vera að lengst sé á milli sjónarmiða þingmanna Sjálfstæðisflokks og þess sem fram komi í tillögudrögunum. Styttra sé á milli stefnu Framsóknarflokks og þess sem fram komi í greinargerð með tillögunni.

Borgarahreyfingin hefur sett fram þrjú skilyrði fyrir stuðningi við frumvarpið, segir Þór Saari, þingmaður flokksins. Þau eru að umfjöllun um efni aðildarsamningsins verði vönduð og hlutlaus, jafnt vægi atkvæða í þjóðaratkvæðagreiðslu og að samninganefndin verði fagleg og skipuð erlendum og óháðum ráðgjöfum.

Verði skilyrðin uppfyllt með breytingum á frumvarpinu í meðförum þingsins muni þingmenn flokksins samþykkja það, en annars ekki, segir Þór. brjann@frettabladid.is





**DRÖGIN KYNNT** Össur Skarphéðinsson utanríkisráðherra ræddi drögin við stjórnarandstöðuflokana í gær. Þór Saari, þingmaður Borgarahreyfingarinnar, segir að hreyfingin hafi sett þrjú skilyrði fyrir stuðningi.

### ÁHERSLA Á FORRÆÐI YFIR AUÐLINDUM

Stjórnvöld munu leggja fyrir Alþingi tillögu um að ríkisstjórnin leggi inn umsókn að Evrópusambandinu og að haldin verði þjóðaratkvæðagreiðsla um væntanlegan aðildarsamning. Í greinargerð með drögum að tillögunni er fjallað nánar um framkvæmdina. Þar segir meðal annars:

- Hafa á víðtækt samráð við hags munaaðila um samningsmarkmið fyrir aðildarviðræðurnar og leitast við að ná breiðri samstöðu um viðræðugrundvöll.
- Samhliða frumvarpi um aðildar umsókn verður lagt fram frum varp um þjóðaratkvæðagreiðslur.
- Skoða á hvort hægt verði að ná fram samstarfi í gjaldeyrismálum til að styðja við gengi krónunnar samhliða aðildarviðræðum.
- Ríkisstjórn Íslands mun skipa viðræðunefnd við ESB. Nefndinni til fulltingis verði samráðshópur fulltrúa hagsmunaaðila.
- Meðal grundvallarhagsmuna Íslands er að tryggja forræði þjóðarinnar yfir vatns- og orkuauðlindum, fiskveiðiauðlindinni, að tryggja landbúnaðinn og að standa vörð um réttindi launa fólks og vinnurétt.
- Stjórnvöld áskilja sér rétt til að mæla með eða leggjast gegn samningnum enda margvíslegir fyrirvarar við stuðning við aðild.
- Stjórnvöld telja heppilegt að skipuð verði sérstök Evrópunefnd Alþingis sem farið gæti með sam skipti við viðræðunefnd við ESB, en láta Alþingi eftir að hlutast til um að slík Evrópunefnd verði skipuð.






## VEÐURSPÁ



Sigurður Þ. Ragnarsson veðurfræðingur

**FÍNASTA VEÐUR UM HELGINA**

Almennt má segja að helgarveðrið verði á hlýjum og sumarlegum nótum. Hins vegar byrjar að kólna á Austurlandi strax á morgun og síðan fer að kólna á sunnudag og mánudag á Vestfjörðum, norðan til og austan. Þá verður hlýjast suðvestan lands. Ástæðan er að hann hallast smám saman í norðrið þó vindur verði reyndar hægur.



Á MORGUN 5-10 m/s.

SUNNUDAGUR 5-13 m/s, hvassast NV- og SA-til.

**HEIMURINN**

| | |
|---|---|
| Alicante | 21° |
| Amsterdam | 18° |
| Basel | 21° |
| Berlín | 20° |
| Billund | 15° |
| Eindhoven | 20° |
| Frankfurt | 18° |
| Friedrichshafen | 22° |
| Gautaborg | 15° |
| Kaupmannahöfn | 14° |
| Las Palmas | 23° |
| London | 17° |
| New York | 23° |
| Orlando | 30° |
| Osló | 17° |
| París | 14° |
| Róm | 27° |
| Stokkhólmur | 13° |

Vindhraði er í m/s. Hitastig eru í °C. Gildistími korta er um hádegi.


VORTILTEKT!
NÚ HREINSUM VIÐ ÚT
30-50% AFSLÁTTUR
Við eigum von á nýrri vörulínu frá King Koil Comfort solution
og ætlum því, ánæstu dögum, að selja eldri gerðir
með allt að 50% afslætti.
COMFORT solutions®
By King Koil®
30%
AFSLÁTTUR!
Af sængurfatnaði og heilsukoddum
rekkjan
HEILSURÚM
Rekkjan ehf ·· Suðurlandsbraut 48 (Bláu húsin í Faxafeni) ·· 108 Reykjavík ·· 588 1955 ·· www.rekkjan.is ·· Opið virka d. 10–18 og lau 11–16

**KJÖRKASSINN**



*Ætti að hækka gjöld á áfengi og bensín?*

| | |
|---|---|
| Já | 14,4% |
| Nei | 85,6% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG**

*Á að leggja á sykurskatt í forvarnaskyni?*

Segðu þína skoðun á visir.is

Vísir

Fyrrverandi forsætisráðherra Kína um blóðbaðið á Torgi hins himneska friðar:

# Segir sína hlið sögunnar

**KÍNA, AP** Zhao Ziyang, fyrrverandi forsætisráðherra Kína, segir að Deng Xiaoping, sem var æðsti leiðtogi landsins, hafi upp á sitt einsdæmi tekið ákvörðun um að láta herinn taka af fullri hörku á mótmælendum á Torgi hins himneska friðar í Peking í júní árið 1989.

Sjálfur segist Zhao hafa ráðlagt Deng að gæta hófs: „Ef við förum í hart gegn fjöldanum, þá gæti ástandið orðið hættulegt og við gætum gjörsamlega misst stjórnina,“ segist Zhao hafa sagt á fundi 17. maí árið 1989.

Þetta kemur fram í 300 blaðsíðna bók sem unnin er upp úr 300 klukkustunda löngum segulböndum, sem Zhao tókst að tala inn á með leynd, þótt hann hafi verið undir ströngu eftirliti í stofufangelsi í Peking.



**Á TALI VIÐ MÓTMÆLENDUR** Á síðustu ljósmyndinni sem birtist opinberlega af Zhao Ziyang sést hann ræða við mótmælendur á Torgi hins himneska friðar. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Talið er að aðgerðir hersins helgina 3. og 4. júní þetta ár hafi kostað hundruð ef ekki þúsundir manna lífið.

Zhao missti embættið vegna samúðar sinnar með málstað mótmælendahreyfingarinnar, sem barðist fyrir lýðræðisumbótum í Kína með friðsömum mótmælum í Peking. Zhao lést árið 2005 eftir fimmtán ár í stofufangelsinu.

„Hann sjálfur skildi ekki eftir sig nein fyrirmæli um það hvernig upptökurnar verði notaðar. En ég er í engum vafa um að hann hefði viljað að útgáfa hans af sögunni lifði áfram,“ sagði Bao Pu, einn af ritstjórum bókarinnar. - gb

Svíþjóð:

# ESB-þingmenn fá hærri laun

**SVÍÞJÓÐ** Innan ESB hefur verið ákveðið að allir þingmenn á Evrópuþinginu fái sömu laun óháð því frá hvaða landi þeir eru. Samkvæmt launahækkun sem fljótlega tekur gildi fær hver þingmaður jafnvirði tæplega 1,3 milljóna króna á mánuði.

Sænskir þingmenn hafa tæpar 876 þúsund krónur í laun á mánuði, að sögn Aftonbladet, og er því um verulega launahækkun að ræða. Þingmennirnir geta þó afþakkað hana og látið sér nægja að hafa tæp 900 þúsund á mánuði.

Launahækkunin, sem kemur úr sjóðum ESB, er verulega umdeild í Svíþjóð. - ghs

Meirihluti borgarráðs:

# Barnavernd ekki ábótavant

**FÉLAGSMÁL** Borgarráðsfulltrúar Framsóknarflokks og Sjálfstæðisflokks segja engar ábendingar hafa borist um að vinnslu mála hjá Barnavernd Reykjavíkur sé ábótavant. Borgarráðsfulltrúi Samfylkingar segir hins vegar verulega þörf á fleira starfsfólki í barnaverndarvinnu. Borgarráðsfulltrúi VG segir að með versnandi fjárhag heimilanna verði auk almennra aðgerða til aðstoðar verst settu heimilunum að fjölga stöðugildum í barnaverndinni, að hefja eftirlit með tannheilsu barna í skólum og tryggja að þau fái öll skólamáltíð án tillits til efnahags. - gar

Uppbygging í Mosfellsbæ:

# Nýr ævintýragarður í bígerð

**MOSFELLSBÆR Sigurtillagan um væntanlegan Ævintýragarð í hugmyndasamkeppni Mosfellsbæjar nefnist „Að spinna ævintýr“.**

**Sigurvegararnir að baki hugmyndinni eru Landmótun sf. og Sviðsmyndir ehf. Tillagan þykir stuðla vel að hugmyndum bæjaryfirvalda um afþreyingar- og útivistarsvæði sem henti öllum aldurshópum, allt árið um kring. Líklegt þykir að þremur efstu tillögum samkeppninnar verði blandað saman. Allar þrjár þóttu innihalda spennandi og skemmtilegar hugmyndir sem féllu vel hver að annarri.**

# Skólakerfið of dýrt fyrir sveitarfélögin

**Sú skoðun er uppi á vettvangi Sambands sveitarfélaga að nauðsynleg hagræðing náist ekki nema með uppstokkun á grunnskólunum. Bæjarstjórinn í Árborg segir að sveitarstjórnir eigi að skoða stefnu ríkisins í launamálum.**

**SVEITARFÉLÖGIN** Hagræðing hjá sveitarfélögunum á næstu árum verður ekki gerð nema með breytingum hjá grunnskólunum, virðist vera útbreidd skoðun sveitarstjórnarmanna. Finna þarf örfína línu í hagræðingu á næstu misserum, því ef skref í sparnaðarátt verða of stór þá er sú hætta raunveruleg að samfélagið staðni og vítahringur myndist.

Þetta var meðal þess sem kom fram á samráðsfundi Sambands íslenskra sveitarfélaga á miðvikudag. Ljóst er að staða sveitarfélaganna er verri en áætlanir gerðu ráð fyrir um áramót. Skuldirnar nema um 240 milljörðum króna.

Ragnheiður Hergeirsdóttir, bæjarstjóri í Árborg, sagði að kjarasamningar við grunnskólakennara væru einfaldlega með þeim hætti að sveitarfélögin réðu ekki við þá. „Ég vil hafa vel launaða og hamingjusama kennara fyrir börnin okkar en þetta er einfaldlega of þungt fyrir okkur.“ Ragnheiður sagðist vita að viðræður SÍS og ríkisins við samtök kennara um að endurskoða lög og þar með kjarasamninga hefðu ekki skilað árangri. „Það er einfaldlega ekki ásættanlegt vegna þess að niðurskurður hjá sveitarfélögunum verður ekki gerður nema tekið sé á þessu máli.“

Róbert Ragnarsson, bæjarstjóri í Vogum, benti á að fræðslumálin tækju langmest af tekjum sveitarfélaganna, og launakostnaðurinn væri þar hvað mestur. „Ég held að við náum engum árangri til lengri tíma nema endurskoða skipulagið inni í grunnskólunum.“ Hann sagði það umhugsunarefni að árangur skólanna væri ekki í samræmi við fjármagn og kennarar væru ósáttir með laun sín. „Það hlýtur eitthvað að vera að og við verðum að leggjast yfir það hvar sóunin er.“



**FOLDASKÓLI** Grunnskólarnir eru stærsti útgjaldaliður sveitarfélaganna. Sveitarstjórnarmenn telja margir að þar verði að ráðast í sparnaðaraðgerðir. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



**RÓBERT RAGNARSSON**



**RAGNHEIÐUR HERGEIRSDÓTTIR**

Ragnheiður gerði að umtalsefni þá stefnu nýrrar ríkisstjórnar að hæstu laun hjá ríkinu verði aldrei hærri en laun forsætisráðherra. „Hafa sveitarstjórnir efni á að borga hærri laun en forsætisráðherralaun, ég spyr? Við höfum þau hærri í Árborg en höfum ekki efni á því, alla vega ekki eins og þetta er núna.“

Hanna Birna Kristjánsdóttir borgarstjóri hafði uppi viðvörunarorð til sveitarstjórnarmanna á fundinum. Hún benti á að sú hætta væri fyrir hendi að samfélagið lamaðist yrði gengið of langt í launalækkunum og skattahækkunum. svavar@frettabladid.is

Minna kólesteról



Benecol er náttúrulegur mjólkurdrykkur sem lækkar kólesteról í blóði.

Mikilvægt er að halda kólesterólgildum innan eðlilegra marka því of hátt kólesteról í blóði er einn helsti áhættuþáttur kransæðasjúkdóma.

Ein flaska á dag dugar til að ná hámarksvirkni.

www.ms.is

512 50 50 Auglýsingasími

Mest lesið

Vogaskóli 50 ára



Vogaskóli fagnar 50 ára afmæli sínu með hátíðardagskrá í skólanum, laugardaginn 16. maí n.k.

Dagskráin hefst kl. 13:00 og henni lýkur kl. 16:00.

Okkur þætti vænt um ef þú heiðraðir okkur með nærveru þinni þennan dag.

Minnihluti sveitarstjórnar Rangárþings eystra gagnrýnir vegagerð við sumarhús:

# Malbika að sumarhúsum í kreppu

**SVEITARSTJÓRNIR** „Það eru yfirleitt frekar fjársterkir aðilar sem eiga frístundahús á Rangárbökkum og þeir ættu að geta kostað malbikunina sjálfir,“ segir Guðlaug Ósk Svansdóttir, sveitarstjórnarfulltrúi minnihlutans í Rangárþingi eystra.

Sveitarstjórnin hefur samþykkt að verja 2,6 milljónum króna í malbikun vegar að leigulóðum undir frístundahús í landi Móeiðarhvols. Vegagerð ríkisins mun hins vegar sjá um að leggja undirlag á veginn. Vegna ríkjandi vindátta á svæðinu blæs töluvert af malarveginum yfir sumarhúsabyggðina.

Guðlaug og Sólveig Eysteinsdóttir greiddu atkvæði gegn framkvæmdinni. Þær segja með öllu óeðlilegt að sveitarfélagið leggi í þennan kostnað sem því sé ekki skylt að gera á sama tíma og álögur á íbúa séu auknar vegna erfiðrar fjárhagsstöðu.

„Það má segja að þetta mál sé draugur sem ákveðnir aðilar í sveitarstjórn drógu með sér úr fyrri sveitarstjórn. Þeir segja að gefið hafi verið um þetta loforð en það kemur hvergi fram í samningum um þessar leigulóðir,“ segir Guðlaug sem kveðst telja að verja mætti fjármunum sveitarfélagsins á betri hátt. „Þetta er spurning um hverjir borga hér útsvar og hverjir eiga þjónustu okkar skilið.“

Meðal þeirra sem eiga sumarhús og land á þessum slóðum á bökkum Eystri-Rangár eru hjónin Ástríður Thorarensen og Davíð Oddsson, fyrrverandi seðlabankastjóri. - gar



**GUÐLAUG ÓSK SVANSDÓTTIR** Sveitarstjórnarfulltrúi minnihlutans segir Rangaárþing Eystra ekki eiga að borga malbikun vegar að frístundabyggð.

LAMBAKJOT.IS



„Það er frábært tilfinning
þegar stemmningin myndast á tungunni.
Ég mæli með því.“

# GRILLBRAGÐ
*sumarsins*



## Grillað lambalæri með jógúrtkryddlegi

Lambalæri, án lykilbeins og sagað eftir endilöngu (langsagað).

Veltið lambinu upp úr kryddleginum og geymið í kæli í 2 - 12 klst. Strjúkið megnið af kryddleginum af kjötinu og grillið á meðalheitu grilli í 25 - 30 mín. Snúið kjötinu reglulega.

### Jógúrtkryddlögur:

2 dl jógúrt, hreint • 2 hvítlauksgeirar, pressaðir • 2 msk engiferrót, smátt söxuð • 3 msk sítrónusafi
1 tsk kummin • 1 tsk kóríanderfræ, steytt • 1/2 tsk kardimommur, steyttar • 1/2 tsk salt
3 msk mynta, smátt söxuð. Setjið allt í skál og blandið vel saman.

Berið lambalærið fram með grilluðu grænmeti og bökuðum kartöflum.

25 - 30 mínútur

Íslenska lambakjötið er einstakt. Það býr yfir öllum kostum gæðamatvöru, svo náttúrulega villt, hollt og ljúffengt. Láttu hugarflugið og lambakjötið dansa saman og sigurstundirnar í eldhúsinu verða margar, þegar hefðir og nýjustu straumar töfra fram nákvæmlega þá stemmningu sem þú vilt.

*Lambakjöt*
NÁTTÚRULEGA EINFALT

**VEISTU SVARIÐ?**



**1.** *Hver mun leika Skrögg í uppfærslu Loftkastalans?*

**2.** *Hversu miklar voru skuldir íslenskra sveitarfélaga um síðustu áramót?*

**3.** *Hvaðan er hælisleitandinn sem er í hungurverkfalli í Reykjanesbæ?*

**SVÖRIN ERU Á SÍÐU 38**

Umboðsaðilar sýningarréttar á enska boltanum samþykkja að stytta samning:

# Aftur boðið í réttinn á enska boltann

**FJÖLMIÐLAR** „Ég vænti þess að nýtt útboð fyrir enska boltann fari í gang fljótlega, og við munum taka þátt í því. Við gerum okkur vonir um að halda sýningarréttinum á þessu vinsæla efni áfram, en á viðráðanlegum kjörum,“ segir Ari Edwald, forstjóri 365.

Fyrirtækið tryggði sér sýningarréttinn á enska boltanum til þriggja ára frá haustinu 2007. Að sögn Ara gerðu aðstæðurnar sem upp komu við bankahrunið og fall krónunnar það að verkum að þess var farið á leit við umboðsaðila efnisins í Bretlandi að sá samningur yrði styttur um eitt ár. Hann gerir ráð fyrir að nýtt útboð, sem gildi til fjögurra ára, verði klárað á næstu mánuðum.

„Við erum mjög sátt við þá niðurstöðu. Það hafði verið boðið hátt í enska boltann, meðal annars á grundvelli kostunar sem samið var um í íslenskum krónum, þannig að þegar verðið á sýningarréttinum tvöfaldaðist gerði það okkur erfitt fyrir,“ segir Ari. Hann gerir ráð fyrir að verðið muni lækka til muna í næsta útboði.



**ARI EDWALD**



**SIGRÍÐUR MARGRÉT ODDSDÓTTIR**



**PÁLL MAGNÚSSON**

Sigríður Margrét Oddsdóttir, framkvæmdastjóri Skjásins, segir fyrirtæki sitt fylgjast grannt með þróun þessara mála. „Við höfum ekki tekið afstöðu til þess hvort við hyggjumst bjóða í réttinn. Fyrst þurfum við að skoða öll útboðsgögn,“ segir Sigríður.

Páll Magnússon útvarpsstjóri segir RÚV ekki ætla að taka þátt í útboðinu. „Við höfum þá stefnu að fylgja íslenska landsliðinu í alþjóðlegum keppnum, en höfum dregið okkur út úr uppboðum á íþróttaviðburðum sem reknir eru á hreinum viðskiptalegum grundvelli. Við þær aðstæður sem nú ríkja sé ég alls enga ástæðu til að víkja frá þeirri stefnu,“ segir Páll Magnússon. **- kg**

Yfirlýsing stjórnarflokka:

## Áherslan er fordæmalaus

**VINNUMARKAÐUR** Hannes G. Sigurðsson, aðstoðarframkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins, SA, segir að það eigi sér líklega ekki fordæmi hversu þung áhersla sé lögð á samvinnu við aðila vinnumarkaðarins á fjölmörgum sviðum í ítarlegri samstarfsyfirlýsingu stjórnarflokkanna.

Þetta endurspegli það grafalvarlega ástand sem ríki í efnahagslífinu og þá ríku kröfu sem gerð hefur verið um fjölþætt samstarf leiðandi aðila með það að markmiði að tryggja stöðugleika til frambúðar og efla atvinnustarfsemi. Ekki sé ágreiningur milli aðila vinnumarkaðarins og stjórnvalda um markmið og leiðir í stórum dráttum. „Því ætti ekkert að vera því til fyrirstöðu að samkomulag náist í tæka tíð,“ segir hann í grein á vef SA. **- ghs**

Norðmenn bora eftir jarðhita á 5.500 metra dýpi:

## Gæti margfaldað afkastagetuna hér

**NOREGUR** Norðmenn ætla að nýta sér jarðhitann djúpt í iðrum jarðar með því að bora 5.500 metra ofan í jörðina, hita vatn þar og taka það upp aftur. Tæknin er sótt í olíuiðnaðinn í Norðursjó en stærsta vandamálið hefur verið sá mikli kostnaður sem fylgir því.

Jónas Ketilsson, jarðhitasérfræðingur hjá Orkustofnun, segir að takist fyrirætlun Norðmannanna gæti það þýtt margfalda afkastagetu íslenskra jarðhitakerfa því þá gætu Íslendingar farið að bora utan háhitasvæða.

„Þetta getur opnað fyrir möguleika á jarðhitanýtingu á svæðum sem við teljum ekki hagkvæmt að nýta sem stendur og þá getum við frekar hlíft viðkvæmum svæðum,“ segir hann.

Það er norska orkufyrirtækið Rock Energy sem ætlar að ráðast í tilraunina í Osló, að sögn Teknisk Ukeblad. Vatnið verður hitað í lokuðu kerfi og leitt upp um aðra borholu. Talið er að það verði þá um níutíu gráðu heitt og vel nýtilegt til húshitunar. Norðmenn hafa líka gert áætlanir um að nota jarðhitann til raforkuframleiðslu og stefna að því framleiðslan fullnægi tæplega helmingi af raforkuþörfinni. Jónas segir að verið sé að kanna möguleika á jarðhitanýtingu víða um heim. Takist að lækka borkostnaðinn geti þessi framleiðsla hugsanlega orðið arðbær. **- ghs**



**PÁFINN Í NASARET** Fjölmennasta guðsþjónusta páfa á ferð sinni um Mið-Austurlönd var haldin í Nasaret í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

# Vill sættast við múslima

**Benedikt páfi hefur komið óvart með yfirlýsingum um stuðning við málstað Palestínumanna. Í gær hvatti hann múslima og kristna menn til að ná sáttum. Netanjahu bað hann að fordæma áróður Írana.**

**PALESTÍNA, AP** Á ferðum sínum um Mið-Austurlönd hefur Benedikt XVI. páfi ekki hikað við að minnast á mörg viðkvæmustu og heiftúðugustu deilumál þessa heimshluta, svo sem hlutskipti Palestínumanna undir hernámi Ísraels og gagnkvæma tortryggni kristinna og múslima, að ógleymdri helför gyðinga í síðustu heimsstyrjöld.

Um fimmtíu þúsund manns mættu til að hlýða á messu páfa í Nasaret í gær. Þar hvatti hann bæði múslima og kristna menn til þess að hafna eyðileggjandi afli haturs og fordóma, „sem drepur sálir manna áður en það drepur líkama þeirra“ eins og hann orðaði það í ræðu sinni.

„Ég hvet góðviljugt fólk í báðum þessum trúarsamfélögum til þess að lagfæra þann skaða sem orðinn er,“ sagði páfi, og vísaði þar til spennu sem ríkt hefur á milli múslima og kristinna undanfarin ár.

Benedikt páfi hefur áður fengið múslima á móti sér með umdeildu orðavali. Í þessari ferð hefur hann gert sér far um að bæta þar úr.

Í vikunni hefur páfi tvisvar lagt ríka áherslu á stuðning sinn við stofnun Palestínuríkis, þrátt fyrir að ný hægristjórn í Ísrael hafi lýst sig andvíga því að Palestínumenn fái eigið ríki. Hann hefur einnig lýst yfir samúð með hlutskipti Palestínumanna, en hvetur þá samt til að beita ekki ofbeldi.

Síðdegis í gær settist páfi síðan niður með Benjamin Netanjahu, forsætisráðherra Ísraels. Þeir spjölluðu saman í stundarfjórðung. Að loknum fundi þeirra kom Netanjahu fram í sjónvarpi, en minntist ekkert á Palestínu. Hins vegar sagðist hann hafa beðið páfa um að beita siðferðilegri yfirburðastöðu sinni til að fordæma harkalegt orðfæri forseta Írans um Ísrael.

„Ég held að hann hlusti á okkur,“ sagði Netanjahu um páfa.

Federico Lombardi, talsmaður Páfagarðs, sagði páfa mjög ánægðan með árangurinn af ferð sinni. Allir mikilvægustu fundirnir hafi orðið til góðs og páfa hafi tekist að vera eins konar brú á milli ólíkra sjónarmiða.

Vikulangri ferð páfa um Mið-Austurland lýkur í dag.

**gudsteinn@frettabladid.is**

Stykkishólmsbær ályktar:

## Strandveiðar neikvætt skref

**SJÁVARÚTVEGUR** Stykkishólmsbær mótmælir harðlega þeim hugmyndum sem fram hafa komið um upptöku strandveiða á kostnað úthlutunar byggðakvóta. Í ályktun bæjarráðs segir að byggðakvóta til Stykkishólmsbæjar hafi verið úthlutað á grundvelli hruns á hörpudiskstofni, aflabrests af þeim sökum og síðar banns við veiðum á hörpudiski.

Bæjarráðið efast um að auka megi verðmætasköpun, efla atvinnulíf og auka drifkraftinn í bæjarfélaginu með upptöku strandveiða á kostnað byggðakvóta. Samfélagið í Stykkishólmi hafi tekið á sig mikil áföll við hrun hörpudiskstofnsins, en hafi byggt sig upp hægt og rólega með tilkomu byggðakvóta. **- shá**

VERJUM OG SÆKJUM ÞANN RÉTT SEM VIÐ EIGUM

KOMDU
Í MORGUNKAFFI
Á STÓRHÖFÐANN
þriðjudaginn 19. maí
milli 9 og 11

*Ef þú ert atvinnuleitandi líttu þá við og spjallaðu við félagana. Kannaðu hvaða möguleikar eru í boði. Starfsmenn STAFA lífeyrissjóðs fjalla um greiðslubyrði og skuldbreytingar.*

RAFIÐNAÐARSAMBAND ÍSLANDS

VIÐ VINNUM FYRIR OKKAR FÉLAGA!


TBWA\REYKJAVÍK \ SÍA \ 094654
Grill fyrir Eurovision-gleðina
Fáðu grillið samsett og sent heim*
í tæka tíð fyrir gleðskapinn!
4.575 kr.
léttgreiðslur í 12 mán.
7.075 kr.
léttgreiðslur í 12 mán.
6.241 kr.
léttgreiðslur í 12 mán.
Ellingsen, 2 brennara
54.900 kr.
2 pör af grillhönskum, yfirbreiðsla og stálgljái fylgja.
Ellingsen, 3 brennara
84.900 kr.
2 pör af grillhönskum, yfirbreiðsla og stálgljái fylgja.
Coleman Select, 3 brennara
74.900 kr.
Hliðarbrennari, 2 pör af grillhönskum og stálgljái fylgja.
„Ég segi nú bara eins og Jóhanna Guðrún: Er það satt?"
*Heimsending er fyrir höfuðborgarsvæðið, Suðurnes og Akureyri og gildir til kl. 18 föstudag og laugardag.
Við bjóðum upp á léttgreiðslur Visa og Euro!
Við höldum með þér!
olís



**ÁSTRALSKUR FRUMBYGGI Í LONDON** Major Sumner heitir hann og situr fyrir utan breska þjóðminjasafnið, þar sem geymdar eru jarðneskar leifar ástralskra frumbyggja. Ástralarnir vilja fá líkamsleifarnar heim til Ástralíu. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Formaður Íslands-Palestínu fagnar stjórnarsáttmálanum en vill ganga lengra:

# Ættum að virða kosningarnar

**UTANRÍKISMÁL** Í stjórnarsáttmála nýrrar ríkisstjórnar er rætt um að byggja upp pólitísk tengsl við heimastjórn Palestínu.

Sveinn Rúnar Hauksson, formaður Íslands-Palestínu, fagnar því en vonar að sáttmálinn sé fyrsta skrefið í átt að pólitískum tengslum við stjórnvöld á Gasa líka.

„Það er mikilsvert að Palestínumál séu formlega á dagskrá ríkisstjórnarinnar,“ segir hann. „En það sem skiptir máli núna er að ganga lengra. Íslensk stjórnvöld hafa hingað til einungis rætt við stjórnvöldin í Ramallah, ekki ríkisstjórnina á Gasa,“ segir Sveinn Rúnar.



**SVEINN RÚNAR** Hvetur stjórnina til að stíga skrefið til fulls og virða niðurstöðu þingkosninga í Palestínu. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Ósamræmi sé í því að vilja styðja sjálfsákvörðunarrétt þjóðar og neita um leið að virða úrslit kosninga. „Ríkisstjórnin ætti því sem allra fyrst að koma á stjórnmálasambandi við stjórnina á Gasa, sem er með lýðræðislegan meirihluta á bak við sig,“ segir hann.

Hamas-samtökin fengu meirihlutakosningu í Palestínu 2006. Síðan hafa þau verið einangruð af vestrænum ríkjum, öðrum en Noregi, og kom til borgarastríðs milli Hamas og Fatah.

„En til að byrja með ættu allir íslenskir þingmenn að geta sameinast um að gera allt sem þeir geta til að þingmenn og ráðherrar Hamas verði leystir úr haldi,“ segir Sveinn Rúnar. Þeir hafi verið fangelsaðir fyrir það eitt að vera þingmenn Hamas. - kóþ

Kaupmannahöfn:

# Danirnir skildu ekki norskuna

**KAUPMANNAHÖFN** Norðmaðurinn Andreas Bull-Gundersen lést eftir að hann fékk bjórglas í höfuðið þegar hann var að skemmta sér með vinum sínum í Kaupmannahöfn um helgina. Vinir piltsins segja hann hafa verið blæðara og að starfsmenn bráðavaktarinnar hafi ekki skilið þá. „Við sögðum aftur og aftur að hann væri blæðari en hjúkrunarfræðingurinn skildi það ekki,“ segir vinur unga Norðmannsins. „Eftir að hann fékk bjórglasið í höfuðið fórum við á spítalann en fengum enga hjálp. Og lögreglan sagði bara að hann hefði bara fengið kúlu á ennið.“ - ghs



**HJÓLAR** Þó að heimilið hafi verið lagt í rúst á Ismail enn hjól og hjálm sem aðdáandi sendi honum. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Milljarðastjarna heimilislaus:

# Kofinn jafnaður við jörðu

**INDLAND, AP Tíu ára stjarna kvikmyndarinnar Viltu vinna milljarð er heimilislaus eftir að lögreglumenn vopnaðir bambusprikum hröktu um þrjátíu fjölskyldur út úr kofum í fátækrakerfi í Mumbai á Indlandi og jöfnuðu heimili þeirra við jörðu.**

**Azharuddin Mohammed Ismail skaut upp á stjörnuhimininn eftir að hann lék aðalpersónu kvikmyndarinnar Viltu vinna milljarð. Gott gengi myndarinnar í kvikmyndahúsum hefur lítið gert fyrir ungar stjörnur hennar, sem enn búa í fátækrahverfinu þrátt fyrir loforð framleiðenda myndarinnar um fjárhagsstuðning.** - bj

Ósáttir við arðgreiðslur OR:

# Launalækkun gangi til baka

**FÉLAGSMÁL** Starfsmenn Orkuveitu Reykjavíkur eru afar ósáttir við 800 milljóna króna arðgreiðslur félagsins til sveitarfélaganna sem eiga veituna. Laun starfsmanna voru nýverið lækkuð, og krefjast þeir þess að launalækkunin gangi til baka, að því er fram kom í fréttum Stöðvar 2.

Arðgreiðslurnar eru lægri en fyrirhugað var, og launalækkun mun ekki ganga til baka, sagði Guðlaugur Gylfi Sverrisson, stjórnarformaður OR. - bj

# Höftum aflétt þegar í haust

**Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn telur ekki svigrúm til frekari lækkana stýrivaxta. Gjaldeyrishöftum á nýjar fjárfestingar verður aflétt í haust. Á síðasta vaxtaákvörðunardegi var boðuð veruleg lækkun vaxta í júní.**

**EFNAHAGSMÁL** Franek J. Rozwadowski, sendifulltrúi Alþjóðagjaldeyrissjóðsins, segir sjóðinn ekki telja svigrúm til frekari lækkana stýrivaxta. Á síðasta vaxtaákvörðunardegi Seðlabankans var boðuð veglega vaxtalækkun í júní.

„Stýrivextir á Íslandi eru ekki háir þegar búið er að leiðrétta þá gagnvart áhættu,“ segir Rozwadowski. Hann flutti erindi á ársfundi Samtaka fjármálafyrirtækja (SFF) í gær.

„Ef þið viljið að fólk haldi áfram fjárfestingum sínum í krónum er ljóst að leikinn yrði hættulegur leikur með því lækka stýrivexti of hratt og í of stórum skrefum,“ segir hann jafnframt.

Í viðtali við Fréttablaðið áréttar Rozwadowski að horfa verði á mögulega lækkun stýrivaxta í samhengi við markmið samkomulags ríkisins og AGS um aðgerðir í efnahagsmálum. Þá sé líka ljóst að á síðustu vikum hafi krónan gefið eftir og sé nú með veikasta móti eftir að fjármálakreppan brast á. „Við sjáum ekki að hægt sé að lækka stýrivexti frekar á þessu stigi. Varkárni er lykilatriði,“ segir hann og bendir um leið á að bið sé á að áhrif vaxtaákvarðana skili sér að fullu. „Veruleg lækkun upp á 250 punkta er nýafstaðin og við þurfum að sjá og meta áhrif hennar. Staðreyndirnar eins og þær blasa núna við ýta ekki undir frekari lækkun.“

Franek Rozwadowski áréttar þó að peningastefnunefnd Seðlabankans sé sjálfstætt stjórnvald. Spurningunni um hver áhrifin kunni að vera á samstarf stjórnvalda og AGS verði ekki tekið tillit til varnaðarorða sjóðsins geti hann ekki svarað. „Stýrivaxtastefnan er háð mati. Vonandi hefur nefndin í huga möguleg áhrif á gengi krónunnar. Áætlun stjórnvalda og AGS leggur áherslu á stuðning við hana.“

Að sögn Rozwadowski eru í fjölda tilvika á gjaldeyrismarkaði, þrátt fyrir gjaldeyrishöft, teknar ákvarðanir um hvort fólk heldur sig við krónur eða færir sig í annan gjaldeyri. „Og þar hafa stýrivextirnir áhrif. Eftir því sem vextirnir lækka eykst líka hvati til að fara framhjá þeim.“

Sjónarmið AGS, líkt og fram kom í ræðu Rozwadowski í gær, er að fyrir haustið eigi að vera hægt að aflétta að fullu gjaldeyrishöftum á nýjar fjárfestingar. „Þetta teljum við mikilvægasta þáttinn í að aflétta höftum á gjaldeyrismarkaði og lykilatriði í endurreisn efnahagslífsins. Þetta þýðir hins vegar ekki að öllum höftum verði aflétt. Eldri fjárfestingar verða áfram háðar hömlum.“ Þeim segir Rozwadowski hægt að aflétta eftir því sem gjaldeyrisstaða Seðlabankans batnar. Það gæti þó tekið alllangan tíma, tvö til þrjú ár.

Afnám hafta í haust hafi hins vegar snertiflöt við stýrivaxtastefnuna. „Hafi höftum verið aflétt og stýrivaxtastigið er þá ekki nógu hátt til þess að halda fjárfestingum í krónum, geta áhrifin orðið þeim mun meiri á gengi krónunnar. Mikilvægt er að koma sér ekki í þá stöðu að hafa gengið of langt.“

Rozwadowski segir áætlun AGS og ríkisins ganga út á að velja þá leið út úr vandanum sem minnstan tilkostnað hafi, en allar séu þær erfiðar. „Skoðunin sem fram kemur í áætluninni er að meiri kostnaður yrði af því að missa tökin á genginu og þar með verðbólgu. Allt er þetta spurning um að velja rétta leið og áætlun stjórnvalda leggur áherslu á að ná tökum á gengi krónunnar.“

Svein Harald Øygard seðlabankastjóri segir Seðlabanka Íslands hafa átt ágætar viðræður við AGS um stefnu í peningamálum. „Bankinn þekkir því sjónarmið sjóðsins vel og tekur mið af þeim og öðrum sjónarmiðum þegar staðan er metin. Ákvörðun um stýrivexti er tekin sjálfstætt af peningastefnunefndinni í samræmi við lögin um Seðlabanka Íslands,“ segir hann. olikr@frettabladid.is



**SFF-DAGURINN** Kaarlo Jännäri, finnskur bankasérfræðingur, flytur erindi á degi Samtaka fjármálafyrirtækja, í fundarsal Kaupþings í Borgartúni í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA


GRILLVERTÍÐIN
er hafin hjá fiskiprinsinum
Prinsaspjót - risarækjuspjót
forréttaspjót - XL humar nýveiddur
humarsúpa prinsins - nýlagað sushi
Veisla fyrir euruvison
HAFIÐ FISKIPRINSINN
Þú getur alltaf treyst á prinsinn
Hlíðasmára 8 • 201 Kópavogi • s: 554 7200
www.hafid.is


Athygli vakin á að smyglvopn og hjálpargögn eru flutt með sömu flugvélum í Afríku:

# Flest flugfélög í vopnasmygli

**STOKKHÓLMUR, AP** Sömu flutningaflugvélarnar og notaðar eru til vopnasmygls á átakasvæðum Afríku eru einnig notaðar til að flytja hjálpargögn fyrir alþjóðlegar hjálparstofnanir. Að þessari niðurstöðu er komist í nýrri skýrslu frá Alþjóðlegu friðarrannsóknastofnuninni í Stokkhólmi, SIPRI.

Samkvæmt skýrslunni eru níutíu prósent af þeim flugvélum sem staðnar eru að því að flytja ólöglegar vopnasendingar líka leigð af hjálparstofnunum Sameinuðu þjóðanna, Evrópusambandsins og aðildarríkja NATO, auk þekktra óháðra hjálparsamtaka.

„Verst er þetta í Súdan, þar sem öll þau fyrirtæki sem hafa komist á skrá hjá SÞ fyrir þátttöku í vopnasmygli hafa einnig verið notuð til að flytja hjálpargögn,“ segir Hugh Griffiths, einn höfunda skýrslunnar.

Talsmenn Alþjóða Rauða krossins og Lækna án landamæra brugðust strax við þessum niðurstöðum með því að segja það vera ógjörning að vita hvað þær flugvélar, sem leigðar væru til að flytja hjálpargögn, væru notaðar í þess utan.

SIPRI hefur sagt að flutningar með flugi gegni lykilhlutverki í dreifingu léttvopna til stríðandi aðila á átakasvæðum álfunnar. Í sumum tilvikum skipti hjálparstofnanir áfram við flugfélög sem sett hafi verið á bannlista vegna þátttöku í vopnasmygli. - aa



**VARPAÐ ÚR FLUGVÉL** Hjálpargögnum er varpað úr sömu vélum og eru notaðar til vopnasmygls. NORDICPHOTOS/AFP

# EUROVISION

## VERÐ FYRIR ÞIG

NÝTT KORTA TÍMABIL

Mesta úrvalið í Hagkaupum Smáralind, minna úrval í öðrum verslunum

### Olympus myndavél
FE45
- 10.7 MegaPixlar
- 3x Optical Zoom (36-108mm samb. 35mm)
- 1/2.33" CCD upptökuflaga
- Stór og skýr 2.5" TFT skjár
- Advanced Face Detection - Andlitsþekkjari
- Digital Image Stabilisation - Hristivörn
- Hreyfimyndataka með hljóði
- 12 stöðluð Scene modes
- Sjálfvirkt flass
- Red Eye Reduction - Fjarlægir rauð augu
- ISO: 100-1600
- Tekur xD og microSD kort



16.990kr FRÁBÆRT VERÐ

### United 19" LCD sjónvarp
TVD8819
- 19" 16:10 LCD skjár
- 12v og 220v
- Upplausn: 1440x900
- Innbyggður DVD spilari
- Aðgerðarhnappar á tækinu
- Textavarp
- Nicam stereó hljóðkerfi
- Sjálfvirk stöðvaleit
- Scart, Video, S-Video & VGA tengi
- Fjarstýring
- 12v kapall fylgir



49.990kr FRÁBÆRT VERÐ



### Panasonic þráðlaus sími
KXTG1311
- Þráðlaus DECT sími
- 1 línu LCD skjár með bakljósi
- 50 númera símaskrá með nöfnum
- Símnúmerabirtir fyrir síðustu 50 númer
- Klukka og dagsetning
- 17 tíma hleðsla í notkun og allt að 150 klst í bið
- Endurval í síðustu 10 númer

5.990kr FRÁBÆRT VERÐ

### Toshiba 32" sjónvarp
32AV555DG
- 32" 16:9 LCD sjónvarp
- HD-Ready
- Active Vision LCD
- Upplausn: 1366x768
- Progressive Scan
- Dýnamísk skerpa: 20.000:1
- Birtustig: 450 cd/m²
- 100Hz tæki
- TV uppskölun
- 2x 20w stereó SRS WoW hljóðkerfi
- DVB-T stafrænn móttakari
- Svartími: 4ms
- Digital Noise Reduction
- 2x HDMI, Component & 2x Composite tengi
- 2x Scart, S-Video & Phono output



129.990kr FRÁBÆRT VERÐ

### United 22" LCD sjónvarp
TVD8822
- 22" 16:10 LCD sjónvarp
- 12v og 220v
- Innbyggður DVD spilari
- Upplausn: 1680x1050
- Textavarp
- Nicam Stereó hljóðkerfi
- Sjálfvirk stöðvaleit
- Scart, HDMI, RCA, S-Video og VGA tengi
- Fjarstýring
- 12v kapall fylgir



79.990kr FRÁBÆRT VERÐ



### Toshiba DVD spilari
SD186
- DVD Spilari
- Progressive Scan
- Spilar DVD, DVD+R/RW, DVD-R/RW og (S)VCD og DivX
- Spilar CD, CD-R/RW og JPEG
- Dolby Digital og DTS
- Scart (með RGB), Component og CVBS tengi
- Digital Coaxial tengi
- Fjarstýring

11.990kr FRÁBÆRT VERÐ

### Philips DVD ferðaspilari
PET716
- Fjölkerfa DVD spilari
- 7" LCD breiðtjaldsskjár með 480x234 pixela upplausn
- Hristivörn
- Spilar DVD, DVD+R/RW, DVD-R/RW, (S)VCD, MPEG4 og DivX
- Spilar CD, CD-R/RW, MP3 og JPEG
- Dolby Digital
- AV út og heyrnartólstengi
- Hleðslurafhlaða fylgir sem endist í allt að 2 klukkutíma
- Spennir fyrir 110-240V - 50/60Hz og tengi í bíl fylgir
- Fjarstýring fylgir



29.990kr FRÁBÆRT VERÐ



19.990kr FRÁBÆRT VERÐ

### United DVD ferðaspilari DVP7046
• Fjölkerfa DVD spilari • 7" LCD breiðtjaldsskjár • Spilar DVD, DVD-R/RW, DVD+R/RW, og (S)VCD • Spilar CD, CD-R/RW, DivX (MPEG-4, DivX 3.11, DivX 4.x, DivX 5.x), MP3 og JPEG • Dolby Digital • AV út og heyrnartólstengi • Hleðslurafhlaða fylgir • Spennubreytir fylgir • Taska og bílhleðslutæki fylgir

Gildir til 21. maí eða á meðan birgðir endast.
Með fyrirvara um villur í texta.

HAGKAUP
Ein ferð betra verð



**ÚT Í GEIM** Geimferjan Atlantis hefur sig á loft frá geimferðamiðstöð NASA á Canaveral-höfða á Flórída á þriðjudag. Verkefni leiðangursins er viðgerð á Hubble-geimsjónaukanum.
FRÉTTABLAÐIÐ/AP

28.500 fjölskyldur með fasteignaskuld í neikvæðri eiginfjárstöðu í lok þessa árs:

# 40 prósent munu skulda umfram eign

**EFNAHAGSMÁL** Í þjóðhagsspá fjármálaráðuneytisins er gert ráð fyrir að húsnæðisskuldir 28.500 fjölskyldna verði meiri en verðmæti fasteigna þeirra í lok ársins 2009. Innan þess hóps er gert ráð fyrir að skuld umfram eign verði að meðaltali um 6,4 milljónir, alls um 182,4 milljarðar. Í árslok 2007 voru hins vegar um 7.500 fjölskyldur með um 3,1 milljón í neikvæðu eigin fé að meðaltali, alls 23,3 milljarða. Skuldir umfram eignir hafa því aukist um 159,1 milljarð á tveimur árum.

Samkvæmt spánni er gert ráð fyrir að allir þeir sem höfðu eiginfjárhlutfall undir 37 prósentum í árslok 2007 verði komnir með neikvætt eigið fé í árslok 2009, annars vegar vegna hækkunar skulda og hins vegar lækkunar húsnæðisverðs.

Á þessum tveimur árum er gert ráð fyrir að meðaleign í íbúðarhúsnæði lækki um 38 prósent að nafnverði, úr 15,7 milljónum í 9,7 milljónir. Það jafngildir um fimmtíu prósenta lækkun að raungildi.

**EIGINFJÁRHLUTFALL Í ÍBÚÐARHÚSNÆÐI**

| | 2007 | | 2009 | |
|---|---|---|---|---|
| Eiginfjárhlutfall (%) | Fjölskyldur | nettó eign (Ma) | Fjölskyldur | nettó eign (Ma) |
| 100 | 27.000 | 600 | 27.000 | 540 |
| 80-99 | 11.827 | 382 | 6.603 | 203 |
| 60-79 | 15.688 | 319 | 9.791 | 195 |
| 40-59 | 14.585 | 183 | 9.880 | 127 |
| 20-39 | 13.342 | 88 | 9.641 | 69 |
| 0-19 | 10.057 | 21 | 8.828 | 20 |
| Minna en 0 | 7.493 | -23 | 28.488 | -183 |
| Alls | 99.992 | 1.570 | 100.231 | 974 |
| Alls með skuld | 72.992 | 970 | 73.231 | 434 |

HEIMILD: ÞJÓÐARBÚSKAPURINN, VORSKÝRSLA FJÁRMÁLARÁÐUNEYTISINS

Í greiningunni kemur fram að reynslan bendi til að fasteignamarkaðurinn og skuldir heimilanna nái jafnvægi þegar tekjur taka að aukast á ný.
**- ss**


# Aðalfundur ÍFR 2009

Aðalfundur Íþróttafélags fatlaðra í Reykjavík verður haldinn laugardaginn 23.maí 2009 kl. 14.00 í íþróttahúsi félagsins að Hátúni 14.

**Dagskrá:**
1. Venjuleg aðalfundarstörf
2. Önnur mál

**Stjórnin**



Hringdu í síma
512 50 60
ef blaðið berst ekki


300 ný störf hafa orðið til:

## Hægt að fara í sjálfboðastörf

**VINNUMARKAÐUR** Meira en 300 ný störf hafa orðið til eða eru að verða til í sameiginlegu átaki Vinnumálastofnunar og atvinnulífsins á síðustu mánuðum.



**GISSUR PÉTURSSON**

Átak Vinnumálastofnunar og atvinnulífsins felur í sér að fyrirtæki, sveitarfélög, stofnanir og félagasamtök geta sótt um til Vinnumálastofnunar að stofnunin greiði hluta launa nýrra starfsmanna sem voru á atvinnuleysisskrá. Atvinnurekandinn greiðir starfsmanninum þá laun samkvæmt kjarasamningum en Vinnumálastofnun greiðir vinnuveitandanum grunnatvinnuleysisbætur og mótframlag í lífeyrissjóð.

Gissur Pétursson, forstjóri Vinnumálastofnunar, segir að störfin 300 séu mikið til útivistarverkefni, skógræktarverkefni og fleira af slíkum toga en einnig séu störf af öðru tagi. „Þarna eru verkefni sem þarf að sinna. Stofnanir, sveitarfélög og fyrirtæki sjá sér hag í því að láta vinna þau af því að þau fá þetta mótframlag,“ segir hann. „Svona verkefni geta oft leitt af sér framtíðarstörf.“
**- ghs**



**MANSRI HACHEM** Alsírbúinn hefur verið í hungurverkfalli í þrjár vikur. Hann hafði áður beðið í tvö ár eftir svari við beiðni sinni um hæli, sem var neitað.
MYND/VÍKURFRÉTTIR

# Morðfærslan tekin en ekki rannsökuð

**Skrif um að best væri að myrða hælisleitanda tekin út af Moggablogginu í gær. Höfundur stendur við orð sín. Lögreglan rannsakar yfirleitt ekki að fyrra bragði. Sjúkraflutningamaður biðjist afsökunar.**

**HÆLISLEITENDUR** „Sennilega væri öllum fyrir bestu að senda hann bara með næstu vél úr landi og ævilangt endurkomubann eða bara kúlu í hausinn og senda fjölskyldunni reikninginn,“ skrifar Hannes Adam Guðmundsson á Moggabloggið hinn 12. maí.

Hannes var að fjalla um hælisleitanda, Mansri Hachem, sem er í hungurverkfalli í Reykjanesbæ. Hannesi blöskrar að skattborgarar haldi lífi í manninum. Fáránlegt sé að veita hælisleitendum þjónustu, meðan Íslendingar þurfi að leita til hjálparstofnana. Færslan vakti nokkur viðbrögð, og voru flestar athugasemdirnar neikvæðar.

Mbl.is fjarlægði í gær færslu Hannesar. Hann hafði þá ítrekað að hann teldi „að það sé besta lausnin að nota kúlu“, þótt hann drægi síðar úr, eftir gagnrýni lesenda.

„Við vissum ekki af þessu fyrr en seinni partinn í gær [fyrradag],“ segir Ingvar Hjálmarsson, netstjóri hjá Mbl.is. Erfitt sé að fylgjast grannt með stórum hópi bloggara. Hannes þurfi nú að senda inn yfirlýsingu um að hann muni ekki skrifa fleiri slíkar færslur.

Hannes sjálfur telur Moggabloggið of félagshyggjusinnað. „Ég setti mína skoðun fram með þessum hætti og þá fara að birtast hótanir um lögsóknir og fleira frá lesendunum. En ég er hlynntur málfrelsi og læt mína skoðun standa,“ segir hann.

Sjúkraflutningamaður nokkur á Suðurnesjum skrifaði á dögunum á Fésbókarsíðu um hælisleitandann. „Held við ættum bara að negla frímerki á rassgatið á þessu liði og út með fyrstu vél til Órafarrillíu,“ sagði hann þar.



**JÓN GUÐLAUGSSON**

Jón Guðlaugsson, slökkviliðsstjóri á Suðurnesjum, segir að rætt hafi verið við sjúkraflutningamanninn. „Það er að vænta yfirlýsingar frá honum þar sem hann biðst velvirðingar á þessu og gerir það undir nafni,“ segir Jón, en nafn mannsins hefur ekki verið gefið upp hingað til.

Starfsmaðurinn verður ekki áminntur formlega, gangi þetta eftir. Honum sé treyst til að flytja hælisleitandann milli staða. „Þessi maður er að vinna hér á faglegum nótum og það er hægt að treysta honum til þess. Hann sér mikið eftir þessu.“

Samkvæmt upplýsingum frá Ríkislögreglustjóra eru líflátshótanir ekki rannsakaðar, nema þegar þær eru kærðar.

Sigríður Björk Guðjónsdóttir, lögreglustjóri á Suðurnesjum, segir að málið hafi ekki borist embættinu. „Almennt séð eru hótanir alltaf skoðaðar og trúverðugleiki þeirra metinn. En það er ekki heppilegt að við förum að segja frá hugsanlegum aðgerðum í einstökum málum.“

Í frétt Vísis um færslu sjúkraflutningamannsins stóð að lögreglumaður á Suðurnesjum, sem var ekki nafngreindur heldur, hefði lýst velþóknun sinni á færslunni. Sigríður segir að brugðist verði við skrifum lögreglumannsins, reynist þetta rétt.

**klemens@frettabladid.is**


Afmælisveisla Íþróttasambands fatlaðra í Krika

Sunnudaginn 17. maí fagnar Íþróttasamband fatlaðra 30 ára afmæli sínu en sambandið var stofnað þann dag árið 1979.

Af þessu tilefni verður afmælisfögnuður í Krika við Elliðavatn frá kl. 14 - 17 á sunnudag.

Lalli Töframaður mætir á svæðið kl. 15:00 og skemmtir gestum og þá verða grillaðar pulsur ofan í afmælisgesti.

Allir velkomnir

30
1979 ára 2009

www.ifsport.is

Görótt loftmengun á Spáni:

# Kókaín mælist í andrúmsloftinu

**SPÁNN, AP** Loftmengun er nokkuð hversdagsleg í borgum Spánar, en vísindamenn hafa nú greint innihald mengunarinnar á nokkrum stöðum og komist að óvæntri niðurstöðu.

Í loftinu sveima sumsé fíkniefni á borð við kókaín, amfetamín, ópíum, kannabis og lýsergíðsýru, sem er LSD.

Efnin finnast að vísu í afar litlu magni í andrúmsloftinu, en kókaínið þó sýnu mest.

Sá fyrirvari er þó gerður að sýnin voru tekin rétt hjá háskólum í Madríd og Barcelona og gæti verið að neysla stúdenta hafi haft áhrif á niðurstöðuna. **- gb**

Dómari fer á vettvang til að skoða aðstæður og ummerki eftir horfið stigahús:

# Ákært í stigamáli á Klaustri

**DÓMSMÁL** Sýslumaðurinn á Hvolsvelli er að gefa út ákæru vegna niðurrifs stigagangs í sameignarhúsi á Kirkjubæjarklaustri. Þegar er rekið einkamál vegna niðurrifsins fyrir Héraðsdómi Suðurlands og er dómari væntanlegur á vettvang í næstu viku.

„Ég kemst enn ekki inn í íbúðina,“ segir Jón Hlíðar Runólfsson, eigandi risíbúðar á efstu hæð þriggja hæða húsi á Klaustri. Einkahlutafélagið KBK, sem keypti hluti í byggingunni sitt hvoru megin við Jón, lét í fyrravor rífa stigahús sem lá að íbúð Jóns. KBK mun vera að innrétta veitingastað í húsinu. Sjálfur býr Jón á höfuðborgarsvæðinu en leigði íbúðina út undir starfsfólk hótelsins á Klaustri.

Jón segir réttinn vera sín megin. Samkvæmt eignaskiptasamningi hafi stigahúsið tilheyrt honum. Sýslumannsembættið á Hvolsvelli virðist vera sammála Jóni því verið er að gefa út ákæru, meðal annars fyrir eignaspjöll. Fyrir sitt leyti hefur Jón auk

**FRÉTTABBLAÐIÐ 19. JÚNÍ 2008** Upphaflega var sagt frá stigahúsdeilunni á Kirkubæjaklaustri í Fréttablaðinu í fyrrasumar.



Ófært í íbúðina eftir að stiginn var rifinn

Eigandi íbúðar á Kirkjubæjarklaustri segir að ekki sé hægt að komast í íbúðina eftir að stigi að innganginum var rifinn niður. Fyrirtækið KBK er með áform um atvinnurekstur í húsinu og stiginn var fyrir. KBK segir stigann ólöglegan.

**LÖGREGLUMÁL** Jón Hlíðar Runólfsson, eigandi íbúðar á Klausturvegi á Kirkjubæjarklaustri, hefur kært til lögreglunnar á Hvolsvelli að fyrirtækið KBK ehf. hafi látið fjarlægja stiga við fjölbýlishúsið sem íbúðin er í. Íbúðin er á þriðju hæð hússins og stiginn var eina leiðin til að komast að henni. KBK, sem áætlar að byggja upp atvinnurekstur í húsnæðinu, segir stigann hafa farið inn á sína eign og ekki hafa samræmst brunavarnarreglum.

„Ég er búinn að kæra þá til sýslumanns og lögreglu fyrir eignaspjöll. Þetta verður skaðabótamál. Það er verið að kveða til dómskvadda matsmenn til að meta stigann og skemmdirnar,“ segir Jón. „Þessi stigagangur og stigi hefur alltaf verið einkaeign okkar íbúðar. KBK keypti svo hér um áramótin og fannst þetta taka of mikið pláss og ...

þess rekið einkamál á hendur KBK. Hann krefst skaðabóta vegna niðurrifsins og tapaðra leigutekna.

„Það er ótrúlegt hvernig kerfið er. Þetta er búið að taka heilt ár og enn kemst enginn inn í íbúðina. Ég vil fá bætur og að stiginn verði endurreistur,“ segir Jón. **- gar**



**ATHYGLISVERÐ NEKT** Áhugasamur gestur virðist fyrir sér verkið Nekt nr. 2 á listasafni í Hong Kong í Kína. FRÉTTABLAÐIÐ / AP



**THOMAS CHOLMONDELEY** Hvíti baróninn í réttarsal. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Dómur vekur reiði:

# Átta mánuðir fyrir manndráp

**KENÍA, AP Keníabúar eru ævareiðir yfir vægum dómi sem aðalsmaður af enskum uppruna fékk fyrir að hafa drepið veiðiþjóf á landareign sinni.**

**Enskættaði baróninn Thomas Cholmondeley átti yfir höfði sér ævilangt fangelsi, en hlaut þess í stað átta mánaða fangelsisdóm.**

**Veiðiþjófurinn hét Robert Njoya og var svartur á hörund, en baróninn hvítur. Dómnum verður líklega áfrýjað.**

**Cholmondeley hefur setið í fangelsi síðan í maí 2006. Hann var upphaflega ákærður fyrir morð, en var dæmdur sekur um manndráp. Hann hafði árið 2005 skotið veiðivörð til bana á landareign sinni, en fallið var frá ákæru í því máli vegna skorts á sönnunargögnum. - gb**



**BARACK OBAMA** Bandaríkjaforseti hugsar sig tvisvar um. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Obama skiptir um skoðun:

# Vill nú stöðva birtingu mynda

**BANDARÍKIN, AP** Barack Obama Bandaríkjaforseti reynir nú að koma í veg fyrir að birtar verði ljósmyndir, sem sýna bandaríska hermenn misþyrma föngum.

Í síðasta mánuði sagðist Obama ekki ætla að standa í vegi fyrir því að myndirnar, sem eru 44 talsins, yrðu birtar 28. maí samkvæmt dómsúrskurði.

Obama skipti um skoðun eftir að hann sá myndirnar. Yfirmenn í hernum segja að birting myndanna geti skaðað starfsemi hersins í Afganistan og Írak.

Birting myndanna gæti einnig gert Obama erfiðara fyrir á fundi með múslimum í Egyptalandi í byrjun júní. **- gb**

**RÍKISKAUP**

## Ræstingaútboð ógilt

Kærunefnd útboðsmála hefur ógilt val Ríkiskaupa á tilboði Sólarræstingar ehf. í útboði á ræstingum fyrir Landspítalann í Fossvogi. Úrskurðarnefndin segir Ríkiskaup skaðabótaskyld ISS Íslandi ehf. sem kærði útboðið.





ÓDÝRT Í HAGKAUP
ÓDÝRT Í HAGKAUP
NÝTT KORTA TÍMABIL
finndu muninn!
ÓSPRAUTAÐAR KJÚKLINGABRINGUR
1.799 kr/kg.
Merkt verð 2.998.-
Ferskir KJÚKLINGAR
Án aukaefna
Ekki viðbætt vatn
Engin sykur
HREIN GÆÐI
ÓDÝRT Í HAGKAUP
584 kr/kg.
Merkt verð 899.-
Kjúklinga - hversdagssteik
2 tegundir
2.999 kr/kg.
Merkt verð 3.998.-
Nautalundir
frosnar
1.799 kr/pk.
Merkt verð 2.399.-
Svínalundssteikur
frosnar, 10x100g steikur
SPARERIBS
1.799 kr/pk.
Merkt verð 2.399.-
Jensen´s BBQ svínarif
tilbúin beint á grillið
Jói FEL
Frábærar grillsósur!
ÓDÝRT Í HAGKAUP
HRÁSALAT
199 kr/stk.
hrásalat
JÓI FEL BRAUÐSALÖT
299 kr/stk.
ÓDÝRT Í HAGKAUP
RISA SAMLOKUBRAUÐ
189 kr/stk.
ÓDÝRT Í HAGKAUP
PEPSI 2 LÍTRA
139 kr/stk.
Verð áður 192.-
SÚKKULAÐI SNÚÐUR
139 kr/stk.
DR. MARKENS KÓKOSVATN
389 kr/stk.
ÓDÝRT Í HAGKAUP
NÚÐLUR 3 TEG.
29 kr/pk.
IDOL NAMMI MIX
499 kr/pk.
24 Hagkaup
OPIÐ
ALLAN sólarhringinn
Skeifan & Garðabær
Gildir til 17. maí á meðan birgðir endast.

# Allt á grillið
## *í einni ferð!*

OPIÐ til 20 alla daga



ÓDÝRT Í HAGKAUP

**NAUTA PIPARSTEIK**
**1.979** kr/kg.
Merkt verð 2.998.-



**2.399** kr/kg.
Merkt verð 2.998.-

**Kjúklingagrillspjót**
2 tegundir



**1.874** kr/kg.
Merkt verð 2.498.-

**Lambagrillsteik**
úr úrbeinuðu læri



**2.999** kr/kg.
Merkt verð 3.998.-

**VSOP lambafile**
koníakslegið



**1.574** kr/kg.
Merkt verð 2.098.-

**Nautakótilettur**
að argentískum hætti



Sætar kartöflur m/timjan

Balsamikmarinerað grænmeti

Beikonfylltar kartöflur

Berjabomba m/kókosbollum

**20%** afsláttur við kassa

*Spennandi á grillið!*



SS GRILLSALAT **299** kr/stk.

KIRSUBERJA-TÓMATAR **271** kr/stk.

HRÍSKÖKUR LÍFRÆNAR **239** kr/pk.

HÁMARK PRÓTEINDRYKKUR **199** kr/stk.

ÓDÝRT Í HAGKAUP

RENÉ KAFFIPÚÐAR **259** kr/stk.

ÓDÝRT Í HAGKAUP

KLEINUR 10 STK. **259** kr/pk.

TÚNFISKUR 2 TEG **149** kr/stk.

EURO SHOPPER

GEETA'S MANGO CHUTNEY **299** kr/stk.
Verð áður 399.-

**HAGKAUP**
*Ein ferð betra verð*

**FBL-GREINING:** TALIBANAR OG PASTÚNAR

# Uppgjör í Pakistan

Pakistansher gerir nú harða hríð að herskáum talibönum í norðvesturhluta landsins, þar sem þeir höfðu lagt undir sig heilu héruðin. Hundruð þúsunda almennra íbúa hafa flúið átakasvæðin. Á þessum slóðum búa Pastúnar, en hvergi njóta talibanar meira fylgis en meðal þeirra.

### ■ Hverjir eru Pastúnar?

Pastúnar eru rúmlega fjörutíu milljón manna þjóð sem býr bæði í Pakistan og Afganistan, norðvestan til í Pakistan en suðaustan til í Afganistan. Pastúnar hafa frá fornu fari einnig verið kallaði Afganir, þótt landamæri Afganistans og Pakistans liggi nú þvert í gegnum heimkynni þeirra. Í Pakistan eru Pastúnar rúmlega 25 milljónir, og eru þeir næstfjölmennasta þjóðin þar í landi. Í Afganistan eru nærri fimmtán milljónir Pastúna, og þar eru þeir fjölmennastir þjóða og hafa lengi haft ráðandi stöðu.

### ■ Hverjir eru talibanar?

Talibanahreyfingin nýtur meira fylgis meðal Pastúna en annarra þjóða, bæði í Pakistan og Afganistan. Talibanar eru strangtrúaðir múslimar, sem vilja að lögum íslams verði fylgt með mun strangari hætti en almennt tíðkast meðal múslimaþjóða. Talibanahreyfingin varð til meðal ungra afganskra flóttamanna sem sóttu kóranskóla í Pakistan á síðustu tveimur áratugum síðustu aldar, þegar Rússar höfðu hertekið landið og borgarastyrjöld var skollin á. Talibanar fengu ríkulegan stuðning frá stjórnvöldum í Pakistan, Sádi-Arabíu og Bandaríkjunum til að berjast gegn Rússum í Afganistan.



### ■ Hve víðtækur er stuðningurinn?

Skoðanir Pastúna á talibönum eru þó afar skiptar. Almennt virðast Pastúnar leggja meira upp úr því að verja sjálfstæði sitt og lífshætti gagnvart utanaðkomandi valdi, hvort sem þar er um að ræða stjórnina í Pakistan eða erlenda hernámsliðið í Afganistan. Meðan talibanar standa uppi í hárinu á Bandaríkjamönnum njóta þeir stuðnings meðal Pastúna, en minni hrifning virðist vera fyrir því að láta vígasveitir talibana komast upp með að stjórna öllu í heimkynnum Pastúna.





www.eirvik.is

Sparaðu með Miele

Miele þvottavélar hafa verið framleiddar í yfir hundrað ár.
Miele þvottavélar eru framleiddar til að endast.

Íslenskt stjórnborð - Stórt hurðarop
Íslenskar leiðbeiningar - 20 ára ending

TILBOÐ

Þvottavélar - Verð frá kr. 154.995
Þurrkarar - Verð frá kr. 129.995

MOST TRUSTED BRAND 2008 · best brands 2008

Kynntu þér málið hjá sölumönnum Eirvíkur

EIRVÍK -hágæðaheimilistæki

Suðurlandsbraut 20, Reykjavík | Sími 588 0200 | www.eirvik.is


**FRÉTTAVIÐTAL:** Ocampo saksóknari alþjóðaglæpadómstólsins

# Hugsjónamaðurinn með hættulegustu óvinina

**Segja má að vegferð Luis Moreno Ocampo hafi verið mörkuð af fyrsta verkefni hans sem hlaut alþjóðlega athygli. Það var árið 1985 þegar hann var aðstoðarsaksóknari í frægum réttarhöldum í föðurlandi sínu Argentínu yfir Jorge Rafael Videla sem var einræðisherra á árunum 1976-1983. Átta aðrir voru dregnir fyrir dóm í þessum umfangsmiklu réttarhöldum en um fimmtán þúsund manns hurfu sporlaust í stjórnartíð Videla.**




**LUIS MORENO OCAMPO** Hann situr ekki auðum höndum í Haag. Hann vill láta reyna á hvort hægt verði að koma armi laganna yfir FARC-skæruliðana í Kólumbíu og gefin út handtökuskipun á forseta Súdans. Hann var aðstoðarsaksóknari við réttarahöldin yfir Videla einræðisherra Argentínu árið 1985.

Árið 2003 var hann skipaður saksóknari Alþjóðaglæpadómstólsins í Haag. Hann hefur ekki setið auðum höndum þar. Í mars síðastliðnum lét hann gefa út handtökuskipun á Omar al-Bashir, forseta Súdans, fyrir stríðsglæpi og glæpi gegn mannkyni. Forsetinn reynir þó að gera sem minnst úr því og reynir hvað hann getur að ferðast til landa í opinberum heimsóknum og láta þannig í veðri vaka að alþjóðasamfélagið gefi ekki mikið fyrir gjörninginn.

Ocampo verður heiðursgestur á málþingi á laugardagsmorgun um framfylgd alþjóðalaga er varða gróf mannréttindabrot og mannúðarlög. Það er á vegum Háskólans í Reykjavík og er haldið í Rauða salnum svokallaða í Verslunarskóla Íslands.

### Skylda að koma forsetanum fyrir dóm

Það er ekki oft sem forsetar eru dregnir fyrir alþjóðadómstóla. Almenningur í Kartúm, höfuðborg Súdans, mótmælir harðlega þessari ákvörðun og kallar Alþjóðadómstólinn „dómstól hvíta mannsins". Kemur ekki upp sú hugsun hjá þér hvort þú hafir verið full djarfur?

„Þetta er ekki spurning um það. Látum okkur nú sjá, af hverju er ekki stríð milli Alabama og Mississippi? Af því að það eru stofnanir í Bandaríkjunum. Af hverju er ekki stríð milli Þýskalands og Frakklands? Nú, af því að þau eru í Evrópusambandinu og heyra undir sömu stofnanir. Þetta er leiðin til þess að komast hjá stórátökum og þetta er hugsunin með Rómarsáttmálanum frá árinu 1998 sem Alþjóðaglæpadómstólinn vinnur eftir; að binda þjóðir saman í gegnum stofnanir. Hvað viðvíkur Darfúr þá var ég beðinn af öryggisráðinu um að rannsaka málið sem í fyrsta kasti sneri að Ahmad Muhammad Harun sem er með um fimmtíu ákærum um glæpi gegn mannkyni en Omar al-Bashir, forseti Súdans, neitar að framselja hann þannig að hann heldur áfram í embætti. Hvað á ég að gera? Ég er tannhjól í þessari stofnun sem er að rannsaka málefni Darfúr þar sem tvær milljónir hafa týnt lífi. Öll höfum við okkar hlutverk í þessum heimi og það er mín skylda að koma þeim fyrir rétt og það er það sem ég er að gera."

### Heillast af fórnarlömbunum

Það hlýtur að breyta heimsmynd manns að hafa þann starfa að ná með lagabókstafnum til manna sem hugsanlega eru ábyrgir fyrir pyntingum og morðum í þúsundatali. Er eitthvað í fari þessara manna sem hann telur þá eiga sameiginlegt? „Þeir eiga það allir sameiginlegt að þeir hafa tekið á sig þá ábyrgð að verja sinn hóp. Og til að verja hópinn sinn ráðast þeir á þann næsta sem er óvinurinn. Þar er hugsunarhátturinn sá sami svo aftur er reitt til höggs. Það er rót allra stríðsátaka að koma óvininum fyrir kattarnef. Þess vegna erum við með lög sem segja að við verðum að virða alla, jafnvel óvini okkar." En hefur þú séð eitthvað í fari þessara manna sem hefur jafnvel heillað þig? „Nei, ég heillast hins vegar af fórnarlömbunum sem þola harðræði þeirra."



**DIEGO MARADONA** Knattspyrnugoðið fékk Ocampo til að verja sig.
NORDICPHOTOS/GETTY

### Mamma, Maradona og réttlætið

En sjálfur hefur Ocampo fengið að kenna á því að mörkin milli óvinanna eru ekki alltaf klippt og skorin. Móðir hans var til dæmis fylgismaður Videla einræðisherra. Ocampo var aðstoðarsaksóknari í réttarhöldunum yfir honum og yfirheyrði um 800 manns til að varpa ljós á ódæði einræðisherrans. „Hún var á því að Videla hefði staðið vörð um sig og sinn hóp." Var það ekki erfitt fyrir þig að þið skylduð standa svona hvort sínum megin við þessa víglínu? „Nei, því hún skilur út á hvað réttarhöld ganga. Það er ekki verið að stinga mönnum inn fyrir að vera óvinir einhvers. Í réttarhöldum er borin virðing fyrir lögunum og fyrir þeim ákærðu. Þau sýna í reynd hvað virðing er. Móðir mín sagði líka við mig eftir réttarhöldin að henni hafi þótt vænt um Videla og það hefði ekki breyst en hins vegar væri hún sannfærð um það eftir allt saman að hann ætti að vera bak við lás og slá."

Ocampo hefur haft kynni af öðrum umdeildum landa sínum en hann varði eitt sinn Diego Maradona. „Maradona lenti í vandræðum með blaðamenn sem voru fyrir utan húsið hans og hann skaut á þá með loftriffli með þeim afleiðingum að einn meiddist lítillega." Ocampo hefur þó ekki mikinn áhuga á að ræða það mál, sem vissulega ber ekki jafn hátt og önnur viðfangsefni hans á ferlinum.

### Ísland sem Argentína án tangós

Við Íslendingar höfum ekki orðið fyrir barðinu á einræðisherrum eða vopnuðum sveitum. Það óréttlæti sem við kvörtum þó mest yfir þessi dægrin er að fáir viðskiptamenn hafa steypt þjóðinni í afar erfiða stöðu með framferði sínu síðustu ár með þeim afleiðingum að margir okkar meðbræðra eru á vonarvöl. Hvernig getur réttlætið náð fram að ganga í þessu tilfelli? „Ég ætla nú ekki að fara að dæma í máli sem ég þekki ekki til. En mér sýnist vandinn hafa verið sá að fjármálaheimurinn óx gríðarlega á stuttum tíma og því var engin yfirstjórn yfir honum. Spurningin er því hvernig hægt er að bæta yfirstjórn sem ekki er til; þar er ekki til nein alheimsstjórn en efalítið gæti okkar vinnulag hjálpað til í þeirri viðleitni að ná utan um fjármálaheiminn."

Hann kveðst ekki þekkja svo mikið til hér á Íslandi. „En þó veit ég að sjálfsögðu hver Eiður Guðjohnsen er. Svo ímynda ég mér eftir allar þær raunir sem þið hafið farið í gegnum síðustu misseri að Ísland sé eins konar Argentína, bara án tangós."



FRÉTTAVIÐTAL
JÓN SIGURÐUR EYJÓLFSSON
jse@frettabladid.is




Verslunin hættir.

**50% afsláttur**
af öllum vörum!

# TOUS

Paris · Tokyo · New York · Madrid · Barcelona · Shanghai · Miami · Mexico City · Hong Kong

**Smáralind**

## KAUPHÖLL ÍSLANDS [Hlutabréf]

**Fjöldi viðskipta:** 42 **Velta:** 118 milljónir

**OMX ÍSLAND 15**
252 **-0,79%**

**OMX ÍSLAND 6**
692 **+0,49%**

MESTA HÆKKUN
**ÖSSUR** 1,48%
**MAREL FOOD SYST.** 1,37%

MESTA LÆKKUN
**BAKKAVÖR** 1,54%

**HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU:** Alfesca 2,90 +0,00% ... Atlantic Airways 167,00 +0,00% ... Atlantic Petroleum 550,00 +0,00% ... Bakkavör 1,92 -1,54% ... Eik Banki 83,00 +0,00 ... Eimskipafélagið 1,00 +0,00% ... Føroya Banki 119,50 +0,00% ... Icelandair Group 4,50 +0,00% ... Marel Food Systems 59,20 +1,37% ... Össur 103,00 +1,48%

# viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

# *Peningaskápurinn ...*

### Danir fengu óblíðar móttökur

Gjaldþrot banka í heimalandi gera athafnamönnum víðar erfitt fyrir en á Íslandi. Viðskiptablaðið Börsen segir þannig ekki sléttar farir danska fjárfestisins Thomas Melskens, sem leita



þurfti að einhverum til að hlaupa undir bagga með um 150 milljónir króna (í íslenskum talið) eftir að hluthafi í gulltryggu verkefni fór á hausinn og gat því ekki staðið við skuldbindingar sínar. Thomas bukkaði á dyr hjá fjárfestingarfélögum á Wall Street en var hvarvetna vísað frá. Þegar hann fór að spyrjast fyrir þá reyndust þeir vestra búnir að bíta í sig að Roskilde Bank, sem fór á hausinn í fyrrasumar, hafi verið stærsti banki Danmerkur. Gekk því manna á milli að koma hvergi nærri dönskum verkefnum. Börsen segir fjárfestinn, furðu lostinn yfir því hvað sérfræðingar Wall Street byggja ákvarðanir sínar á lélegum upplýsingum, hafa þurft að leita annarra leiða. Það tókst með herkjum og TouchDiva tónlistarspilarinn nú á leið á markað í Kína.

### Betrunarvist?

Óviss staða tryggingafélagsins Sjóvár hefur verið nokkuð í fréttum upp á síðkastið. Í fyrra gaf forstjórinn, Þór Sigfússon, út bókina Betrun þar sem hann rekur aðkomu sína að tryggingafélaginu og hvernig megi bæta stjórnun með því að læra af mistökunum. Miðað við stöðu félagsins eftir skell eigandans Milestone í Svíþjóð má ætla að Þór, sem í tvö ár á undan var framkvæmdastjóri Viðskiptaráðs, hafi verið dæmdur til setu í forstjórastólnum á sínum tíma. Óvíst er hversu lengi betrunin á að standa yfir.



## Velta fyrir sér misskilningi

„Ljóst er að ef flytja má gengishagnað úr landi er það ekki í anda laga sem á að hefta útstreymi og opnar á marga möguleika til að fara á svig við lög um gjaldeyrishöft," segir í nýrri umfjöllun IFS Greiningar.

Í nýjustu Peningamálum, riti Seðlabankans, segir að lækki vextir umfram væntingar myndist gengishagnaður sem heimilt sé samkvæmt reglum að flytja úr landi.

IFS telur líklegra að um misskilning sé að ræða og telur að sé svo standi krafan á Seðlabankann að leiðrétta þann misskilning. „Og færa frekari rök fyrir háum vöxtum," segir í umfjölluninni. **- óká**

## Endurbættur vefur um sjóði

Sett hefur verið í loftið ný og endurbætt útgáfa vefsins sjodir.is. Á vefnum, sem er í eigu Creditinfo, er boðið upp á óháðan samanburð á ávöxtun verðbréfa- og fjárfestingarsjóða sem starfrækti eru af innlendum rekstraraðilum eða í umboðssölu hjá þeim.

„Meðal nýjunga á vefnum má nefna að nú er hægt að bera saman ávöxtun sjóða með grafískum hætti og skoða ávöxtun í annarri mynt en íslenskri," segir í tilkynningu.

Jafnframt kemur þar fram að á vefnum sé einnig að finna ítarlegar upplýsingar um skráða sjóði, yfirlit viðskiptafrétta frá helstu vefmiðlum og greinargott orðaog hugtakasafn tengt verðbréfaviðskiptum.

Vefurinn sjodir.is hóf göngu sína árið 2000 og hægt að nota sér þjónustuna endurgjaldslaust. **- óká**

# Sjóvá seld þegar lygnir á mörkuðum

„Við erum að vinna í því endurskipuleggja Sjóvá og uppfylla öll skilyrði um tryggingastarfsemi. Við reiknum með að skrifað verði undir fyrir lok næstu viku. Þegar aðstæður lagast seljum við tryggingafélagið í opnu söluferli," segir Árni Tómasson, formaður skilanefndar Glitnis.

Morgunblaðið sagði frá því í gær að eigið fé Sjóvár væri neikvætt upp á tíu milljarða króna, svo sem vegna verðfalls á eignum sem Milestone, fyrri eigendur tryggingafélagsins, hafi sett inn í félagið í tengslum við kaup á sænska fjármála- og tryggingafélaginu Invik árið 2007.

Þar á meðal eru fasteignir í Evrópu og Asíu auk hluta- og skuldabréfa. Fasteignirnar hafa lengi verið í leigu, þar á meðal hjá opinberum stofnunum erlendis og stórfyrirtækjum.

Árni segir fasteignarekstur og



ÁRNI TÓMASSON

tryggingastarfsemi Sjóvár verða aðskilin auk þess sem eignir verði teknar út úr rekstrinum í skiptum fyrir ríkisskuldabréf og aðrar traustar peningalegar kröfur. Árni, sem í gær var staddur í London í Bretlandi, gat í fljótu bragði ekki sagt til um hvað lækkun eignasafns Sjóvár væri mikil.

Sjóvá er eina tryggingafélagið sem ekki hefur skilað ársreikningi. Ljóst þykir að félagið uppfyllir ekki lágmarkskröfur um gjaldþol svo það geti starfað sem tryggingafélag. Gjaldþol fyrirtækisins í hitteðfyrra, það er hlutfall af eigin fé, var 4,8 sinnum hærra en lágmarksgjaldþol. Þá nam laust



**HÖFUÐSTÖÐVAR SJÓVÁR Í REYKJAVÍK** Aðskilja á fasteignarekstur og tryggingastarfsemi Sjóvar. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

fé rúmum 8,2 milljörðum króna. Það er nú nær þremur milljörðum, samkvæmt heimildum Fréttablaðsins. **- jab**



**MEÐ SONY-TÖLVU** Fyrirtækið sem meðal annars framleiðir PlayStation-leikjatölvur tapaði peningum í fyrra. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

## Sony skilar tapi

Japanska hátæknifyrirtækið Sony tapaði 98,9 milljörðum jena í fyrra. Árið áður ver hagnaður 369,4 milljónir jena. Tapið er engu að síður minna en sú svarta mynd sem stjórnendur höfðu dregið upp í skugga efnahagskreppunnar.

Rekstrartap í fyrra nam 227,8 milljörðum jena, sem er um sex hundruð milljarða verri afkoma en árið á undan.

Stjórn fyrirtækisins segir tapið, sem er það fyrsta í fjórtán ár, skýrast ekki síst af styrkingu jensins gagnvart helstu viðskiptamyntum, svo sem Bandaríkjadal, sem hefur komið harkalega niður á japönskum útflutningsfyrirtækjum. **- jab**

## Stjórnin óháð Íslandsbanka

Ný stjórn Íslandssjóða hefur tekið til starfa. Fyrirtækið er dótturfélag Íslandsbanka og rekur verðbréfa- og fjárfestingarsjóði.

Í tilkynningu bankans kemur fram að leitast hafi verið við að hafa stjórn Íslandssjóða óháða bankanum. „Því er einungis einn af fjórum stjórnarmönnum í aðalstjórn félagsins starfsmaður bankans," segir þar.

Í nýju stjórninni eru Ársæll Valfells viðskiptafræðingur, Bolli Héðinsson hagfræðingur, Elín Jónsdóttir lögfræðingur og Steinunn Bjarnadóttir, forstöðumaður reksturs og innra eftirlits Eignastýringar Íslandsbanka.

Varastjórn skipa Erna Eiríksdóttir, Kristrún Auður Viðarsdóttir, Reimar Snæfells Pétursson og Stefán Sigurðsson. **- óká**



# Heimilislegar hugmyndir úr eldhúsi Nönnu

**Nanna Rögnvaldardóttir færir þér uppskriftir að fjölbreyttum heimilismat; réttum sem hægt er að breyta á ýmsa vegu, eftir smekk og fjárhag hvers og eins eða bara eftir því hvað er í skápunum hverju sinni.**

**Nanna Rögnvaldardóttir áritar bók sína í Eymundsson í Suður-Kringlu á laugardaginn kl. 14:00-14:30.**

Bókin er uppfull af hugmyndum um hvernig nýtni og hagsýni koma að góðum notum við að gera einfaldan en skemmtilegan heimilismat.

JÓNSSON & LE'MACKS • jl.is • SÍA



*HVAÐ GET ÉG GERT VIÐ*

... TIMJAN?

Timjan er kryddjurt sem gott er að eiga í potti í eldhúsglugganum og getur enst nokkuð lengi þannig. Það endist einnig sæmilega í ísskápnum – lengur en ýmsar aðrar kryddjurtir. Annars er töluverður munur á því timjani sem keypt er í potti og er ungt og ferskt, með mjúkum stönglum, fremur bragðmilt og hentar best fyrir ósoðna rétti eða skamma eldun, og svo innfluttum, afskornum timjanstönglum sem yfirleitt eru trékenndir og blöðin bragðmeiri og henta betur fyrir langa suðu og steikingu. Ferskt timjan má nota í ótal rétti og þú getur t.d.:

*AFGANGAR*

Köld eggjakaka, skorin í sneiðar og borin fram t.d. með góðu salati og brauði – getur verið afbragðsgóður matur eins og hún kemur fyrir – jafnvel þótt hún hafi bara verið gerð úr afgöngum eða því sem til var í ísskápnum.

Svo geturðu gert eggjakökusamlokur, smurt gróft brauð eða góða brauðbollu með dálitlu majónesi eða smjöri og lagt salatblað, tómatsneiðar og sneiðar af kaldri eggjaköku ofan á.

Hitaðu eggjakökuafganginn og berðu ... fram með góðri kryddaðri tómatsósu, grænu ... brauði.

... eggjakökuafganginn í teninga ... steiktu á pönnu.

- *Sett það út í allskonar kjöt-, kjúklinga- og grænmetissúpur og pottrétti; það á sérlega vel við með tómötum og baunum og er ómissandi í baunasúpuna á sprengidaginn. Strjúktu annaðhvort blöðin af stilkunum eða settu þá heila út í og mundu svo eftir að veiða þá upp úr áður en rétturinn er borinn fram.*
- *Dreift nokkrum timjangreinum í steikingarfatið þegar þú ofnsteikir kartöflur og annað grænmeti, e.t.v. ásamt hvítlauksgeirum.*
- *Notað ferskt timjan í alls kyns maríneringar fyrir kjöt og fisk.*
- *Notað blöðin af potta-timjani í salöt og kaldar sósur og heilar greinar til að skreyta með.*
- *Blandað smátt söxuðu fersku timjani saman við brauðrasp þegar á að stei... hvað eða saman við ost í gratínré...*
- *Timjan hentar mjög ve... rétti.*




**4.290 kr.**

~~4.990 kr.~~

**á tilboði til 24. maí**

eymundsson.is

**Eymundsson**

*Bóksali frá 1872*

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Tímabær tiltekt í tannheilsumálum barna:

## Skattar og foreldrar

**JÓN KALDAL SKRIFAR**

Flest bendir til þess að tilveran verði beisk á ýmsa lund á næstu misserum. Þar á meðal í orðsins fyllstu merkingu, því verð á sykri stefnir hratt upp á við. Vegna uppskerubrests á Indlandi hefur heimsmarkaðsverð á sykri hækkað um fimmtíu prósent á nokkrum mánuðum og hefur fyrir vikið ekki verið hærra í þrjú ár. Þessu til viðbótar boðar Ögmundur Jónasson heilbrigðisráðherra sérstakan sykurskatt sem hann ætlar að leggja fyrir ríkisstjórnina í dag. Er skatturinn hugsaður sem liður í að bæta tannheilsu barna og unglinga.

Nú er hreint ekkert athugavert við að sælgætisgrísir landsins horfi fram á magra tíma. Hitt er annað mál að það er örugglega tálsýn að sykurskattur hafi eitthvað með tannheilsu ungmenna að gera þegar upp er staðið. Þar hafa aðrir þættir mun meiri áhrif.

Staðreyndin er sú að upp úr 1990 hafði tekist með þrotlausu forvarnarstarfi að stórbæta tannheilsu yngstu kynslóða Íslendinga. Var hún orðin um það bil jafn góð og jafnaldra þeirra á hinum Norðurlöndunum. Um miðjan síðasta áratug ákvað hins vegar þáverandi ríkisstjórn Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks að norræna heilbrigðismódelið í tannverndarmálum dygði ekki hér og ákvað að hætta að endurgreiða tannlæknakostnað barna að fullu.

Afleiðingarnar létu ekki á sér standa. Íslenskir krakkar eru nú með tvisvar sinnum fleiri skemmdar tennur en jafnaldrar þeirra í Svíþjóð. Er það arfleifð kerfisbreytingar Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks á sínum tíma.

Það er verðugt verkefni að koma skikk á tannheilsu barna og mikið gleðiefni að kominn sé í heilbrigðisráðuneytið ráðherra sem hefur það að hjartans máli. Ekki fer á milli mála að framlag hins opinbera er þar mikilvægt.

Hugmynd Ögmundar um sykurskattinn er hins vegar dæmi um að ákafinn hafi borið hann ofurliði. Íslendingar hafa lengi verið í efstu deild í heiminum í gosdrykkjaþambi, og hefur þó skattur aldrei verið lágur á þeim veigum. Þambið er miklu frekar einn af þjóðarósiðum okkar, líkt og að geta helst ekki farið á milli húsa nema akandi í einkabíl.

Í viðtali við Ríkisútvarpið í gær taldi heilbrigðisráðherra upp þá sem hann vill að samhæfi krafta sína í baráttunni við tannskemmdir barna. „Hér þurfa að koma að heilbrigðisyfirvöld, skólarnir og sveitarfélögin,“ sagði hann og gleymdi allra mikilvægasta hópnum; foreldrunum.

Auðvitað stendur það fyrst og fremst upp á foreldra að halda börnum sínum frá of miklum sætindum og að passa upp á að þau bursti í sér tennurnar. Það eru líka foreldrar þessa lands sem þurfa að taka upp betri siði í innkaupum á til dæmis drykkjarvörum fyrir heimilin.

En því miður vitum við einnig að ekki ráða allir foreldrar við hlutverk sitt. „Foreldrar sem ekki sinna börnunum teljast með mestu erfiðleikum sem börn eiga við að stríða í Svíþjóð,“ sagði Lena Nyberg, umboðsmaður sænskra barna, í merkilegu erindi í Norræna húsinu fyrir tveimur árum.

Þessi hópur barna þarf aukna hjálp frá þeim sem Ögmundur taldi upp. Skattur á sykur skiptir hann engu máli.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf.

**RITSTJÓRAR:** Jón Kaldal *jk@frettabladid.is* og Þorsteinn Pálsson *thorsteinn@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is*. Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. Issn 1670-3871




## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Þetta er mitt sæti!

Sigmundur Davíð Gunnlaugsson, formaður Framsóknarflokksins, er vissulega ósáttur við það að þurfa hugsanlega að sjá á eftir þingflokksherberginu til Vinstri grænna. Sjálfur á hann ekki margar minningar þaðan en hins vegar hefur flokkurinn verið lengi með herbergið og því hefur skapast löng hefð fyrir því að flokkurinn sitji þarna inni. Sjálfstæðismenn geta örugglega hugsað sér gott til glóðarinnar ef þessi málflutningur Sigmundar er að gera sig. Það er til dæmis löng hefð fyrir því að Sjálfstæðismenn hafi fleiri en sextán þingmenn.



### Hvað gera eyjarskeggjar í klandri?

Steingrímur J. Sigfússon reynir eftir fremsta megni að tala kjark í landann nú þegar svo illa árar. Sagði hann í ræðu á fundi Samtaka fjármálafyrirtækja í gær að hann vonaðist til að Íslendingar ynnu sig úr þessum vanda rétt eins og Eyjamenn gerðu eftir gosið. Minnti hann á að þeir fóru til baka og skófu öskuna af húsþökunum og hófust handa við enduruppbyggingu. En ekki þó allir því íbúar þar voru rúmlega 5.300 fyrir gosið 1973. Síðan þá hafa þeir aldrei komist yfir fimm þúsund. Það er hætt við að einhverjir fari af eyjunni að þessu sinni líka.

### Sætir tíðindum hjá Ömma

Ástarljóð prýða nú verslunarglugga á Laugaveginum. Bréfin fengust við söfnun á ástarbréfum og ástarjátningum. Sunna Dís Másdóttir, meistaranemi í hagnýtri menningarmiðlun við Háskóla Íslands, stendur fyrir henni í samvinnu við Landsbókasafnið. Ákaflega sætt myndu flestir segja. Því má hún prísa sig sæla að Ögmundur Jónasson er ekki kominn lengra í fyrirætlunum sínum. Hann vill koma skikki á tannhirðu barnanna, ætlar að leggja á sykurskatt og þykir það tíðindum sæta.



jse@frettabladid.is

## SPOTTIÐ




# Eignamat gömlu bankanna

**UMRÆÐAN**

Gunnar Tómasson skrifar um efnahagsmál



GUNNAR TÓMASSON

Í minnisblaði viðskiptaráðherra – Endurreisn fjármálakerfisins - sýn viðskiptaráðherra á verkefnin framundan – dags. 5. maí segir svo í 1. lið:

„Í ákvörðunum Fjármálaeftirlitsins frá því í október 2008 var kveðið á um að tilteknar eignir og skuldir færðust yfir frá gömlu bönkunum yfir í þá nýju. Í kjölfarið gerði Fjármálaeftirlitið samning við Deloitte LLP um að meta þær eignir og skuldir sem færðust á milli. Einnig gerði eftirlitið samning við alþjóða ráðgjafafyrirtækið, Oliver Wyman, til þess að hafa tilsjón með mati á eignunum. Fjármálaeftirlitið fól Deloitte LLP að byggja mat sitt á hugtakinu gangvirði, en skilgreining þess gerir ráð fyrir að nýju bankarnir haldi áfram starfsemi sem fullfjármagnaðir íslenskir bankar á innanlandsmarkaði og þurfi hvorki að losa eignir (eða gera upp skuldbindingar) í bráð né með nauðungarsölu. Niðurstöður matsins liggja nú fyrir og er nú verið að kynna þær hagsmunaaðilum í samræmi við stefnu þar að lútandi.“

Gangvirði („fair value“ á ensku) vísar til söluverðs eigna við ríkjandi markaðsaðstæður án tillits til upphaflegs kaupverðs eða nafnverðs, t.d. reyndist gangvirði eigna Glitnis í Noregi sl. október vera 10% af kaupverði 2004 og brezkur fjármálamaður bauð 5% í áhvílandi skuldir á eignum Baugs í Bretlandi á sama tíma. Þegar bankar fara á hliðina fara eignir þeirra á brunaútsölu, sbr. yfirtöku Bank of America á skuldum og eignum Merrill Lynch & Co. um síðustu áramót á 12% af gangvirði hlutabréfa fyrirtækisins í janúar 2007. Markaðurinn er harður húsbóndi eins og skuldsett heimili landsins sannreyna um leið og stjórnvöld bjóða þeim aðstoð í skötulíki. Hins vegar hafa íslenzk stjórnvöld slegið skjaldborg um hagsmuni erlendra og innlendra kröfuhafa á Gömlu bankana sbr. þær vinnureglur sem Fjármálaeftirlitið setti Deloitte LLP við mat á eignum þeirra og eiga ekkert skylt við gangvirði í merkingu þess hugtaks við ráðstöfun eigna gjaldþrota banka.

Höfuðstóll og skilmálar húsnæðislána Gömlu bankanna eru ótvírætt umfram greiðslugetu fjölda lántakenda. Það væri því glapræði fyrir Nýju bankana að yfirtaka slík lán skv. mati Deloitte LLP sem byggir á öðrum forsendum. Vandi stjórnvalda verður einfaldlega ekki umflúinn: skjaldborg verður ekki slegin samtímis um hagsmuni heimila landsins og kröfuhafa Gömlu bankanna. Hið sama er upp á teningnum varðandi skuldir sjávarútvegsfyrirtækja: Nýju bankarnir myndu verða nánast óstarfhæfir til langframa við yfirtöku skuldanna á margföldu gangvirði.

Mat á eignum Gömlu bankanna samkvæmt þeirri aðferðafræði sem Fjármálaeftirlitið fyrirskipaði myndi ofmeta eignir þeirra til hagsbóta fyrir erlenda og innlenda kröfuhafa um e.t.v. hundruð milljarða miðað við eignamat samkvæmt „fair value“ aðferðafræðinni. Leiðrétting á mistökum Fjármálaeftirlitsins og endurmat eigna Gömlu bankanna í samræmi við viljayfirlýsingu stjórnvalda til AGS myndi skapa samsvarandi svigrúm til að aðlaga greiðslubyrði heimila landsins af skuldum við bankakerfið að greiðslugetu þeirra.

*Höfundur er hagfræðingur.*

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál) *hdm@frettabladid.is* **MENNING:** Páll Baldvin Baldvinsson fulltrúi ritstjóra *pbb@frettabladid.is* **VIÐSKIPTARITSTJÓRI:** Óli Kr. Ármannsson *olikr@markadurinn.is* **HELGAREFNI:** Anna Margrét Björnsson *amb@frettabladid.is* og Sigríður Björg Tómasdóttir *sigridur@frettabladid.is* **ALLT OG SÉRBLÖÐ:** Emilía Örlygsdóttir *emilia@frettabladid.is* og Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* **ÍÞRÓTTIR:** Henry Birgir Gunnarsson *henry@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*



**BARBIE** var nýlega heiðruð af AAFA-samtökunum í Bandaríkjunum, American Apparel and Footwear Association. Á sama tíma voru heiðraðir aðrir hönnuðir og fyrirtæki á borð við Norma Kamali, Lily Pulitzer, Gilbert Harrison, Wolverine World Wide, Inc. og QVC.




**Sölufulltrúar** **Jóna María Hafsteinsdóttir** jmh@365.is 512 5473 **Hugi Garðarsson** hugi@365.is 512 5447






Næg ókeypis bílastæði við Perluna

**Súpubar 620 kr. • Salatbar 990 kr.**
**Súpa og salatbar á aðeins 1.430 kr.**

~ NÝBAKAÐ BRAUÐ FYLGIR MEÐ SÚPU- OG SALATBAR. ~

Í kaffiteríunni Perlunnar er hægt að fá alls kyns góðgæti á frábæru verði: Crépes, samlokur, pizzur og smurt brauð. Eins er hægt að fá heimatilbúinn ítalskan ís, alls kyns ísrétti, kökur og tertur.



Elfa Dögg Mahaney Rekstrarstjóri kaffiteríunnar

Komnar aftur!

Láttu **belgísku vöfflurnar** eftir þér, þær eru algjörlega þess virði. Nú enn betri með kanil auk vanillu.



Hringbrot

Veitingahúsið Perlan - *Sími* 562 0200 - *Heimasíða* www.perlan.is




Þorskur með kókos og súraldin með girnilegri kartöflumús að hætti Kristins Alfreðs. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Skapandi eldamennska

**Kristinn Alfreð Ferdinandsson hjá flugfélaginu Primera Air hefur gaman af matreiðsluþáttum en þaðan sækir hann helling af hugmyndum til að hressa upp á eigin eldamennsku.**

Flest sem ég elda er eitthvað sem ég set saman í kollinum á mér," segir Kristinn Alfreð Ferdinandsson, sem vinnur við þjálfun og skipulagningu flugáhafna hjá Flugfélaginu Primera Air.

„Ég reyni að notast sem minnst við matreiðslubækur, nema kannski til að ráðfæra mig um einstaka hluti. Ég hef hins vegar gaman af því að horfa á matreiðsluþætti þannig að það síast klárlega inn hugmyndir þaðan," segir hann.

„Þessi réttur á sér nú ekkert sérlega langa sögu," nefnir Kristinn. „Það má segja að hann hafi bara komið til mín upp úr þurru. En einn daginn langaði mig svo í þorsk en ekki þennan hefðbundna steikta þorsk með kartöflum og til varð þessi réttur," segir hann.

„Ég hef í seinni tíð borðað mikið meira af fiski en ég gerði sem unglingur," minnist Kristinn á og upplýsir að við hliðina á vinnustaðnum hans í Hlíðarsmára í Kópavogi sé dýrindis fiskbúð. „Ég á því hægt um vik að ná mér í ferskan fisk á leið heim úr vinnu," segir hann og notar tækifærið og hrósar strákunum í Fiskiprinsinum í hástert.

*vala@frettabladid.is*

## FRÍSKLEGUR ÞORSKUR

Með kókos og súraldini **FYRIR 2-3**

400 g þorskhnakki
2 msk. ólívuolía
125 ml kókósmjólk
safi úr einu súraldini (lime)
börkur af hálfu súraldini

*Þorskurinn er steiktur á pönnu í olíunni, 5 mínútur á hvorri hlið.*

*Bætið kókosmjólkinni, súraldinsafanum og berkinum út í eftir að fiskur hefur verið í 2 mínútur á seinni hliðinni og látið malla í smástund.*

*Stráið ferskum graslauk og grófum kókosflögum yfir réttinn.*



**Sæt kartöflumús**
500 g sætar kartöflur
2 msk. hlynsíróp
80 ml rjómi
hnífsoddur af salti
hnífsoddur af chilikryddi

*Hitið ofninn í 180°C.*

*Skerið kartöflunar í tvennt og pakkið þeim í álpappír og bakið þær í ofninum í 45-60 mínútur eða þangað til að þær eru eldaðar í gegn og vel mjúkar.*

*Skafið innivolsið úr kartöflunum og setjið í skál og bætið hlynsírópinu, rjómanum, saltinu og chilikryddinu við og hrærið létt í með handþeytara.*







# ;HELGIN

**ÞJÓNUSTUDAGUR TOYOTA** verður haldinn í fimmta sinn á laugardag. Þar geta allir Toyota-eigendur fengið bílinn þveginn frítt. Dagskráin stendur frá 11 til 15 í húsakynnum Toyota í Kópavogi, Reykjanesbæ, á Ísafirði, Selfossi og Akureyri. Þá er boðið upp á grill og gos.









TÓMSTUNDAHÚSIÐ

Savage dagurinn

Savage dagurinn, torfærukeppni fjarstýrðrabíla verður haldin **21. maí,** Uppstigningardag. Eknar eru þrautir líkt og í íslensku torfærunni. Keppt er eingöngu með HPI Savage bíla og fyrstu verðlaun er Savage Flux HP.
**Frekari upplýsingar í Tómstundahúsinu síma 5870600 og á sbki.is.**

Takk fyrir vatnið

907 2002

Hjálparstarf kirkjunnar
www.help.is




Erla Steinunn Guðmundsdóttir, Salóme Ásta Arnardóttir og Örn Guðmundsson syngja öll saman í Vox Academica en auk þess eru þau tengd ættarböndum þar sem Salóme er dóttir Arnar og Erla dóttir Salóme. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Þrír ættliðir saman í kór

**Kórinn Vox Academica flytur eitt af stórvirkjum tónbókmenntanna, h-moll messu Bachs, í Langholtskirkju 16. maí næstkomandi. Svo skemmtilega vill til að þar syngja þrír ættliðir saman.**

„Við höfum verið þarna þrír ættliðir saman í kór síðan í haust,“ segir Salóme Ásta Guðmundsdóttir heimilislæknir, sem syngur í kórnum Vox Academica ásamt föður sínum og dóttur.

„Pabbi minn, Örn Guðmundsson, byrjaði í haust og dóttir mín, Erla Steinunn Guðmundsdóttir, byrjaði þá líka en ég var búin að vera lengur í þessum kór,“ segir Salóme Ásta. Svo skemmtilega vill til að foreldrar hennar kynntust í kórastarfi. „Pabbi og mamma kynntust í Pólýfonkórnum árið 1958 og ég fæddist nokkrum árum síðar. Svo kynntist ég mínum manni líka í kór en við hittumst í Hamrahlíðarkórnum og þá fæddist Erla Steinunn nokkrum árum seinna,“ segir hún og hlær. „Þetta hefur því verið mjög dramatískt kórastarf hjá okkur og afdrifaríkt. Nú er bara spurning hvað gerist hjá dóttur minni.“

Salóme Ásta viðurkennir að gaman sé að stunda kórastarfið saman. „Ég og dóttir mín erum samferða á kóræfingar og ég hitti pabba oftar núna en annars. Að mörgu leyti er þetta því þægilegt og gaman að þessu.“

Um þessar mundir æfir kórinn eitt af stórvirkjum tónbókmenntanna en Vox Academica flytur ásamt einsöngvurum og hljómsveit h-moll messu Bachs í Langholtskirkju laugardaginn 16. maí næstkomandi. „Þetta er gríðarstórt verk og höfum við æft síðan rétt eftir jól. Verkið er mikil upplifun og frábært að fá að kynnast því. Þetta er eitt af mögnuðustu verkum tónbókmenntanna að mínu mati,“ segir Salóme Ásta heilluð. Kammersveitin Jón Leifs Camerata leikur með kórnum og stjórnandi er Hákon Leifsson. Kórnum til fulltingis er einvalalið einsöngvara: Hlín Pétursdóttir Behrens sópran, Ingunn Ósk Sturludóttir mezzósópran, Gissur Páll Gissurarson tenór, Ágúst Ólafsson barítón og Jóhann Smári Sævarsson bassi. Miðaverð er 4.000 krónur og fást miðar í forsölu hjá 12 Tónum og kórfélögum en einnig er hægt að panta miða með því að senda tölvupóst á voxacademica@gmail.com eða fara á heimasíðu kórsins www.voxacademica.net. Einungis er um eina tónleika að ræða. „Kórinn er ekki á neinum styrkjum þannig þetta þarf að greiðast upp með sölu aðgöngumiða og kostnaðarsamt er að setja upp marga tónleika,“ segir Salóme Ásta og hvetur sem flesta til að nýta sér tækifærið og hlýða á hina glæstu tónsmíð Bachs. „Hver einasta kóræfing verður eiginlega eins og lítil hugleiðslustund. Verkið krefst heilmikillar einbeitingar og fyrir mig, sem vinn ekki við tónlist dags daglega, er þetta mikil upplifun. Hins vegar er mikið af tónlistarfólki í kórnum sem hjálpar okkur hinum mikið,“ segir hún og brosir.

*hrefna@frettabladid.is*

## Íþróttasamband fatlaðra á tímamótum

ÞRJÁTÍU ÁR ERU LIÐIN FRÁ STOFNUN ÍÞRÓTTASAMBANDS FATLAÐRA OG VERÐUR TÍMAMÓTUNUM FAGNAÐ Á SUNNUDAG.

Íþróttasamband Íslands var stofnað 17. maí árið 1979 og er því þrjátíu ára í ár. Af því tilefni verður opið hús í Krika við Elliðavatn (húsi Sjálfsbjargar) á sunnudaginn frá klukkan 14 til 17. Veitingar verða í boði og eru allir velkomnir. Lalli töframaður mætir í afmælisveisluna klukkan 15 og skemmtir gestum.

Í dag hefst einnig Sambandsþing ÍF á Radisson SAS Hóteli Sögu og lýkur annað kvöld. Þar verða meðal annars heiðraðir íþróttamenn sem hafa unnið til verðlauna á stórmótum.



Frá nýárssundmóti barna og unglinga í janúar. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN


Masaman karrý er vinsælasta gula karrýblandan frá Tælandi og er gjarnan notuð með kjúklingi og kartöflum. Þessi blanda af karrý er einkar ljúf og mild.

THAI-CHOICE

Toppurinn frá Thailandi




Kjúklingur í Masaman karrýsósu

1 dós Thai Masaman Curry sósa (290g)
1/2 dós Thai Choice kókosmjólk (200g)
250g kjúklingabringa skorin í strimla
100g grænmet
(t.d. paprika, gulrætur, spergilkál og sveppir)

Steikið kjúklinginn og grænmetið á pönnu við háan hita í 3-4 mín. Bætið Thai Masaman Curry sósuni og kókosmjólkinni út í og eldið þangað til kjötið er full eldað (ca. 4 mín.) Í dósinni eru nokkrir kartöflubitar sem upplagt er að stappa saman við sósuna til að þykkja hana áður en hún er sett á pönnuna.

Berið fram með Jasmine hrísgrjónum eða Thai Choice núðlum.

**PAULINA PORIZKOVA** verður ekki dómari í næstu þáttaröð America's Next Top Model. Paulina segir að henni hafi verið sagt upp í gegnum síma á afmælisdaginn sinn. Ástæðuna fyrir uppsögninni sagði hún þá að verið væri að skera niður kostnað.



# Hár í takt við tímann

**Leikarar þurfa að leggja ýmislegt á sig til að vera trúverðugir í hlutverkum sínum. Stundum felst það í því að þeir verða að klippa hárið og greiða það á misfallegan hátt.**

Á kvikmyndasíðu MSN-vefsíðunnar má finna ýmis skemmtileg myndaalbúm. Í einu þeirra eru birt dæmi yfir ljótustu hárgreiðslur kvikmyndasögunnar. Ýmsir frægir leikarar, sem þykja kynþokkafullir, geta breyst í gamalmenni, nirði eða harðsvíraða glæpamenn með því einu að skipta um hárgreiðslu eins og þessi dæmi sýna.



Ljót greiðsla sem gerir illan mann verri. Javier Bardem í No Country for Old Men.



Í kvikmyndinni Mermaids er Cher með greiðslu í anda sjöunda áratugarins.



Kevin Costner með vindþurrkað hár og sítt að aftan í Robin Hood.



Bill Murray greiðir hárlufsurnar yfir skallann í kvikmyndinni Kingpin.



Nicolas Cage lék þunnhærðan kvíðasjúkling í myndinni Adaptation.



Hárgreiðsla Tom Hanks í Da Vinci Code fór í taugarnar á mörgum.



Sannkallaðar blómarósir sýndu kjóla eftir hinn unga Madoka Asano. NORDICPHOTO/AFP

# Frumlegar flíkur

**Ungir japanskir hönnuðir öttu kappi í So-en tískukeppninni á vegum tískuháskólans Bunka.**

So-en tískukeppnin fór fram í Tókýó á dögunum en keppnin er haldin á vegum tískuskólans Bunka. Þar sýndu ungir japanskir hönnuðir það sem í þeim býr og bar margt frumlegt þar fyrir sjónir.

Bunka-tískuskólinn er virtur japanskur skóli þar sem kennd er tískuhönnun og aðrar skyldar greinar.

Fyrsti vísir að skólanum varð til árið 1919 þegar Isaburo Namiki stofnaði lítinn skóla þar sem ungum stúlkum var kennt að sauma vestræn föt.

Nafni skólans var breytt í Bunka árið 1936 og þá var einnig, á vegum skólans, farið að gefa út fyrsta tískutímarit Japans, So-en, sem er einmitt nafnið á keppninni sem haldin er árlega.

Nokkrir þekktir hönnuðir hafa útskrifast úr skólanum, til dæmis Kenzo Takada, Junya Watanabe og Yohji Yamamoto. *- sg*



Þessi stúlka ber hryggjarsúlu á bakinu á sýningu Takumasa Akamaru.



# föstudagur

FYLGIRIT FRÉTTABLAÐSINS 15. maí 2009



## ALDREI HÆGT AÐ GEÐJAST ÖLLUM

Ragnhildur Magnúsdóttir, dagskrárgerðarkona á Bylgjunni, um það að vera ættleidd, talin skrítin og manninn sem núllstillir hana

## JÓNÍNA FÆR VERÐLAUN

Forsætisráðherrafrúin hlýtur viðurkenningu fyrir hinsegin bókmenntir

## KÁPURNAR SLÁ Í GEGN

Hera Harðardóttir kom frá Köben með nýstárlega hönnun.

## SUNNUDAGAR Í LONDON

Tískuljósmyndarinn Saga Sigurðardóttir um uppáhaldsborgina sína





SUMARTILBOÐ

UNITED MEDIA SPILARI 720/1080i

United HD MMP 9530

720P/1080i HD 3.5" margmiðlunarspilari með 640GB WD Greenpower hörðum diski, HDMI, Optical og Composite tengjum, innbyggðum SD/MMC kortalesara ásamt USB Uplink. Fullkomin fjarstýring og aðgerðatakkar á framhlið.

Kr. 27.950

WD 640GB DISKUR

SÆKTU EÐA FÁÐU SENT • SENDINGARKOSTNAÐUR AÐEINS KR. 750 HVERT Á LAND SEM ER • VERSLUN Í BÆJARLIND 1-3 • 201 KÓPAVOGI • SÍMI 569 0700 • WWW.ATT.IS

@tt.is
Allt tölvutengt á betra verði

# núna
✻ tíska, fólk og tíðarandi



## SIGRÚN EÐVARÐSDÓTTIR EIGANDI VERSLUNARINNAR SYSTRA

helgin MÍN

Á föstudagskvöld horfum við á skemmtilega fjölskyldumynd, fáum okkur popp, smá bland í poka og höfum það rosa gaman. Ég er mjög spennt fyrir laugardagskvöldinu enda er mikill áhugi á Eurovision á mínu heimili. Við hjónin ætlum að horfa á keppnina í góðra vina hópi. Ætli við skellum okkur ekki í bíó á sunnudaginn og ég held að Hannah Montana-myndin sé efst á óskalistanum að þessu sinni.



### Jónína Leósdóttir hlýtur Vorvindaviðurkenninguna

Rithöfundurinn og forsætisráðherrafrúin Jónína Leósdóttir mun á sunnudag veita viðtöku árlegri viðurkenningu Ibby á Íslandi – Vorvinda. Félagið hefur veitt einstaklingum og stofnunum þessa viðurkenningu fyrir framlag til barnamenningar á Íslandi. Jónína hefur skrifað skáldsögur, leikverk, æviminningabækur og starfað við blaðamennsku. Síðustu árin hefur hún hins vegar gefið barnabókmenntum aukinn gaum en fyrstu unglingabókina gaf hún út árið 1993. Árið 2007 kom svo bókin Kossar og ólífur út og í fyrra leit Svart og hvítt dagsins ljós. Þessar tvær bækur hafa hlotið mikið lof en þær má flokka undir hinsegin bókmenntir.

þetta HELST

### Jóhanna Guðrún kom Manúelu Ósk á óvart

Mikill spenningur er fyrir Eurovision á laugardaginn og margir sem hugsa hlýtt til Jóhönnu Guðrúnar enda hreif hún mann og annan með frábærri frammistöðu á þriðjudagskvöldið.



Íslendingar erlendis eru þar ekki undanskildir og Manúela Ósk Harðardóttir skrifar á blogginu sínu að Jóhanna hafi komið henni „svo mikið á óvart að ég á varla til orð. Kannski vegna þess að í hausnum á mér lítur hún einhvern veginn svona út“ segir Manúela og birtir mynd af Jóhönnu kornungri og rifjar upp tímann þegar Jóhanna söng með Georg og Masa í Söngvaborg 2.

Svokallaðar „töskukápur“ Heru Harðardóttur hafa slegið rækilega í gegn

# KVIKNAÐI Á LJÓSAPERU

Hera Harðardóttir er nýkomin frá Kaupmannahöfn þar sem hún bjó í heil átta ár, og í farteskinu kom hún með afar skemmtilega flík sem er í senn léttur jakki og smart hliðartaska.

Hera lærði fatahönnun ytra og hefur starfað sem slíkur síðan hún útskrifaðist árið 2005. „Fyrst eftir skólann stofnaði ég fatamerki sem hét „Address“ með dönskum hönnuði. Við gerðum þrjár fatalínur en hættum samstarfinu eftir haust/vetur 2007. Það var ótrúlega skemmtilegt og lærdómsríkt en ég fór svo aftur í nám og kláraði BA í Business Administration síðasta vor.“ Hera segist hafa verið mun lengur í Danmörku en hún ætlaði sér og ákvað loks að snúa aftur heim. „Ég bjóst hins vegar við því að þessi kreppa yrði mun vægari en kom í ljós eftir að ég var flutt með heilan gám til Íslands. Nú er ég að bíða eftir svari um inngöngu í mastersnám í Kaupmannahöfn, kannski flyt ég þá aftur þangað í haust ef ég kemst inn.“

Eftir að Hera hafði hannað töskukápuna fann hún gamla skissubók með sömu hugmynd, skissu sem hún hafði steingleymt. „Þarna hafði ég skrifað töskujakki og teiknað ljósaperu fyrir framan. Þarna hef ég fengið hugmyndina og haft hana í undirmeðvitundinni í svona mörg ár.“ Kápurnar hennar Heru hafa vakið mikla athygli enda störsnjöll hugmynd. „Konur eru vanar að þurfa að burðast um með yfirhöfnina innandyra, til dæmis ef maður fer að versla eða í kokteilboð eða á opnanir. Það tekur enga stund að breyta kápunni minni í fallega tösku.“

Hægt er að nálgast flíkina í Nakta apanum í Bankastræti og hún verður væntanleg í fleiri verslunum á Laugaveginum á næstunni. „Það er ein búð í Kaupmannahöfn með hana núna en þetta er allt á byrjunarstigi eins og er. Það er hægt að fá hana einfalda eða tvöfalda eða snúa henni á röngunni, en hún kemur í alls konar litum og efnum.“

Hera ætlar svo til New York í sumar til þess að athuga möguleika á sölu þar. „Mér finnst mjög margt flott að gerast í fatahönnun á Íslandi en mér finnst að það mætti efla íslenska hönnun og útflutning á henni enn frekar.“

*amb@frettabladid.is*





**Ágústa Hera Harðardóttir hönnuður í töskukápunni** „Ég bjóst við að þessi kreppa yrði vægari þegar ég ákvað að flytja heim.“ FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

## Litríkir og sexí

Skórnir Kron by KronKron eru hugarfóstur Hugrúnar Árnadóttur og Magna Þorsteinssonar í tískuveldinu KronKron en fyrstu týpurnar litu dagsins ljós fyrir nokkrum mánuðum. Hönnunin, sem er eftir þau hjónin, er fullkomlega í anda KronKron, tímalaus, skemmtileg, litrík og kvenleg. Skórnir eru hundrað prósent íslensk hönnun en framleiddir í borginni Elda á Spáni sem er þekkt fyrir skóframleiðslu. Nýjustu skórnir frá Kron by KronKron eru með mjög háum og flottum hæl og í glaðlegum sumarlegum litum eins og sítrusgulu, skærbláu, bleiku og rauðu.

*- amb*



✻ augnablikið



**GLÆSILEG** Bandaríska leikkonan Robin Wright-Penn ljómaði á kvikmyndahátíðinni í Cannes í vikunni en hún er að skilja við Sean Penn.




## LONDON

BORGIN mín

### Saga Sigurðardóttur tískuljósmyndari

***MORGUNMATURINN:*** Te og kex.

***BESTA KAFFIÐ:*** Kaffi mokka með auka súkkulaðiskeið á 1001 kaffihúsinu á Brick Lane.

***HVERNIG ER BEST AÐ EYÐA DEGINUM?*** Bestu dagarnir eru í góðu veðri með góðu fólki í einhverjum af görðunum hérna í London. Sunnudagar á Brick Lane eru yndislegir. Á daginn finnst mér æðislegt að fara á listasöfn eins og Photographers gallery og sitja á kaffihúsum og skoða bækur og blöð.

***BEST GEYMDA LEYNDARMÁLIÐ?*** „Vintage fair“ í Hammersmith á sex vikna fresti. Svo falleg föt eru seld þar að ég táraðist fyrst þegar ég kom þangað inn! Svo er það RD Franks sem er á einni hliðargötu Oxford Street. Þar er besta úrvalið af tímaritum, mér líður eins og lítilli stelpu í nammilandi þegar ég fer þangað inn. Holland Park og Hampstead Heath eru uppáhaldsgarðarnir mínir hérna í London.

***LÍKAMSRÆKTIN:*** Hlaupa um á háum hælum til að ná lestinni á morgnana með þunga myndavélatösku.

***BESTI SKYNDIBITINN:*** Yo sushi!

***RÓMANTÍSKT ÚT AÐ BORÐA?*** Þar sem ég er námsmaður erum við kærastinn minn dugleg að elda heima, enda er gott hráefni frekar ódýrt hérna í London.

***BEST AÐ EYÐA KVÖLDINU?*** Í trylltum dansi í „fabulous“ tískupartíum.



**föstudagur**
**Útgáfufélag** 365 miðlar ehf. **Forsíðumynd** Arnþór Birkisson **Útlitshönnun** Kristín Agnarsdóttir **Ritstjórn** Anna Margrét Björnsson. **Auglýsingar** Sigríður Dagný Sigurbjörnsdóttir *sigridurdagny@365.is sími 512 5462* **Föstudagur** Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík, sími 512 5000



HÁ HIRSLA **5.990,-**

BREIÐ HIRSLA **6.990,-**

## Goa húsgögn
margnota hirslur úr hnotu á lágu verði!

TAUKARFA **4.990,-**

**ýmis tilboð í verslun**

### VERÐDÆMI Á SNYRTIVÖRUM
andlitskrem 1.190,-
augnkrem 1.290,-
líkamshreinsir 990,-
andlitshreinsir 790,-
sjampó 500 ml 790,-
hármaski 790,-

### YES TO CARROTS
Gulrætur eru fullar af A-vítamíni og er það m.a. nauðsynlegt fyrir sjón, frjósemi, ónæmiskerfið, slímhimnur og vöxt ...

### YES TO CUCUMBER
Agúrkur eru ríkar af C vítamíni og það eykur td. nýtingu járns úr fæðunni. Í C-vítamíni er andoxunarefni og sem slíkt hjálpar það til að við halda frumunum heilbrigðum.



## Púðar 70% afsláttur

PÚÐAR frá **777,-**



# the PIER

## Við komum stöðugt á óvart!
Snyrtivörur á verði sem fáir leika eftir ...

Smáratorgi 3 / 201 Kópavogi / sími: 522 7860 / / Korputorgi / 112 Reykjavík / sími: 522 7870

# MARGIR HÉLDU AÐ ÉG VÆRI STÓRS

**Ragnhildur Magnúsdóttir dagskrárgerðarkona á Bylgjunni segist aldrei hafa skilið hugtakið að vera „pakkað inn í bómull“. Fyrir henni hafi lífið verið háð stöðugum breytingum, flutningum og að læra á nýtt umhverfi. Ragnhildur segir frá upplifun sinni af því að vera ættleidd, manninum í lífi hennar sem núllstillir hana og því að „þykja skrítin“.**

*Viðtal:* **Júlía Margrét Alexandersdóttir**
*Myndir:* **Stefán Karlsson**



**ÓVENJULEG FJÖLSKYLDUSAGA** „En í raun og veru hefur þetta alltaf verið svolítið skrítið. Ég á blóðtengsl við fólk sem ég þekki mjög lítið en svo er fólkið sem er mér mjög nátengt ekki blóðskylt mér. Ég þekki auðvitað ekkert annað og finnst að þetta eigi bara að vera svona,“ segir Ragnhildur Magnúsdóttir um það að vera ættleidd.

Ragnhildur Magnúsdóttir er ein þeirra sem glæða einsleitt mannlífið á Íslandi lífi. Enda ólst hún upp í Bandaríkjunum og margir sem hitta hana verða hálfhissa á því hve opin hún er. Ragnhildur segir að fyrst eftir að hún flutti heim hafi það tekið hana tíma að skilja að hennar Kanafas þætti stuðandi. „Ég er ekki eins opin og þegar ég flutti fyrst til Íslands. Þá var ég bara: „Halló, góðan daginn, nice to meet you,“ – við alla. Svo eftir ítrekuð óvinsamleg viðbrögð hugsaði maður: Íslendingurinn vill þetta ekki. Fólk vill ekki að maður sé svona opinn. Margir héldu að ég væri bara stórskrítin. Það var svolítið sjokk fyrir mig því ég kunni ekkert annað en að heilsa öllum, taka í höndina á fólki og stundum faðmaði maður fólk sem maður var bara búinn að hitta tvisvar. En ég hugsa að fas mitt tengist ekki bara því að vera alin upp í Ameríku. Þetta er held ég mun frekar tengt sjálfsbjargarviðleitni. Ég kann svo vel að byrja upp á nýtt, redda mér og sjá um mig. Ég fór að heiman fimmtán ára og hef flutt og skipt um skóla oftar en ég kann tölu á að koma. Fas mitt kemur mikið til út af því að þurfa endalaust að byrja upp á nýtt í framandi aðstæðum.“

## KANAMELLAN Í KÓPAVOGI

Átta ára gömul flutti Ragnhildur frá Stykkishólmi og bjó eftir það í Kaliforníu þar til hún flutti heim fyrir átta árum. Hún var að vísu á þónokkru flakki og flutti meðal annars í Kópavoginn á fermingarárinu. Það var ekkert sérstök reynsla að sögn Ragnhildar og hún fór aftur út. „Það var kannski ekki eins algengt á þessum árum að krakkar væru mikið erlendis, við krakkarnir sem höfðum búið mikið úti lentum í þessu. Ég var til dæmis einfaldlega kölluð Kanamellan í Kópavogi,“ segir Ragnhildur en virðist þó í dag hafa húmor fyrir lífsreynslunni. En hún segist samt hafa lært það á því að búa hér síðustu árin að vera passasamari á því hvaða fólki hún hleypir að sér og gera sig ekki algerlega varnarlausa gagnvart manneskjunni. Við ætlum hins vegar aðeins að gera þetta í vitlausri tímaröð og ræða næst upprunann og örlítið flókna fjölskyldusögu.

Ragnhildur á íslenska fjölskyldu, foreldra og systkini sem búa öll úti í Kaliforníu. „Fósturpabbi minn, sem ég kalla pabba, heitir Magnús Þrándur Þórðarson og mamma mín heitir Helga Þorvarðardóttir. Fósturpabbi minn ættleiddi mig en blóðfaðir minn heitir Stefán Ágúst Magnússon,“ segir Ragnhildur en Magnús og Helga tóku saman þegar Ragnhildur var bara nokkurra mánaða. „Mamma og fósturpabbi minn kynnast heima hjá Sigurjóni Sighvatssyni og konunni hans, Siggu Jónu. Pabbi og Sigurjón voru saman í skóla og mamma og Sigga Jóna voru vinkonur. Mamma var þarna að passa fyrir Siggu Jónu og var kasólétt af mér. Fósturpabbi minn, Magnús, sá mömmu þarna og varð strax ástfanginn af henni án þess að neitt gerðist. Í kjölfarið fór hann svo til Afríku á vegum Rauða krossins í eitthvert hjálparstarf, veiktist alvarlega af malaríu og kom því heim aftur til Íslands. Þarna er ég orðin nokkurra mánaða gömul og mamma er skilin. En hann hafði hins vegar allan tímann verið með hugann við mömmu og var bara ákveðinn í að fá hana til að giftast sér. Sem svo gerðist. Aðstæður þóttu þannig að best væri að hann ættleiddi mig, sem og hann gerði. Þetta þótti auðvitað svolítið djarft á þessum tíma en þau voru alltaf svo ákveðin. Og þau eru enn þann dag í dag yfir sig ástfangin, hann klípur hana meira að segja á kaffihúsum í Kaliforníu,“ segir Ragnhildur.

> *„Erum við ólík? Nei, það er nú svo skrítið að við erum alls ekkert ólík, þótt sýnast megi í fyrstu. En þó nægilega ólík til þess að það sé jafnvægi í sambandinu. Hann er einfaldlega mjög góður kærasti og vinur og hefur góð áhrif á mig. Ég hálfpartinn núllstillist þegar ég er með honum – hann róar mig.“*

## BLÓÐTENGSL VIÐ FÓLK SEM ÉG ÞEKKI LÍTIÐ

Sambandið við blóðföðurinn var af skornum skammti. „Í dag er ég í nánast engu sambandi við hann. Ég hef séð hann og rekist á hann og sem stelpa á ég óljósar minningar um símtöl á afmælum og jólum og fyrsta minning mín um hann er göngutúr um Hlíðarnar með honum þar sem hann gaf mér ís og var hinn ljúfasti. Við náðum hins vegar bara einfaldlega ekki að tengjast þegar ég komst á fullorðinsár, sem mér finnst stundum skrítið því við erum eiginlega nákvæmlega eins í útliti, og meira að segja með mjög svipaða takta, sem manni finnst fyndið því ég ólst ekki upp með honum.“ Stefán, blóðfaðir Ragnhildar, er bróðir Ólafs F. Magnússonar, borgarfulltrúa og fyrrverandi borgarstjóra. Hefur hún eitthvert samband við aðra fjölskyldumeðlimi föður síns megin, svo sem Ólaf? „Ég hitti Óla stundum á förnum vegi. Og ég hef alltaf haft gaman af honum. Mér finnst hann fyndinn og duglegur og ég hef alltaf haft „soft spot“ fyrir fólki sem fer sínar eigin leiðir. Eflaust finnst einhverjum hann bráður, en mér finnst hann bara fyndinn og skemmtilegur. En í raun og veru hefur þetta alltaf verið svolítið skrítið. Ég á blóðtengsl við fólk sem ég þekki mjög lítið en svo er fólkið sem er mér mjög nátengt, ekki blóðskylt mér. Ég þekki auðvitað ekkert annað og finnst að þetta eigi bara að vera svona. Ég hitti blóðpabba minn nokkrum sinnum á unglingsárum þegar ég kom til Íslands á sumrin og hann var í mínum augum hress gaur sem þekkti marga. Var mikið í veiði, var formaður stangveiðifélagsins og leiðsögumaður í veiði. Margir hafa líka sagt mér sögur af honum og árunum sem hann var starfandi módel og vann í Karnabæ og slíkt. Hann þótti víst ansi laglegur karl. Ég kynntist honum hins vegar ekki mikið.“

## MISTÖK ERU EKKI HEIMSENDIR

Ragnhildur var námsmannabarn en Magnús faðir hennar var meðal annars í doktorsnámi í Berkeley í upplýsingafræðum. Móðir hennar er kennari að mennt og tók svo BA-próf í kynjafræðum sem það myndi líklega kallast í dag og var mikill femínisti að sögn Ragnhildar. Ragnhildur fetaði hins vegar að nokkru leyti í spor Magnúsar en hann var með eigin útvarpsþátt á Rás 2 hér í „gamla daga“ og nú er Ragnhildur með eigin þætti á Létt Bylgjunni ásamt því að starfa á Bylgjunni. „Ég á fimm ára starfsafmæli í útvarpinu nú í ár. Ég hef þá skoðun að ef fólk ætli að starfa í útvarpi við þess konar þáttagerð sem ég geri verði það að hafa mikla ástríðu fyrir tónlist. Ég er mikið tónlistarnörd og einnig finnst mér gaman að reyna að ögra sjálfri mér og prófa eitthvað nýtt. Það geri ég með því að finna áhugavert viðtalsefni og slíkt.“ Hvernig tilfinning er það að tala fyrir eyrum fjölda fólks allan daginn? „Ég reyni bara að vera ég sjálf og ég hef lært að það er aldrei hægt að þóknast öllum. Ég hef heyrt fólk segja: „Ég þoli ekki þessa útvarpskonu“ og slíkt tal tók ég nærri mér fyrst. Ég er hins vegar sjóaðri í dag og veit að það þarf ekki öllum að líka við það sem maður gerir. Og mér líður miklu betur í eigin skinni með það bak við eyrað. Ég er öruggari og veit að ef ég geri mistök er það ekki heimsendir.“

Fortíð Ragnhildar á atvinnumarkaðnum er svolítið skrautleg en eftir að hafa útskrifast

# eurovision

FÖSTUDAGUR 15. MAÍ 2009

## Spáð í úrslitin

**Hverjir þykja sigurstranglegir í Eurovision í ár?** SÍÐA 2







# Sjöunda á svið

Jóhann Guðrún verður sjöunda á svið annað kvöld og ætti það að geta orðið henni happadrjúgt enda talan sjö lengi verið talin heillatala.

Talan kemur víða fram í Biblíunni en samkvæmt henni táknar hún Guð og heiminn. Talan þrír er tala Guðs og fjórir tala heimsins. Fjórir plús þrír eru sjö og því er sjö talin heilög tala. Þá eru dagar sköpunarinnar sjö en skaparinn hvíldist á sjöunda degi. Eins eru höfuðdyggðirnar sjö en þær eru trú, von, kærleikur, viska, hófsemi, hugrekki og réttlæti.

Grikkir til forna sáu fyrir sér sjö himna og því er talað um að vera í sjöunda himni. Talan sjö var hin fullkomna heild og aldrei að vita nema Jóhanna Guðrún verði í sjöunda himni að keppninni lokinni á morgun. *- ve*

# Dómnefndir snúa aftur

Dómnefndir taka aftur til starfa í lokakeppni Eurovison-söngvakeppninnar annað kvöld, eftir samanlagða tólf ára fjarveru.

Í fyrsta sinn í sögu keppninnar hefur verið brugðið á það ráð að fá sérfræðinga úr tónlistargeiranum en ekki fulltrúa úr röðum almennings til að dæma. Atkvæði hverrar dómnefndar koma til með að hafa helmingsvægi á móti atkvæðum í sjónvarpskosningunum.

Þegar liggur ljóst fyrir hverjir eiga sæti í írsku, frönsku og bresku dómnefndunum. Linda Martin, sigurvegari keppninnar frá 1992, og Paul Harrington, sigurvegarinn 1994, munu eiga sæti í þeirri írsku, og Corrine Hermès, sigurvegarinn frá 1983 í þeirri frönsku, svo dæmi séu nefnd.



**Ætli dómnefndir verði hliðhollar Portúgal á morgun?**


# ÍSLAND er landið



Fréttablaðið gefur út röð ferðablaða í sumar undir heitinu **„Ísland er landið“.** Fyrsta blaðið kemur út fimmtudaginn 21. maí. Efni fyrsta blaðsins eru ferðamöguleikar, afþreying og skemmtun á suðurlandi.

**Auglýsingar:**
Bjarni Þ. Sigurðsson, s: 512 5471, bjarnithor@365.is
Hlynur Þ. Steingrímsson, s: 512 5439, hlynurs@365.is
Sigríður D. Sigurbjörnsdóttir, s: 512 5462, sigridurdagny@365.is
Benedikt F. Jónsson, s: 512 5411, benediktj@365.is

FRÉTTABLAÐIÐ




**Alexander Rybak og fylgdarlið hans þykir sigurstranglegt í Eurovision.** NORDICPHOTOS/GETTY



**Söngkonan Hadise hefur vakið mikla athygli og er spáð góðu gengi.** NORDICPHOTOS/GETTY



**Grikkinn Sakis Rouvas ætlar sér að vinna keppnina.** NORDICPHOTOS/AFP

# Norskur sigur í uppsiglingu?

**Margir spá Norðmanninum Alexander Rybak sigri í Eurovision á morgun. Tyrkneska laginu er einnig spáð góðu gengi.**

Allt frá því að úrslitin úr forkeppnum þjóðanna sem taka þátt í Eurovision-keppninni lágu fyrir hafa veðbankar spáð hinum norska Alexander Rybak sigri. Alexander er fæddur 1986 í Hvíta-Rússlandi, en ólst upp í Nesodden rétt fyrir utan Ósló og hefur spilað á fiðlu og píanó frá fimm ára aldri. Hann hóf síðar að semja tónlist og syngja, en hann samdi sjálfur keppnislag sitt, Fairytale, þar sem hann spilar bæði á fiðlu og syngur. Alexander er enginn nýgræðingur í tónlistarheiminum því hann hefur unnið til fjölda verðlauna, spilað með heimsþekktum fiðluleikurum á borð við Pinchas Zukerman, verið konsertmeistari Ung Symfoni í Bergen og leikið fiðlarann í Fiðlaranum á þakinu í Ósló.

Hin tyrkneska Hadise hefur einnig vakið mikla athygli og spá flestir veðbankar henni 2. til 3. sæti. Hadise fæddist í Belgíu árið 1985 og var fyrst uppgötvuð í Idol þar í landi árið 2003. Síðan þá hefur hún gefið út tvær plötur, hlotið TMF-verðlaunin í Belgíu og lög hennar hafa náð miklum vinsældum bæði í Belgíu og Tyrklandi. Belgískir og tyrkneskir fjölmiðlar fjalla nú um að Hadise sé byrjuð með aðalhöfundi lagsins, en þau hafa meðal annars sést leiðast hönd í hönd í samkvæmum á Euroklúbbnum í Moskvu.

Grikkjanum Sakis Rouvas hefur einnig verið spáð góðu gengi og er yfirleitt í 2. til 5. sæti í veðbönkum. Sakis syngur lagið This Is Our Night og að sögn grískra fjölmiðla tekur hann ekki annað í mál en að vinna keppnina í ár. Mörgum þykir þó mikið hneyksli að Sakis eigi sér nokkurs konar bandamann í rússnesku dómnefndinni, en yfirmaður hennar er Filip Kirkorov sem tók upp dúett með Sakis fyrir nokkrum árum og varð það lag mjög vinsælt í Grikklandi. Kirkorov þykir einnig hafa brotið traust með því að bjóða hinum norska Alexander Rybak heim til sín í mat og er nú verið að skoða hvort honum verði vikið úr rússnesku dómnefndinni.

Í flestum veðbönkum hefur Ísland færst ofar eftir gott gengi í undankeppninni á þriðjudaginn og er nú oftast spáð fimmta til tólfta sæti. *- ag*



**Keppendur gera allt til að vekja athygli. Dita Von Teese mun til dæmis dansa við þýska lagið.**

# Hr. Eurovision heldur partí

Páll Óskar Hjálmtýsson heldur sitt árlega Eurovision-partý á Nasa á laugardag þegar úrslitin í Moskvu verða ljós. Og hann verður síður en svo einn um hituna.

„Nei, þetta verða allar þessar íslensku kjarnorkusprengjur, Selma Björns, Stebbi og Eyfi, Einar Ágúst og Telma, Icy-tríóið og Haffi Haff,“ segir Páll. Þrátt fyrir að þetta sé sjöunda árið sem Páll blæs til þessarar miklu Eurovision-veislu á hún sér tíu ára sögu. „Ég var að vinna á Spotlight árið 1999 þegar þjóðin óð út á götu og fagnaði silfrinu hennar Selmu Björns. Það varð allt tjúllað og ég ákvað að taka með mér allar Eurovision-plöturnar sem ég átti í fórum mínum. Í sjö tíma samfleytt gat ég spilað þessa tónlist án þess að nokkur missti móðinn,“ segir Páll.

Páll fylgist mikið með keppninni og segir að menn eigi ekki að láta það koma sér í opna skjöldu að gömlu austantjaldslöndunum gangi svona vel um þessar mundir. „Þessi lönd eru að senda sitt allra besta fólk enda er þetta ákveðinn stökkpallur fyrir þessi lönd.“ Hann bætir því við að Norðurlöndin hafi verið í svipuðum málum á áttunda og níunda áratugnum en Abba hafi opnað stórar og miklar dyr með sigri sínum fyrir 35 árum. *- fgg*



**Veisla Páls Óskars á Nasa þykir einstök.**




Jóhanna Guðrún, *fulltrúi Íslands í Eurovision 2009*

allt fyrir kroppinn
HREYSTI
í 20 ár
1988-2008

KORTER.IS - Ljósm. Jón Páll Vilhelmsson

## Settu þig í
# fyrsta sæti

með PROMAX DIET sem er fyrir alla sem vilja ná hámarksárangri við þyngdarstjórnun

„Í undirbúningi mínum fyrir Eurovision hef ég verið í stífri þjálfun hjá Jasmine í World Class Laugum. Markmiðið hefur verið að móta og styrkja líkamann og lækka fituhlutfall. Tíminn var knappur og Jasmine ráðlagði mér að nota Promax diet næringarduft, CLA og Maxi–EFA fitusýrur frá Maximuscle sem hluta af mataræði mínu. Skemmst frá að segja hef ég náð frábærum árangri og takmark mitt að líta vel út og vera stoltur fulltrúi Íslands á sviðinu í Moskvu er að rætast. Nú er að sjá hvernig mér gengur að blikka AusturEvrópu-þjóðirnar."




**PROMAX DIET**

er fitusnauður mysu-protein shake. Promax Diet inniheldur einnig CLA, trefjar, nauðsynlegar fitusýrur ásamt guarana og grænu te sem getur haft áhrif til fitulosunar. Promax Diet er tilvalið sem hluti af morgun- eða hádegisverði eða bara þegar þú þarft létta og auðvelda máltíð.

Promax diet 10 skammtar **kr. 4.995.-** Promax diet 20 skammtar **kr. 8.995.-**
CLA-1000 60 belgir **kr. 4.495.-** CLA-1000 90 belgir **kr. 5.995.-**

MAXIMUSCLE
Seriously Fit Food

allt fyrir kroppinn
HREYSTI
Skeifunni 19 - S. 568 1717

Kíktu á nýja og betri netverslun www.hreysti.is
Ath. frí heimsending ef verslað er fyrir meira en 10.000.-

SKEIFAN 19 108 REYKJAVÍK SÍMI 568 1717 WWW.HREYSTI.IS OPIÐ VIRKA DAGA FRÁ KL. 10-18 - LAUGARD. 11 - 15

# Besta minningin


„Það er búinn til ævintýraheimur utan um keppnirnar," segir Eva Ásrún sem hefur tekið þátt í Eurovision-keppninni fjórum sinnum. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

Rómarferðin stendur svolítið upp úr í minningunni. Með Eyva og Stebba að syngja Nínu 1991. Pétur Kristjánsson var með okkur og hann gerði ferðina gersamlega ógleymanlega. Það er nú ekki flóknara en það." Þetta segir Eva Ásrún Albertsdóttir, spurð um bestu minninguna úr Eurovision-ferðum. Hún hefur farið fjórum sinnum sem bakraddarsöngkona fyrir Íslands hönd, 1989 til Lausanne í Sviss með lagið Það sem enginn sér, 1991 til Rómar með Nínu, 1993 til Millstreet í Írlandi með Þá veistu svarið og 1994 til Dublin í Írlandi með Nætur. Allar fjórar ferðirnar voru skemmtilegar að sögn Evu Ásrúnar. „Mikið ævintýri. Spenna í loftinu. Góð blanda af vinnu og gleði." - gun

# Hefur ort álagaljóð



Það er heppni með okkur núna," segir Sigríður Klingenberg spákona, sem hefur tröllatrú á að Norðurlandaþjóðirnar komi sterkt inn í keppnina í ár.

Spurð um frammistöðu Íslands segir hún: „Jóhanna er frábær en kjóllinn sem hún klæðist er ekki alveg að gera sig þar sem hann minnir helst á bolluvönd."

Sigríður segist svo vilja beina eftirfarandi tilmælum til þjóðarinnar: „Allir verða að hugsa til Jóhönnu af öllu afli þegar hún verður á sviðinu í Moskvu." Hún bætir við að í orðum séu fólgin álög og hefur í tilefni af þátttöku Íslands í Eurovision ort álagaljóð sem hljóðar svo:

*Megi íslenska þjóðin*
*á aflið sitt trúa*
*í þessari orku*
*er gott að búa.*
*Megum við lífskraftinn finna*
*og Eurovision vinna.*
*Við getum alls ekki*
*beðið um minna.*

- vg


## Hringdu í síma

# 512 50 60

## ef blaðið berst ekki





# Íslendingarnir spá í spilin

**Það hefur verið í nógu að snúast hjá íslenska Eurovision-hópnum í Moskvu. Þrotlaus undirbúningur skilaði frábærum árangri í undanúrslitunum á þriðjudagskvöld og nú er verið að hnýta síðustu lausu endana fyrir úrslitin annað kvöld. Meðfram þessu öllu hefur íslenski hópurinn sótt ótal samkvæmi og drukkið í sig Eurovision-stemninguna. Við fengum fulltrúa okkar í Moskvu til að spá í spilin fyrir annað kvöld.**



**Hera Björk Þórhallsdóttir söngkona**
1. Noregur
2. Bosnía
3. Ísland
4. Armenía
5. Úkraína



**Yesmine Olsson einkaþjálfari og sviðsetningarstjóri**
1. Noregur
2. Spánn
3. Ísland
4. Úkraína
5. Aserbaídsjan



**Óskar Páll Sveinsson lagahöfundur**
1. Noregur
2. Frakkland
3. Tyrkland
4. Bosnía
5. Ísland



**Hallgímur Jensson sellóleikari**
1. Bosnía
2. Ísland
3. Tyrkland
4. Eistland
5. Armenía



**Erna Hrönn Ólafsdóttir söngkona**
1. Noregur
2. Ísland
3. Armenía
4. Frakkland
5. Bosnía



**Jóhanna Guðrún Jónsdóttir söngkona**
1. Úkraína
2. Spánn
3. Tyrkland
4. Rúmenía
5. Bosnía



**Börkur Hrafn Birgisson gítarleikari**
1. Ísland
2. Eistland
3. Portúgal
4. Noregur
5. Frakkland



**Elín Reynisdóttir förðunarmeistari**
1. Ísland
2. Noregur
3. Bosnía
4. Úkraína
5. Þýskaland



**Margrét Einarsdóttir búningahönnuður**
1. Noregur
2. Ísland
3. Armenía
4. Bosnía
5. Þýskaland



**Friðrik Ómar Hjörleifsson söngvari**
1. Noregur
2. Frakkland
3. Grikkland
4. Ísland
5. Tyrkland



**Tinatin Japaridze lagahöfundur**
1. ??
2. Noregur
3. Eistland
4. Portúgal
5. Ísland



**Chris Neil lagahöfundur**
1. Ísland
2. Ísland
3. Ísland
4. Ísland
5. Ísland

# Jóhanna hefur allt sem til þarf


**Helga Möller var einn af flytjendum Gleðibankans, eins vinsælasta framlags Íslands til Eurovision. Hér er hún á milli þeirra Pálma Gunnarssonar og Eiríks Haukssonar.**

„Miðað við hvernig Jóhanna stóð sig í undankeppninni þarf ekki að ráðleggja henni með neitt, hún hefur þetta allt saman," svarar söngkonan Helga Möller, spurð hvort hún hafi ekki einhver góð ráð handa Jóhönnu fyrir aðalkeppnina. „Fólk finnur alltaf til einhvers konar spennings en hann hjálpar bara til."

Helga er bjartsýn fyrir laugardaginn og trúir ekki öðru en að íslenski hópurinn lendi í einhverju af tíu efstu sætunum. „Það small eitthvað algjörlega hjá þeim í undankeppninni. Ef þau halda því verða þau alveg örugglega ofarlega."

Hún segist fá kitl í magann við tilhugsunina um Eurovision. „Það er ótrúleg lífsreynsla að taka þátt í þessari keppni. Að standa frammi fyrir milljónum manna og syngja fyrir þjóðina sína, það er töfrum líkast." - hhs

# Tónlistarflutningur í Eurovison

Ýmsar kröfur eru settar fram um tónlistarflutning í Eurovison-keppninni. Til dæmis er það skilyrði sett að söngurinn sé aldrei leikinn af bandi.

Frá 1956 til 1998 var þeim sem hélt keppnina svo uppálagt að sjá þjóðunum fyrir hljómsveit. Það var ekki fyrr en eftir 1973 sem þjóðir máttu velja um hvort hljóðfæraflutningur væri leikinn beint eða af bandi. Væri upptaka notuð þurftu hljóðfæraleikarar hins vegar að líkja eftir þeim hljóðfærum sem heyrðist í á bandinu. Sú krafa var svo felld niður árið 1997.

Síðan 1999 hefur allur hljóðfæraleikur verið spilaður af upptökum. *- vg*



**Eintóm uppgerð? Slóvenskir fiðluleikarar spila í þykjustunni undir söng Martinu.** NORDICPHOTOS/AFP

## VISSIR ÞÚ...

…að fyrsta keppnin var haldin í bænum Lugona í Sviss 24. maí árið 1956. Sjö lönd tóku þátt og lagði hvert þeirra fram tvö lög í keppnina. Þetta er eina keppnin þar sem land hefur átt fleiri en eitt lag í keppninni. Þess skal getið að í þessari fyrstu keppni sigraði gestgjafinn Sviss.

…að Írland, sem tók fyrst þátt í Eurovision árið 1965, hefur sigrað sjö sinnum, oftast allra þjóða. Bretland, Lúxemborg og Frakkland deila með sér öðru sæti og hafa unnið keppnina fimm sinnum hvert.

…að söngkonan Sandra Kim er yngsti keppandi sem hefur sigrað í Eurovision. Kim var aðeins þrettán ára þegar hún sigraði fyrir hönd Belgíu með laginu J´aime la vie árið 1986.



…að á upphafsárum keppninnar voru Frakkland, Lúxemborg og Holland sigursælustu Eurovision-þjóðirnar en í seinni tíð hefur dregið úr velgengni þeirra svo um munar. Holland hefur ekki unnið síðan 1975, Frakkland síðan 1977 og Lúxemborg síðan 1983.

…að eftir aldamótin fór það að færast í vöxt lönd sem aldrei höfðu unnið áður stæðu uppi sem sigurvegarar. Finnland landaði loks sigri eftir 45 ára bið árið 2006 en Úkraína, sem sigraði árið 2004, hafði ekki þurft að bíða eftir sigri nema í tvö ár. Serbía gerði sér svo lítið fyrir og vann í fyrstu tilraun árið 2007. Í dag er Portúgal það land sem hefur beðið hvað lengst eftir sigri en það tók fyrst þátt árið 1964. Íslendingar hafa verið með frá árinu 1986 og bíða enn.



…að kjóllinn sem hin sænska Malena Ernman klæðist í keppninni í ár kostar litlar 400.000 sænskar krónur, eða 6,4 milljónir íslenskra króna. Einn kunnasti tískuhönnuður Svía, Camilla Thulin, hannaði kjólinn. Hann er skreyttur 365 fjöðrum sem einar og sér kostuðu á annað hundrað þúsund krónur.



*- ve/rve*





Sony Center kynnir

W270 – myndavél sem tekur líka videó í háskerpu

DSC-W270

- 12,1 megapixlar
- 5x aðdráttur um linsu
- 28mm víðvinkill
- Háskerpu vídeóupptaka 720p
- Intelligent Scene Recognition - nemur sjálf aðstæður og velur réttar stillingar
- Enhanced Face Detection - finnur sjálf andlitin og hefur þau í fókus
- Enhanced Smile Shutter - nemur bros og smellir af á réttu augnabliki
- Fæst: svört, rauð og gyllt

Vorið er komið! Taska fyrir vélina fylgir á meðan birgðir endast.

Verð 54.990,-

SONY
Sony Center
Kringlunni
103 Reykjavík
Sími: 512-3300
www.sonycenter.is

# Eurovision-áhugi veldur deilum



Slóvakía tekur sæti San Marínó sem dró sig úr keppninni í ár. MYND/AFP

## Áhrif kreppu á söngvakeppnina

Heimskreppan lætur Eurovision-keppnina ekki ósnortna þó svo að hún sé vissulega með glæstu sniði í ár líkt og endranær.

San Marínó dró sig úr keppninni af efnahagslegum ástæðum en Slóvakía fyllti þeirra auða sæti með því að snúa aftur til keppni. Lettland og Georgía ætluðu að draga sig út úr keppninni en síðar tilkynntu Samtök evrópskra sjónvarpsstöðva (EBU) að bæði löndin myndu taka þátt. Hins vegar ákváðu Georgíumenn aftur að hætta keppni eftir að EBU hafnaði sigurlagi þeirra þar sem það þótti brjóta í bága við reglur keppninnar.

Líkt og alþjóð veit hefur bankakreppan á Íslandi ekki dregið úr Eurovision-þorsta Íslendinga og var það eflaust vonarljós fyrir marga að Jóhanna Guðrún og fylgifiskar skyldu komast áfram. Hvað það mun kosta okkur þegar upp er staðið á enn eftir að skýrast en spennandi verður að fylgjast með úrslitakvöldinu um helgina.

*- hs*

**Eurovision-keppnin hefur af einhverjum ástæðum verið talin höfða einkum til samkynhneigðra karlmanna. Örvar Jens Arnarsson fellur ekki undir þá skilgreiningu en unnustan skilur ekki alveg hvaðan áhuginn er kominn.**



Örvar segir Eurovision-keppnina fyrst og fremst áhugaverða vegna þess að þar leyfist sitthvað sem í öðrum keppnum væri litið hornauga. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

„Henni finnst þetta allt saman hálf fáranlegt, hún er ekkert með mér í þessu og fnæsir bara þegar ég fer að tala um þetta," segir Örvar Jens Arnarsson. Það sem betri helmingnum finnst svona asnalegt er áhugi Örvars á Eurovision-keppninni. Slíkur áhugi hefur verið bendlaður við samkynhneigða og Örvar viðurkennir það. „Það er ekkert laungarmál að keppnin hefur verið tengd við samkynhneigðu senuna í Evrópu, af hverju það er veit ég ekki; kannski svífur einhver hýr gleði yfir þessu og kannski er það glamúrinn sem heillar."

Áhugi Örvars á keppninni kviknaði fyrir um fjórum árum og hefur smám saman undið upp á sig. Hann vill meina að afmælisdagurinn hans leiki þar stórt hlutverk. „Ég á afmæli 20. maí og keppnin fer yfirleitt fram í kringum þá dagsetningu. Við félagarnir höfum yfirleitt haft þann háttinn á að halda upp á afmælið með góðum Eurovision-veislum."

Að þessu sinni verður aðalkvöldið þann 16. maí en það breytir litlu; Örvar og félagar verða límdir fyrir framan skjáinn þegar lögin taka að hljóma. Þar að auki skiptir Örvar miklu máli að nánast allt er leyfilegt í Eurovision, sem væri yfirleitt litið hornauga í öðrum keppnum. „Ég meina, finnsk skrímsli og kalkúnn frá Írlandi, hvar annars staðar sæi maður það en í Eurovision? Það er einmitt þetta sem gerir keppnina svona heillandi, þessir hlutir sem maður skilur ekki."

Örvar segist ekki ganga svo langt að vega keppendur og meta út frá einhverri heimagerðri formúlu. Hann hefur hins vegar hlustað á velflest lögin og ákvað að gamni sínu að velja tíu sigurstranglegustu lögin. Þar er kunnuglegt andlit því líkt og svo margir Eurovision-spekúlantar spáir Övar norska laginu góðu gengi. „Ég á hins vegar eftir að sjá hvernig löndin á Balkanskaganum taka í það og eins löndin fyrir botni Miðjarðarhafs." Hann er hins vegar ekki jafn bjartsýnn fyrir Íslands hönd, telur ekkert sérstaklega líklegt til vinsælda að láta konu syngja ballöðu. „Nei, mér finnst það eitthvað klisjukennt, ég held hins vegar að við komust upp úr riðlinum en það bíður okkar ekkert annað en önnur undankeppni að ári," segir Örvar.

*- fgg*

## Allt skal vera eins

Ævintýralegur kjóll Jóhönnu var heldur betur á milli tannanna á fólki í aðdraganda undankeppni Eurovision. Ekki voru allir jafn vissir um að hann yrði Jóhönnu til framdráttar og þótti sumum hans helst minna á Barbie-kjól. Eftir undankeppnina hafa þær raddir hljóðnað, enda var Jóhanna stórglæsileg á sviðinu og dramatískur og steinum skreyttur kjóllinn átti vel við atriðið og umgjörðina.

Það er fatahönnunartvíeykið Andersen & Lauth sem á heiðurinn af hönnun kjólsins. Hann var sérsniðinn á Jóhönnu og handsaumaður á Indlandi.

Jóhanna mun aftur klæðast kjólnum í aðalkeppninni á laugardag, enda segja reglur keppninnar til um að atriði undankeppninnar og aðalkeppninnar skuli vera nákvæmlega eins.

*- hhs*



**Kjóllinn sem Jóhanna klæðist í Eurovision-keppninni er hönnun tvíeykisins Andersen & Lauth.** MYND/AFP



**• EUROVISION-BÓKIN KOMIN** Brátt verður fáanleg glæný bók sem nær yfir hálfrar aldar sögu Eurovision-söngvakeppninnar. Tilefni útgáfunnar er að í þessum mánuði hefur Bretland verið með í keppninni í fimmtíu ár samfleytt, en reyndar kepptu Bretar fyrst árið 1957 en misstu úr árið þar á eftir.

Bókin heitir á frummálinu Flying the Flag for the UK og er skrifuð af Harry Darby. Hún var gefin út 1. maí síðastliðinn og er þessa dagana að berast í verslanir. Í bókinni má finna viðtöl við helstu forkólfa Eurovision í Bretlandi, tilvitnanir í aðdáendur bæði frá Bretlandi og öðrum löndum og yfirlit yfir hinar 48 þjóðirnar sem keppt hafa við Bretland. Einnig má finna rökræður um kosningafyrirkomulag og könnun á því hverjir hrífast af Bretlandi í Eurovision og hverjum Bretland hefur hrifist af í gegnum tíðina. Í bókinni kennir því ýmissa grasa og er hún eflaust kærkomin lesning fyrir harða Eurovision-aðdáendur.


Grillbúðin
www.grillbudin.is



Frábært grill
fyrir íslenskar aðstæður

· Mikil orka 16,5 kw/h
· Grillgrindur úr pottjárni
· 3 brennarar úr pottjárni
· Mjög sterk viðargrind með hillu að framan og á hliðum
· Innbyggð neistakveikja
· Skúffa fyrir fitu
· Grillflötur: 64 x 49cm
· Stærð: 149 x 110 x 60 cm
· Þrýstijafnari & slanga fylgja

59.900
FULLT VERÐ 69.900

LANDMANN
er frá Þýskalandi

Mikið úrval vandaðra gasgrilla frá Þýskalandi

Hlíðasmára 13, 201 Kóp - Sími 554 0400

Hringdu í síma
512 50 60
ef blaðið berst ekki



# SUMAR TILBOÐ

## STÚTFULL BÚÐ AF NÝJUM TILBOÐUM




## GIGABYTE
### UPPFÆRSLUTURN 2

GIGABYTE uppfærsluturn 2 er mjög öflug og sérlega hljóðlát uppfærsla með Dual Core örgjörva og 512MB ATI Radeon HD2100 DX10 öflugri skjástýringu.

- Athlon 4000 Dual Core 2.1GHz örgjörvi
- GIGABYTE 740GM-S2H móðurborð
- 2GB DDR2 800MHz OCZ minni
- 500GB SATA2 16MB NCQ diskur
- 512MB ATI Radeon HD2100 skjástýring
- 5.1 HD Dolby Digital hljóðkort
- HDMI, DVI, VGA og Gigabit netkort
- Vandaður 450W hljóðlátur turn

**49.900**




HDMI 1080i
NÆSTA KYNSLÓÐ SJÓNVARPSFLAKKARA

## 500GB
### HDMI EDITION 1080i

Nýi Argosy HDMI margmiðlunarspilarinn er með 1080i upscaling sem skilar enn betri myndgæðum á venjulegum kvikmyndum og hægt er að læsa möppum með lykilorði.

- Tengist beint í sjónvarp eða græjur
- Hágæða kvikmynda afspilun
- Spilar ljósmyndir í slide show
- Spilar og geymir alla tónlist
- Er einnig handhægur flakkari
- Fjarstýring til að stjórna öllu fylgir
- HDMI, SCART, RCA, HDTV ofl. tengi

**29.900**
750GB AÐEINS 34.900

Birt með fyrirvar um breytingar, prentvillur og myndbrengl



## M7700
### ÞRÁÐLAUS FARTÖLVUMÚS

Mögnuð fartölvumús frá GIGABYTE með allt að 10M drægni og örsmáum Nano sendi sem þarf ekki að taka úr fartölvunni þó hún geymist í tösku.

- 2.4GHz þráðlaus 10 metra tækni
- Örsmár Nano sendir geymist í músinni
- High-precision Laser 1600dpi tækni
- Stillanleg 800 - 1600dpi upplausn
- 5 hnappar og 4ra átta skrunhjól
- Rafhlaða endist í 6+ mánuði

GIGABYTE

**4.990**



SJÁLFSTÆTT TALNABORÐ

Packard Bell

## MH36[320]
### FARTÖLVA Á TILBOÐI

Ný og glæsileg fartölva frá Packard Bell með nýjasta Intel örgjörvanum og 300Mbps þráðlausu neti, aðeins 2.6KG.

- Intel Core 2 Duo T4200 2.0GHz
- 3GB DDR2 667MHz vinnsluminni
- 320GB SATA hljóðlátur harðdiskur
- 8xDVD SuperMulti DL skrifari
- 15.4" WXGA Diamond View skjár
- 512MB Intel X4500HD skjástýring
- 1.3MP innbyggð vefmyndavél
- Windows VISTA Home Basic

**119.900**
RAÐGREIÐSLUR TIL 48 MÁN



## ÞJÓNUSTUDEILD

Þjónustudeild okkar sinnir öllum verkum stórum sem smáum:

- Uppfærslur á vélbúnaði
- Gerum tölvur hljóðlátar
- Stýrikerfisuppsetningar
- Bilanaleit og lagfæringar
- Uppsetning/viðhald netkerfa
- Vírus og Spyware hreinsun
- Hvergi lægra tímaverð!

**2.990**
HVER HAFIN KLUKKUSTUND



## ACER 5630

- Intel Core 2 Duo T3200 2.0GHz
- 2GB DDR2 667MHz minni
- 160GB SATA 5400RPM diskur
- 8xDVD SuperMulti DL skrifari
- 15,4" WXGA CrystalBrite skjár
- 512MB Intel X4500HD skjástýring
- 54Mbps þráðlaust net
- Windows VISTA Home Premium

**89.900**
HVERGI BETRA VERÐ!



VERÐ FRÁ 44.900
EITT MESTA ÚRVAL LANDSINS AF FARTÖLVUM

ÖLL HELSTU MERKIN
ACER • ASUS • TOSHIBA • PACKARD BELL



GRÆDDU Á GÖMLU
NÚ GETUR ÞÚ SETT GÖMLU FARTÖLVUNA UPP Í NÝJA :)

# TÖLVUTEK

Borgartúni 31 • 105 Reykjavík • 563 6900 • www.tolvutek.is

# FLOTT EUROVISION TILBOÐ

PHILIPS PHILIPS PHILIPS PHILIPS PHILIPS PHILIPS PHILIPS




**Philips 37PFL3403D**
37” LCD BREIÐTJALD með 1366x768 punkta upplausn, LCD WXGA Active Matrix TFT, HD-READY (720p/1080i), Crystal Clear III og Progressive Scan, 24000:1 skerpu, Digital Crystal Clear, innbyggðum DVB-T stafrænum móttakara ofl.

**TILBOÐ 169.990**
FULLT VERÐ kr. 199.990




FULL HD

**Philips 42PFL5603D**
42” LCD Pixel Plus HD BREIÐTJALD með full HD 1080, 1920x1080 punkta uppl., 30.000:1 skerpu, Progressive Scan, stafr. DVBT móttakara ofl.

**TILBOÐ 239.990**
FULLT VERÐ kr. 279.990

Panasonic Panasonic Panasonic Panasonic Panasonic Panasonic




**Panasonic TX37LZD85F**
37” Full HD 1080p 16:9 LCD BREIÐTJALD með 1920x1080 punkta upplausn, V-Real Pro3 Engine, stafrænum DVB-T móttakara, 100Hz Motion Picture Pro2, 24p Cinema, x.v Colour, 10.000:1 skerpu, SD/SDHC kortalesara (les MPEG2 og H.264) ofl.

**TILBOÐ 219.990**
FULLT VERÐ kr. 299.990




**Panasonic TXP42G10**
42" Full HD 1080p NeoPlasma BREIÐTJALD með 1920x1080 punkta upplausn, Vreal 4 Pro Engine tækni, Intelligent Frame Creation Pro(IFC), 600Hz, 24p Playback, x.v Colour, Dynamic: Infinite Black 40.000:1 skerpa (Native), 3D Colour management, Motion Pattern Noise Reduction, Sub Pixel Control, 3D Comb Filter C.A.T.S, HD Ready, VIERA Link, háskerpu DVB-T stafr. móttakara (MPEG4), SD/SDHC kortalesari (JPEG og AVCHD), 20w Nicam Stereó V-Audio Surround hljóðkerfi, 2 x Scart (með RGB), 3 HDMI (1.3), Component, CI rauf, SVHS, CVBS og PC tengi ofl.

**TILBOÐ 299.990**
FULLT VERÐ kr. 379.990

## SJÓNVÖRP HLJÓMTÆKI HEIMABÍÓ MP3 SPILARAR FERÐATÆKI DVD OG BLU-RAY SPILARAR MYNDAVÉLAR TÖKUVÉLAR ÚTVARPSVEKJARAR iPOD VÖGGUR OFL.

Alltaf gæði og góð kaup! 1971 - 2009

# Sjónvarpsmiðstöðin

RAFTÆKJAVERSLUN • SÍÐUMÚLA 2 • SÍMI 568 9090 • www.sm.is

SanDisk MINNISKORT ALLAR GERÐIR

UMBOÐSMENN UM LAND ALLT ► REYKJAVÍKURSVÆÐIÐ: Hagkaup, Smáralind. VESTURLAND: Hljómsýn, Akranesi. Hagkaup, Borgarnesi. Samkaup, Borgarnesi. Blómsturvellir, Hellissandi. Skipavík, Stykkishólmi. VESTFIRÐIR: Kaupfélag Steingrímsfjarðar, Drangsnesi. Samkaup, Ísafirði. NORÐURLAND: KF Steingrímsfjarðar, Hólmavík. KF V-Húnvetninga, Hvammstanga. Krákur, Blönduósi. Skagfirðingabúð, Sauðárkróki. Hagkaup, Akureyri. Heimilistæki, Akureyri. Öryggi, Húsavík. AUSTURLAND: Samkaup, Egilsstöðum. Kauptún, Vopnafirði. Samkaup, Seyðisfirði. Sparkaup, Fáskrúðsfirði. Martölvan, Höfn Hornafirði. SUÐURLAND: Mosfell, Hellu. Fossraf, Selfossi. Geisli, Vestmannaeyjum. REYKJANES: Tækniráð, Grindavík. Hagkaup, Njarðvík.

# KRÍTIN

sem stjórnmálafræðingur og sjá fram á að þurfa að borga af námslánunum réð hún sig í starf á bandaríska fjármálamarkaðnum. „Jú, þar sem lætin og tölvurnar eru og allir kallarnir standa í skyrtu og með bindi á gólfinu. Ég passaði afskaplega illa þar inn þótt þetta hafi líka verið skemmtilegur tími. Var með tvær fléttur og fannst þetta peningaæði nokkuð sem ég gat ekki tengt mig við. Eftir ár þar, flakk um Evrópu og námskeið hingað og þangað kom ég heim og tók atvinnuleitina mjög alvarlega eins og Ameríkanar gera, en þar úti er ekki auðvelt að fá vinnu. Ég gekk hring með ferilskrána en lenti hins vegar í miklum vandræðum því eftir langa dvöl í Ameríku gat ég varla sagt tvær línur án þess að hiksta eða segja eitthvað vitlaust. Og ég hef þurft að hafa mikið fyrir því að ná íslenskunni upp, trúðu mér, þetta hefur ekki verið þrautalaus ganga.“ Ragnhildur náði þó einhvern veginn að hrífa fólk með sér því hún var ekki lengi atvinnulaus, hún fékk vinnu hjá framleiðslufyrirtæki í kvikmyndageiranum, sem þá hét On en er í dag Saga Film. Hún starfaði þar og svo við nokkur verkefni fyrir Saga Film uns leiðin lá í útvarpið. Reynslan reyndist henni dýrmæt þegar kom að því að framleiða eigin kvikmynd, From Oakland to Iceland, sem hún gerði um bróður sinn án nokkurra styrkja.

### NÚLLSTILLIST MEÐ MIKAEL TORFASYNI

Það er svolítið eftir sögunni að Ragnhildur kynntist manninum í lífi sínu úti á götu um hábjartan dag þar sem sameiginlegur vinur kynnti þau. Mikael Torfason rithöfundur og Ragnhildur hafa verið saman í nokkra mánuði. Ragnhildur segist hafa vitað lítið um Mikael og þrátt fyrir að hafa unnið í fjölmiðlageiranum í fimm ár, og þau bæði, hafi þau aldrei hist fyrr en þarna í vetur. Hún hafi tengt nafnið hans við ritstjórastörf en ekki vitað mikið meir. „Erum við ólík? Nei, það er nú svo skrítið að við erum alls ekkert ólík, þótt sýnast megi í fyrstu. En þó nægilega ólík til þess að það sé jafnvægi í sambandinu. Hann er einfaldlega mjög góður kærasti og vinur og hefur góð áhrif á mig. Ég hálfpartinn núllstillist þegar ég er með honum – hann róar mig.“ Mikael er þessa dagana að klára að skrifa bók sem kemur út í haust en Ragnhildur segist hafa lesið skrif hans og vera núna í miðri bók: Heimsins heimskasti pabbi. „Mér finnst bækurnar hans skemmtilegar og ég kann að meta þetta hráa í honum. Þetta hefur allt hins vegar bara verið eins og maður segir: Óvænt og óplanað og bara gerðist. Hann náði mér strax eða svona „fattaði mig“ og setti mig ekki í kassa. Ég hef aldrei verið hrifin af því þegar fólk gerir það, það er svolítil tilhneiging í Íslendingum að vilja flokka alla. Ég er til dæmis til bæði Íslendingur og Ameríkani og þótt það hljómi eins og það sé ekki hægt þá er það bara þannig. Þegar ég er hér á landi er Kalifornía „heima“ og þá sakna ég opinna Bandaríkjamanna og léttleika þeirra. Og þegar ég er úti þá sakna ég Íslands og svarta húmorsins okkar. Þá er Ísland heima.“

## * bak við tjöldin







**Stjörnumerki:**
Vog.

**Besti tími dagsins:**
Morgunkaffið.

**Geisladiskurinn í spilaranum:**
It's the mother fxxxing remix!

**Uppáhaldsverslunin:**
Warehouse og apótek sem eru opin allan sólarhringinn.

**Líkamsræktin:**
Hlaup, fjöllin og sund.

**Mestu dekrið:**
Utanlandsferðir.

**Mesta freistingin:**
Að heimsækja Ameríku.

**Ég lít mest upp til:**
Tinu Turner.

**Áhrifavaldurinn:**
Æðri máttur.

**Draumafríið:**
Púertó Ríkó.

**Hverju myndirðu sleppa ef þú þyrftir að spara:**
Ég drekk ekki og á ekki bíl þannig að ég er mjög ódýr í rekstri.





ÓMISSANDI DEKUR

Kynnum nýju litalínuna frá Bobbi Brown, Platinum Collection, fyrir kinnar, varir og augu.

Komdu og fáðu faglega ráðgjöf.

Kaupauki fylgir ef keypt er fyrir 5.000 krónur eða meira í Bobbi Brown.

BOBBI BROWN

Lyf & heilsa
Kringlunni

# tíðin

✻ stíll og hönnun

**KITLANDI SMÁATRIÐI** Sokkabönd eru alltaf vinsæl hjá karlpeningnum og þegar þau eru svona falleg er ekki vitlaust að láta þau gægjast undan pilsfaldi þegar þau eru notuð við þykka silkisokka. Úrval af dásamlegum sokkaböndum er að finna í versluninni Systrum, Laugavegi.



## GERÐUR HARÐARDÓTTIR

**stílisti og blaðamaður á Húsum og híbýlum**

TOPP 10



SAFAPRESSAN



LJÓSMYND EFTIR KRISTIN MAGNÚSSON, LJÓSMYNDARA





LOFTLJÓSIÐ BÚDDALÍKNESKI SPEGILLINN



APPLE-TÖLVAN



**„NÁTTBORÐIÐ“** Ég nota stól sem ég keypti á útimarkaði í París sem náttborð. Rogaðist með tvo svona í lestina úti.



**ÖLL VERK HALLDÓRS LAXNESS ÁRITUÐ** Pabbi minn, Hörður Óskarsson, var prentari og prentaði allar bækurnar hans Halldórs. Hann var einn af fáum sem gátu lesið úr skriftinni hans. Hver einasta bók er árituð til pabba.



**LEÓ, LITLA LOÐBARNIÐ MITT** Ég keypti hann úti í París þegar ég var í námi þar. Var að leita mér að jakka en fór og keypti hund í staðinn.



LJÓMYNDIRNAR MÍNAR


20% AFSLÁTTUR AF VÖLDUM VÖRUM UM HELGINA 15-17 MAÍ

Signatures Of Nature

ENDORCED FOR YOU

STAÐSETNING OUTLET CENTER FAXAFEN 8

FAGLEG ÞEKKING
FAGLEG ÞJÓNUSTA



PAMERING SCRUBS

VERÐ ÁÐUR 990 KR
VERÐ NÚ 792 KR

100% natural innihaldsefni, olíu-saltskrúbb fyrir líkamann. Gefur góða næringu og silkimjúka áferð. Margir girnilegir ilmir Vanilla, Melon/Kiwi, Sensual, Chamomile/Lavender
Paraben free



KIDS OF LIFE

VERÐ ÁÐUR FRÁ 690-890 KR
VERÐ NÚ FRÁ 552-712 KR

Skemmtilegt krakkalína, allt fyrir baðið
Sjampó, næring, froðubað og body lotion
Skemmtilegra getur það ekki orðið að fara í bað




SOAP SCRUB

VERÐ ÁÐUR 1490 KR
VERÐ NÚ 1192 KR

Unnið uppúr lífrænu grænmeti og ávöxtum með viðbættri natural blöndu.
Sturtusápa með saltkornablöndu, yndislegt dekur í sturtuna.
Kemur í mismunandi girnilegum ilmum Lavender, Eucalyptus/Patchouli, Lemongrass/Grape
Paraben free



BAÐSALT Í 250 ML KRUKKUM

VERÐ ÁÐUR 990 KR
VERÐ NÚ 792 KR

HeimaSpa nauðsynlegt að eiga söltin heima á baði. 100% náttúrulegt með viðbættri örlítilli blöndu af Aroma
Hefur einnig að geyma 26 tegundir steinefna sem geymast í Dauða-hafinu
Lavender, Eucalyptus/Patchouli, Lemongrass/Grapefruite
Paraben free

VIÐ VILJUM NOTA TÆKIFÆRIÐ OG ÞAKKA FYRIR FRÁBÆRAR VIÐTÖKUR
KV SIGNATURES OF NATURE

# Tiltekt



Við tökum til
og bjóðum valdar vörur
á stórlækkuðu verði.

FRITZ HANSEN, ROSENDAHL,
ERIK JORGENSEN, MARIMEKKO,
ARTIFORT, KNOLL, STELTON
OG ALLIR HINIR

Epal hf / Skeifan 6 / 568 7733 / epal@epal.is / www.epal.is

epal

## 15-70% AFSLÁTTUR

Í DAG FÖSTUDAG
OG Á MORGUN
LAUGARDAG

# föstudagur

FYLGIRIT FRÉTTABLAÐSINS 15. MAÍ 2009



## KLINGENBERG SPÁIR

### Sigrún Lilja skóhönnuður fyrir Gyða Collection

Fólk sem er fætt þennan dag er afkastamikið og kröftugt. Það lætur ekki alltaf of vel að stjórn og þarf að fara sínar eigin leiðir. Það er hugmyndaríkt og framtakssamt, vill lifa í hraða og gleði, hefur verndunarkraft til liðs við sig og fær þar af leiðandi fólk til liðs við sig. Þar er af leiðandi er leið þeirra greið. Sigrún Lilja hefur lífstöluna 5 sem gerir hana hressa, skemmtilega og litríka manneskju sem er til í að prófa alls konar hluti. Forvitnin er fimmunum í blóð borin. Þar af leiðandi þurfa þær að prófa allt sem á vegi þeirra verða. Í þessu ferðalagi sínu læra þeir oft meira en margur og þora fleira en flestir.

Þegar við leggjum saman afmælisdag og mánuð hjá Sigrúnu Lilju 19+12+2009 þá fáum við árstöluna 24 = 6 sem gefur Sigrúnu Lilju litríkt ár þar sem stutt verður sigra á milli og ótrúlegustu hlutir rætast og oft á síðustu stundu. Það þarf að hafa sterkt skipulag á þessu ári og uppskera ársins sýnir sig í október. Ég get ekki betur séð en að daman verði komin á kortið úti um allan heim árið 2011 og hún verði bissnesskona „par excellence“ frá Íslandi og eigi eftir að sjást í för með frægu og fríðu föruneyti úti um allan heim. Ekkert mun stoppa Sigrúnu því hún hefur keppnisandann ógurlega svo að hver hindrun mun bara auka hraða hennar. Í eðli sínu er hún uppfinningamaður svo hún á ekki bara eftir að stoppa við skó heldur á ýmislegt fleira eftir að fylgja. Sigrún er á frjósemisári og það er lítill ljósálfur að banka á gluggann hjá henni.

www.klingenberg.is





## FRÁBÆR FÖSTUDAGUR

### Heimir Héðinsson, plötusnúður og nemi

1 Vakna við sól og blíðu.



2 Hakkísakk á Austurvelli.



3 Bjór á brons.



4 Núðlusúpa á Ban Thai.



5 Plötusnúðast á Jacobsen, Qbar eða Café Cultura.




## Nudd

Whole body massage. Tel. 849 5247.

Whole body massage. S. 841 8529.

**Faglegt heilnudd**
Heilsusamlegt, slakandi og heitsteina nudd. Karolína, nuddari/sjúkraþjálfari. Uppl. í s. 694 6518.

Whole body massage. S. 696 4399.

## Spádómar

www.orlagalinan.is
Örlaga línan
Miðlar, spámiðlar, draumráðningar. Opið öll kvöld í síma
595 2001 & 908 1800

## Iðnaður

**Pípulagnir**
Faglærðir píparar geta bætt við sig verkefnum í bæði viðhaldi og nýlögnum. Vönduð vinnubrögð. Upplýsingar í síma 699 6069

## Viðgerðir




Smávélaviðgerðir: Garðsláttuvélar, sláttuorf, sláttutraktorar, garðlýsing, jarðvegsþjöppur, dælur, kerrusmíði, Gokart þjónusta, keðjusagir, hekkklippur, rafstöðvar. Vélverk JS S. 554 0661. www.velaverkjs.is

## Rafvirkjun

**Raflagnir**
Rafþjónusta, dyrasímaþjónusta, töfluskipti, tilboð. Rafneisti ehf. Sími 896 6025.




## Önnur þjónusta

B.S.VERKTAKAR
Málun bílastæða, malbiksviðgerðir, vélsópun, skilti, kantsteinn www.verktakar.com s: 5514000

GSG
VEGMERKING
➡ Bílastæðamálun
➡ Vélsópun
➡ Malbiksviðgerðir
s. 588 4800 www.bilastaedi.is

**Uppsteypa mannvirkja**
**Ásamt annarri húsasmíði. Jarðvinna, uppsteypa, mót og krani. Löggiltur meistari. Dynkur ehf. Ragnar s. 894 2454.**




KEYPT & SELT

## Til sölu



**Minigolf**
**www.bustadur.is**
9 holu minigolfvellir til sölu. Skemmtileg sett. Upplagt fyrir einstaklinga, félagssamtök, útihátíðarsamtök eða þjónustumiðstöðvar. Erum að taka niður pantanir núna. Uppl. í s. 869 1690 & 867 3245 Bergiðjan ehf Smiðshöfða 12



**www.vorutorg.is**
Kviðbelti á aðeins 9900Frí heimsending á höfuðbsv517-3030

Málverk eftir Jósep Kr. af Borgafirði eystra. Málverk eftir Grím Marino af Þingvöllum ofl. Uppl. s. 821 4756.

Til sölu hlutir úr búslóð t.d. tvískiptur ísskápur/frystir, eldhúsborð, stólar, leðursófasett ofl. Uppl. í s. 860 1305.

**Tilboð**
2 Sontegra ljósabekkir lítið notaðir til sölu. Fara fyrir lítið. Uppl. í s. 695 1918.

## Gefins

Óska eftir ísskáp og þvottavél gefins, má vera bilað. Uppl. í s. 896 8568.

## Óskast keypt

**Gull - Gullskartgripir**
**Kaupum til bræðslu allar tegundir gullskartgripa, gamla, nýlega, ónýta gegn stgr. demantar.is - Pósthússtræti 13 - S. 699 8000 Magnús Steinþórsson.**

**Staðgreiðum gull, demanta og úr.**
**Hringar, hálsmen, armbönd, Rolex, Cartier, Patek Philippe o.fl. Hringdu núna og fáðu tilboð þér að kostnaðarlausu! www.kaupumalltgull.is Upplýsingar í síma 661 7000.**

**Evrur óskast**
**Óska eftir að kaupa evrur og dollara. Regent Accounts Ltd. Uppl. gefur Sverrir í s. 618 7001.**

Loppumarkaður Zimsen. Óskum eftir gefins húsgögnum og munum til að selja á flóamarkaði til styrktar fjölskylduhjálpar Íslands. Einnig óskum við eftir munum sem er hægt að nota á uppboði sem er til styrktar sama málefnis. Uppl. s. 772 0388.

## Hljóðfæri




**Dúndurtilboð!**
Kassagítarar: 1/4 stærð kr 10.900.- pakkinn með poka, strengjasett og stilliflautu. 1/2 stærð kr. 7.900.- Full stærð kr 12.900.- 3/4 kr. 10.900.- 4/4 kr. 12.900.- Rafmagnsgítarpakkar frá kr. 29.900 Hljómborð frá kr. 17.900 Trommusett kr. 49.900 með öllu. Gítarinn Stórhöfða 27. S. 552 2125 www.gitarinn.is

## Sjónvarp

Sjónvarps/videoviðgerðir. Afsl. til elli/öryrkja. Sækjum. Litsýn - Síðumúli 35. - S. 552 7095.

## Tölvur

Heitar fartölvur til sölu. Eins og nýjar. Frábært verð. Uppl. í síma 696 3938.

**Er tölvan biluð?**
Kem í heimahús og leysi málið. Kvöld og helgarþjónusta. Áralöng reynsla, 100% ánægja. Magnús 695-2095

## Verslun









Allt fyrir Eurovision Partýið! Fánar, hristur, tambórínur, plathljóðfæri og -míkrófónar, þurrís, o.m.fl. Partýbúðin, Faxafeni 11.

amor
Egg í miklu úrvali frá kr. 790.-
Tilboð á DVD
Frábært úrval af nýjum titlum.
WET
Full búð af nýjum vörum
• INTIMO •
Örugglega besta rakgelið!
Tökum að okkur heimakynningar.
ATH !
VSK af þegar pantað er á netinu !
Skúlagata 40a s. 562 2433
Dalvegur 16a s. 562 2445
www.amor.is

Stærri limur betri limur
Loksins er komin á markað vara sem gefur þér varanlega stækkun bæði í lengd og þykkt.
Kannaðu málið á bathmate.is
bathmate.is

## Fyrirtæki

**Hársnyrtist. í Hfj.**
Flott stofa og staðsetning. Lækkað verð í 2 milj. Risa tækifæri fyrir öflugt starfsfólk. Uppl. í s. 848 9816.

## Þjónusta



## Vélar og verkfæri




## Til bygginga



**Harðviður til húsabygg-inga.**
**Sjá nánar á www.vidur.is**
Vatnsklæðning, panill, pallaefni, parket, útihurðir, ofl. Gæði á góðu verði. Nýkomnar Eurotec A2 harðviðarskrúfur. Penofin harðviðarolía. Indus ehf, Óseyrarbraut 2 Hf, Uppl.hjá Magnúsi í símum 660 0230 og 561 1122.

**STILLANSAR**
**Mikið magn af stillönsum til leigu. Hentar vel fyrir húsfélög og stærri framkvæmdir. Hagstæð leiga í boði. Sími 865 3414**

# HEILSA

## Heilsuvörur

Taktu þér tak! Með HERBALIFE nærðu árangri. Erla Bjartmarz S. 899 4183, www.eco.is Ný netverslun: www.betriheilsa.is/erla

Botnlaus orka betri líðan! Herbalife Shapework. Heilsuráðgjöf og eftirfylgni. Kaupauki fylgir. Halldóra Bjarna hjúkrunarfræðingur. www.halldorabjarna.is S. 861 4019 & 868 4876.

Betri lífsstíll aukin orka með Herbalife. Reynsla í heilsuráðgjöf. Kaupauki/prufur. www.rkb.heilsuskyrsla.is Rannveig iðjuþjálfi/einkaþj. s. 862 5920.

Árangur með Herbalife í 29 ár. Pantaðu frían prufupakka. Edda Borg S. 896 4662 www.lifsstill.is

## Fæðubótarefni

Viltu léttast? Eða þyngjast? Prófaðu Herbalife! Ólöf 861 5356, osa@ismennt.is

## Nudd

Ferðanuddbekkir og ferðaóléttubekkir, gæði og gott verð. Uppl. í síma 891 6447.

**Tantric Massage of Sacred touch**
For men, women and couples. Tel 698 8301 www.tantra-temple.com

**Nýtt Nýtt! Nudd - Japanska baðið. Krepputilboð!**
3500.-kr Nudd, 2000.-kr skrúbb og heitur pottur, detox 3500.- kr. Matur 1000.- kr. Ayurveda nudd, sogskálanudd og Tíbet nudd. Opið frá kl. 12.00 alla daga nema sunnudaga. Vaida er komin. Ekkert sex nudd ! S. 823 8280.

**Nudd**
Bíð upp á slökunar og gott heilnudd. Rólegt og gott umhverfi í 101. Sími 896 0082.

# SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

## Námskeið

**Skútusiglinganámskeið í Tyrklandi**
Íslensk skútuleiga í Tyrklandi verður með verkleg siglinganámskeið 3-10 júlí og 10-17 júlí Frábær leið til að sameiga áhugamál og skemmtiferð Nánari upplýsingar onni@seaways-sailing.com og www.sjoleidir.is

## Ökukennsla

Öku- og bifhjólakennsla. Kennslubifreið Mercedes Benz. Davíð S. Ólafsson. S. 893 7181.

# HEIMILIÐ

## Antík

Herriffill Husqvarana ca. 150 ára til sölu. Heill en þarfnast hreinsunar. Tilboð. S. 866 0167.

## Fatnaður

Buxnastyttingar og viðgerðir. Saumagallery Chaemsri Laugaveg 70 S. 552 1212.

## Til sölu

**MEST SELDA KYNLÍFSTÆKI KARLMANNA Í HEIMI**
Gefðu konunni frí og prófaðu hina einstöku múffu sem allir eru að tala um. Aðeins fáanleg í netverslun Fleshlight.is



**FLESHLIGHT.IS**

## Skemmtanir




# TÓMSTUNDIR & FERÐIR

## Gisting

Gisting Jyderup / Danmörk www .123hjemmeside.dk/islandskstrik

## Fyrir veiðimenn

Ný týndir Laxa og Silungamaðkar. S. 864 5290.

Nýtýndir laxa- og silungamaðkar til sölu. Uppl. s. 895 9017.

# HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

**www.heimkynni.is**
**Til leigu 4ja herbergja íbúðir, lausar strax. Heimilistæki fylgja. Allar frekari upplýsingar á heimasíðu okkar www.heimkynni.is**

**www.leiguherbergi.is Gistiheimili / Langtímaleiga / Guesthouse long term rent.**
**Herb. til leigu. Eldh. baðh. internet, 10 sjónvarpsst., þvottah. Verð frá 35 þús. Dalshraun HFJ og frá 45 þús. Funahöfða RVK. Long term rent. Kitchen, bathroom, 10SAT TV, laundry room. Price from 35.000 ISK. Dalshraun HFJ & 45.000 ISK. Funahöfða RVK. Uppl/info í S. 824 4535. www.leiguherbergi.is**




Vel skipulögð og björt 56 fm íbúð til leigu í Kópavogi, miðsvæðis á höfuðborgarsvæðinu. Leiga: 85 þús, hiti og þrif á sameign innifalið. Frekar uppl. í s. 663 2308 eða peturingip@gmail.com.

Til leigu 4 herb. íbúð í Hraunbæ, 110 Rvk. Leigist til lengri eða skemmri tíma. Laus strax. Uppl. í s:893-3836 eða jonsist@simnet.is

Vesturbær. Nýuppgerð 3ja herb. íbúð með sérinng. til leigu. Uppl. í s. 562 1643.

1-2 manna herb. í Hfj. Aðg. að baði. eldh., þurrkara og þvottavél. Uppábúin rúm. S. 892 5309.

Til leigu nettar 1 og 2 herbergja, vel staðsettar íbúðir í Fannborg í Kópavogi. Stutt í alla þjónustu. Leikskóli, grunnskóli og MK í göngufjarlægð. Allar upplýsingar í síma 616 2677.

Herb. til leigu m/ aðg. að baðh.. á sv. 105. Uppl. í s. 562 0952 & 663 8108.

3. herb. íbúð til leigu í vesturbænum í Hfj. Íbúðin er hæð og ris. Jafnvel leiguskipti fyrir íbúð á Akureyri. Uppl. í s. 868 6390.

Til leigu 4 herbergja íbúð í Furugrund í Kópavogi. Nánari upplýsingar í síma 660-3025 & 899-2829

## Húsnæði óskast

62 ára kona óskar eftir lítilli íbúð i langtímaleigu. Hámark 70. þús. Uppl. í S: 661-6361

Ekki býrðu svo vel að eiga húsnæði sem í er geymsla og kannski bílskýli sem þig vantar að fá pening fyrir . Ef svo þá er ég að ath með svoleiðis. Endilega bjalla í mig 862 8400.

Óska eftir ódýrri stúdíó íbúð fyrir 27 ára Pólskan karlmann. Fínn náungi, talar ensku. S. 899 4274.

49 ára gamall kk óska eftir 2-3 herb. íbúð á sanngjörnu verði á Rvk. sv. S. 898 8713.

Óska eftir 3 herb. íbúð Frá 1 júlí A.t.h óska eftir langtímaleigu, eingöngu í Grafarvogi. Leigugeta 90-115 Þús. Öruggum greiðslum heitið Uppl. Í síma 772 6658 eða 822 3818 eftir kl. 17:00.

## Sumarbústaðir



**Útsala-Sumarhús.**
Nýtt fullbúið sumarhús ca.100 m2 á góðum stað við Geysi í Haukadal. Hitaveita, eignarlóð. klst. akstur frá Rvk. Fæst á 15.5m stgr. Uppl. í s. 892 0566 e-mail bygg@internet.is

**Sumarbústaðarlönd til sölu.**
**Sölusýning á laugardag milli kl. 13-16 í landi Kilhrauns á Skeiðum. Kalt vatn, sími og rafmagn að lóðamörkum. Verið velkomin.**
**Hafið samband í síma 824 3040 Hlynur &**

**893 4609 Haukur. Heimsíðan er: www.kilhraunlodir.is**

Til leigu sumarhús við Brúará. Svefnpláss fyrir 8 manns. Heitur pottur. Lausar vikur í maí og júní. Verð per vika 95þús. Uppl. á maggahronn@gmail.com eða í s. 848 8881 e.kl. 20




Í Fréttablaðinu færðu nýjustu upplýsingar um vörur og þjónustu, heitustu fréttirnar og bestu tilboðin. Á hverjum degi í langmest lesna dagblaði á Íslandi, Fréttablaðinu.

**FRÉTTABLAÐIÐ**
MARKAÐSTORG HEIMILANNA

PARTÝBÚÐIN
ALLT FYRIR VEISLUNA
Partýbúðin
Faxafeni 11
Full búð af fjöri fyrir
Eurovision partýið

## Tilkynningar



### *Kæru skólasystkini úr Lindargötuskóla*

**Árgangur 1944**

Oft hefur borið á góma að gaman væri að við myndum hittast og rifja upp gömlu góðu dagana. Nokkur af okkur höfum rætt þessa hugmynd frekar og ákveðið að kalla saman þá sem voru í Lindargötuskóla á árunum 1957 – 1959.

Við höfum tekið frá salinn Ásbyrgi á Hótel Ísland ( Broadway ) Þar sem ætlunin er að hittast, gleðjast og hlæja.
Laugardaginn 16. maí milli kl:14 og 17.

**Allir eru hvattir til að mæta á staðinn.**

## Frá Norðfirðingafélaginu

Norðfirðingafélagið stendur fyrir göngu í kringum Vífilsstaðavatn þann 16. maí nk. undir leiðsögn Hrafnkels Helgasonar. Mæting kl. 10:30 við neðra bílastæðið.

Á sjómannadaginn þann 7. júní verður sjómannadagskaffi auk tónlistaratriða á Kaffi Reykjavík kl. 15:00-17:00

Skipulags stofnun

## Mat á umhverfisáhrifum

**- Ákvörðun Skipulagsstofnunar um matsskyldu framkvæmda**

Skipulagsstofnun hefur tekið ákvörðun um að **breytingar á aflþynnuverksmiðju Becromal á Krossanesi, Akureyri,** skuli ekki háðar mati á umhverfisáhrifum samkvæmt lögum nr. 106/2000 m.s.b. um mat á umhverfisáhrifum.

Ákvörðunin liggur frammi hjá Skipulagsstofnun, Laugavegi 166, 150 Reykjavík. Hana er einnig að finna á heimasíðu Skipulagsstofnunar: **www.skipulag.is.**

Ákvörðun Skipulagsstofnunar má kæra til umhverfisráðherra og er kærufrestur til **16. júní 2009.**

**Skipulagsstofnun**

## AUGLÝSING

**um tillögu að nýju aðalskipulagi Sveitarfélagsins Voga 2008-2028**

Bæjarstjórn Sveitarfélagsins Voga auglýsir skv. 18. gr. skipulags-og byggingarlaga nr. 73/1997 tillögu að nýju aðalskipulagi Sveitarfélagsins Voga 2008-2028.
Skipulagsstofnun gerir ekki athugasemdir við tillöguna.

Tillagan verður til sýnis á skrifstofu Sveitarfélagsins Voga að Iðndal 2, Vogum frá og með 15. maí 2009 til og 19. júní 2009 og er hún jafnframt aðgengileg á vef sveitarfélagsins www.vogar.is . Kynningarfundur verður haldinn 21. maí næstkomandi í Tjarnarsal.
Þeim sem telja sig eiga hagsmuna að gæta er hér með gefinn kostur á að gera athugasemdir við tillöguna. Frestur til að skila inn athugasemdum er til 3. júlí 2009.
Hver sá sem eigi gerir athugasemdir innan tilgreinds frests telst samþykkur henni.
Athugasemdum skal skila á skrifstofu Sveitarfélagsins Voga.

Vogum, 15. maí 2009.
Bæjarstjóri

## Atvinnuhúsnæði

Atvinnuhúsnæði í Hafnarf.til leigu. 168 m2, fullbúið, stór hurð 4,2x4,2, stórt útisvæði. S: 660-1060

**Fyrir innlendan iðnað**
1.706 m2 framleiðsluhús á Eyrarbakka. Raf.inntak 1.200 amp Starfsm.aðstaða. Útisvæði og fl. Hagstæð leiga. S. 661-6800

## Geymsluhúsnæði




**www.buslodageymsla.is**
Búslóðageymsla Olivers 100 kr á dag hvert bretti. Starfað í yfir 20 ár. S. 567 4046 & 892 2074.

**geymslur.com**
Geymslur frá 3990.- kr á mán.Í Garðabæ (hjá Ikea) og Reykjavík (Fiskislóð) Upphitað, vaktað & öryggismyndavélar. S. 555 3464

**www.geymslaeitt.is**
Sér geymslur frá 5 til 17 m2. Góð verð. Opið 8-22. Búslóðir, lagerar, bókhald, iðnaðarmenn. Upphitað og vaktað.S: 564-6500

## Gisting

**www.leiguherbergi.is**
Herbergi til leigu í Reykjavík og Hafnarfirði, frá 1500.- kr á dag. www.leiguherbergi.is s. 824 4535

# ATVINNA

## Atvinna í boði



**Sexychat.is - tekjulind**
Sexychat.is er nýr og svolítið djarfur vefur þar sem ófeimnum, kynþokkafullum konum bjóðast ýmsir tekjumöguleikar. Kynntu þér málið á www.sexychat.is (tekjulind).

Xtra hár

**Hársnyrtifólk - Frábært tækifæri**
Rótgróin stofa á besta stað í bænum með góðu aðgengi til leigu. Einnig er í boði stólaleiga. Hringið til að fá upplýsingar hjá Maríu s. 893 0400.

Duglegir dreifingaraðilar óskast. JenFe Orkuskot S. 660 7753 orkuprof@gmail.com

Óskum eftir bakara eða vönum aðstoðarmanni. allar uppl. gefur Bergur Vilberg kökuhús Vestmannaeyjum GSM: 898 2466 S:481 2664.

**STÖRF.IS**
Leitaðu á meðal rúmlega 400 atvinnuauglýsinga. Leitin hefst hjá okkur.

## Viðskiptatækifæri

**Viðskipti 21 aldarinna**
Hefur þú fengið nóg af innantómum loforðum? Áttu draum um eigið viðskiptaveldi? Hringdu í S: 512-1604 og hlustaðu.

# TILKYNNINGAR

## Einkamál



**Sexychat.is**
Sexychat.is er vandaður, nokkuð djarfur og mjög myndrænn vefur fyrir fólk sem vill sýna sig, spjalla og kynnast. Almenn áskrift er ókeypis. Fleiri áskriftarleiðir bjóðast, einnig fyrir djarfasta fólkið. Vertu æfinlega velkomin/n. Sexychat.is.



Tek að mér viðgerðir á öllum tegundum af kynlífsleikföngum. Er með varahluti í allar helstu tegundir titrara, strap on, og gerviskapa. Býð einnig upp á stillingu og hreinsun á Micro Vibro, Cyber flicker, Bull nose ofl. Siggi Nikk. S. 824 1121.

**SÍMAÞJÓNUSTUR**

**Stefnumót**
905-2000 (símatorg)
535-9920 (kreditkort)
535-9923 (frítt, karlar)
555-4321 (frítt, konur)
**Spjall**
904-5454 (símatorg, karlar)
535-9940 (kreditkort, karlar)
555-4321 (frítt, konur)
**Gay spjall**
535-9988 (kreditkort)
**Sögur**
905-2002 (símatorg)
535-9930 (kreditkort)
**Spjalldömur**
908-6000 (símatorg)
535-9999 (kreditkort)

**Símaþjónusta Spjalldömur**

**S. 908 6666 & 908 2000.**
**Opið þegar þér hentar**

**Myndarleg kona**
grannvaxin, 36 ára, ungleg, með fallega rödd, leitar kynna við karlmann með notalega tilbreytingu í huga. Augl. hennar er á Rauða Torginu Stefnumót, s. 905-2000 (símatorg) og 535-9920 (kreditkort), augl.nr. 8542.

## Fasteignir



**Stórglæsileg lúxusíbúð**

Stórglæsileg 5herb., 131,2 fm, lúxusíbúð á tveimur hæðum í Naustabryggju. Mikið lagt í allar innréttingar. Gólfefni á allri íbúðinni eru náttúrusteinsflísar. Mikið lagt í þessa eign, sjón er sögu ríkari. Öll skipti skoðuð. Ásett verð 42 millj. Áhvílandi 20 millj.

**Upplýsingar í síma 618-7618**

;ALLT HELGIN

# Til fundar við Draumalandið

**UMRÆÐAN**

Jón Kristjánsson skrifar um Draumalandið



JÓN KRISTJÁNSSON

Nú er verið að sýna myndina Draumalandið í kvikmyndahúsum og ég var einn af þeim sem fóru í bíó. Mér lék nokkur forvitni á að sjá myndina, ekki síst vegna þess að ég var að hluta til þátttakandi í þeirri atburðarás sem verið er að lýsa. Ég var einn af þeim þrem fjórðu hlutum þingmanna sem samþykktu Kárahnúkavirkjun og studdu uppbygginguna á Reyðarfirði.

Ég keypti bókina Draumalandið á sínum tíma og las hana. Þess vegna kom myndin mér ekki á óvart. Hins vegar get ég ekki látið hjá líða að láta mitt álit á henni í ljós.

Draumalandið er kynnt sem heimildarmynd. Þetta er ágætlega gerð kvikmynd enda eru fagmenn að verki, hvort sem um er að ræða myndatöku, textagerð eða klippingu efnis úr fréttum eða annars staðar frá. Hins vegar er myndin að mínum dómi fyrst og fremst áróðursmynd. Hún þjónar sínum tilgangi sem slík. Hún dregur fram málstað þann sem aðstandendur hennar eru að berjast fyrir, en það er langt í frá að hún dragi upp heildarmynd af framvindu mála, á þann hátt sem ég hélt að heimildarmyndir ættu að gera. Efnismeðferðin er ekki mjög sanngjörn, svo vægt sé til orða tekið. Annars verð ég að viðurkenna að ég kann ekki að draga markalínur milli heimildarmynda og áróðursmynda, en eigi að síður er vissa mín að Draumalandið flokkast undir vel gerðan áróður. Ég vil nefna nokkur atriði sem þessu marki eru brennd.

### Hallað réttu máli

Í fyrsta lagi er lögð mikil áhersla á það í myndinni að stjórnmálamenn sjái ekkert annað en stórvirkjanir sem undirstöðu atvinnulífsins og vilji virkja allt virkjanlegt afl á Íslandi, þar með talið Dettifoss og Gullfoss svo dæmi séu nefnd. Þarna er mjög hallað réttu máli svo ekki sé meira sagt.

Ég hef ekki hitt þann stjórnmálamann sem ekki reiknar með því að af umhverfisástæðum þurfi að slá af varðandi virkjunarkosti. Ég hef ekki heldur orðið var við það nú að virkjun í Jökulsá á Fjöllum sé á döfinni hvað þá Gullfoss, hvað sem einhverjum bæklingum um virkjanlega orku líður. Ég tók þátt í því sjálfur sem settur umhverfisráðherra að kveða upp úrskurð um Þjórsárver og þá var lögð nokkur hugsun og vinna í það hvernig mætti hlífa þeim, og mér er ekki kunnugt um að það hafi staðið til nú í seinni tíð að sökkva þeim. Ekkert var getið um þetta í myndinni. Mér er líka ókunnugt um þann stjórnmálamann sem telur að allt atvinnulíf landsmanna eigi að byggjast upp á stóriðju.

Í öðru lagi var aðbúnaður starfsmanna á virkjunarstað afgreiddur þannig að öll lög og reglur hefðu verið brotin og sú mynd sem áhorfendur sáu var úr gámi þar sem troðið hafði verið inn borði og nokkrir verkamann sátu þar við þröngan kost, þar á meðal einn sem klæddur var í plastpoka til fótanna. Vissulega var ekki allt eins og það átti að vera í upphafi framkvæmdanna hvað aðbúnað snertir, en þessi mynd var víðsfjarri raunveruleiknum, um það regluverk, sem í gildi er um aðbúnað á vinnustöðum. Löggjöf var m.a. breytt til þess að herða reglur um starfsmannaleigur. Vissulega urðu hörmuleg slys á virkjunartímanum, enda voru þessar framkvæmdir þær flóknustu og erfiðustu sem gerðar hafa verið hér á landi.

### Óviðkunnanleg meðferð

Í þriðja lagi var mikil áhersla lögð á það í myndinni að Alcoa væri vafasamt fyrirtæki í meira lagi, og klippt voru saman myndbrot frá Indlandi og Ástralíu til þess að sanna það, auk þess sem prófessor nokkur var fenginn til vitnis. Ekkert var getið um það hins vegar að fyrirtækið hefur mér vitanlega farið eftir þeim reglum hérlendis sem settar hafa verið. Verksmiðjan á Reyðarfirði er traustur vinnuveitandi það sem af er. Allur aðbúnaður þeirra að fólki á byggingartímanum var til fyrirmyndar og svo er enn.

Sérlega fannst mér óviðkunnanleg meðferðin á Guðmundi Bjarnasyni fyrrverandi bæjarstjóra á Neskaupstað í myndinni. Ég þekki þann ágætismann vel og finnst það einkar óviðkunnanlegt að láta liggja að því að hann sé einhverskonar mútuþegi og verkfæri Alcoa til þess að plata saklausar sveitarstjórnir.

Í fjórða lagi eru dregin fram í myndinni umhverfisáhrif virkjunarinnar, og þau eru vissulega mikil. Önnur hlið þeirra, sú verri, er dregin fram og Örn í Húsey er meðal annars dreginn til vitnis um áhrif þess að taka jökulvatnið úr Jöklu. Það getur vissulega valdið leirfoki við vissar aðstæður og ekki ætla ég að gera lítið úr því. Hins vegar fylgja þessu einnig jákvæðir þættir. Ég fór fyrir mörgum árum í leiðangur með Erni að ánni þar sem hann óttaðist að hún væri að ryðja sér farveg yfir Húseyna og austur í Lagarfljót. Ég býst við að sú hætta sé ekki fyrir hendi lengur, auk þess að vinna er hafin að rækta upp lax í ánni. Ekkert af þessu ratar inn í myndina. Önnur hlið umhverfisáhrifanna er lónið og það land sem fer undir vatn. Ég er einn af þeim sem sjá eftir því landi. Það er engin ástæða til þess að draga fjöður yfir það. Ég var hins vegar þeirrar skoðunar að þessa fórn yrði að færa fyrir annan ávinning sem af framkvæmdinni er. Mér finnst hins vegar bót í máli að aðrir hlutar þessa risavaxna mannvirkis eru neðan jarðar. Háspennulínur eru ekki til prýði, þar sem þær eru, en mikið er gert úr þeim í myndinni eins og öllum neikvæðum þáttum.

*Annars verð ég að viðurkenna að ég kann ekki að draga markalínur milli heimildarmynda og áróðursmynda, en eigi að síður er vissa mín að Draumalandið flokkast undir vel gerðan áróður.*

Ég gerði mér engar gyllivonir um jákvæða meðferð á almenningi fyrir norðan og austan eða stjórnmálamönnum í myndinni. Stjórnmálamennirnir eru meðhöndlaðir með ummælum sem yfirleitt eru klippt út úr lengri viðtölum eða ræðum. Sérstök áhersla var lögð á að sýna að Valgerður Sverrisdóttir flokkssystir mín og samstarfsmaður væri afar höll undir Alcoa. Valgerður vann að þessu máli af miklum dugnaði eins og hennar var von og vísa, með það að markmiði að styrkja atvinnulíf þjóðarinnar. Hvað fólkið fyrir norðan og austan varðar, þá lifir það við þann veruleika í atvinnumálum að því finnst tilkoma fyrirtækis sem hefur um 500 manns í fastri atvinnu og nokkur fyrirtæki í viðbót sem þjóna því sumum með tugum manna í vinnu gleðilegur atburður. Mér fannst sú gleði lögð út á versta veg í myndinni.

### Áróður verði að trúarbrögðum

Myndin hefur að geyma sorglegar senur af dýralífi við Hálslón, eins og gæs sem flýtur uppi á hreiðri sínu. Það er dapurlegt á að horfa eins og aðrar myndir úr náttúrunni þar sem dýrin lifa í hinum harða heimi, og lúta í lægra haldi fyrir rándýrum og náttúruöflunum. Myndin endar hins vegar á senu af hreindýrum á Vesturöræfum á hröðum flótta. Sá flótti er vissulega af manna völdum og stafar af flugvél myndatökumannanna sem fylgir þeim eftir í lágflugi.

Niðurstaða mín eftir að hafa horft á Draumalandið er að myndin sé vel gerð áróðursmynd en víðs fjarri því að draga upp sanngjarna heildarmynd af því sem gerðist fyrir austan. Gallinn við áróðursmyndir er sá, ekki síst ef þær eru vel gerðar að efni þeirra fer smátt og smátt að verða sannleikur. Það mætti nefna mýmörg dæmi um slíkan sannleika í seinni tíð. Hættan er líka fólgin í því að hin einhliða mynd áróðursins verði að trúarbrögðum.

*Höfundur er fyrrverandi ráðherra.*




Alba E.H. Hough, vínþjónn ársins

Sigurvegarar á VOX

**Vínþjónn ársins og matreiðslumaður ársins starfa á VOX**

Við óskum Ölbu og Jóhannesi til hamingju með Íslandsmeistaratitla sína. Við erum stolt af árangri þeirra og vitum að þau og félagar þeirra munu áfram veita gestum okkar á VOX höfðinglegar móttökur.

VOX
RESTAURANT/BISTRO

VOX Restaurant
18.30 - 22.30
Opið mið. - lau.

VOX Bistro
11.30 - 22.30
Opið alla daga

Hilton Reykjavík Nordica
Suðurlandsbraut 2
Sími 444 50 50



Jóhannes Steinn Jóhannesson, matreiðslumaður ársins

www.vox.is

**GRÍMUR THOMSEN FÆDDIST ÞENNAN DAG ÁRIÐ 1820.**

*„Sá er bestur sálargróður sem vex í skauti móður.“*

***Grímur var íslenskt skáld, bókmenntafræðingur, þingmaður og bóndi.***



# tímamót

timamot@frettabladid.is

**ÞETTA GERÐIST:** 15. MAÍ ÁRIÐ 2008

## *Samkynhneigðir fá að giftast*

Þennan dag árið 2008 varð Kalifornia annað ríki Bandaríkjanna til að leyfa hjónabönd samkynhneigðra en Massachusetts reið á vaðið árið 2004. Leyfið var veitt eftir að hæstiréttur Kaliforniu úrskurðaði að fyrra bann gengi gegn stjórnaskránni.

Hinn 5. nóvember sama ár var leyfið hins vegar afturkallað en þá höfðu nokkur þúsund samkynhneigð pör gengið í það heilaga. Ástæða þess var sú að tillaga, sem vestanhafs gekk undir nafninu Proposition 8, var samþykkt með 52,1 prósenti atkvæða. Í henni var mælst til þess að málsgreininni „Aðeins hjónaband milli karls og konu er gilt og löglegt í Kaliforníu“ yrði bætt í stjórnarskrá ríkisins.

Margir íhaldssamir hópar töluðu óspart fyrir tillögunni til að snúa við ákvörðun hæstaréttar frá því 15. maí um að lögleiða hjónaband samkynhneigðra. Sjálfur hafði hæstirétturinn snúið við



ákvörðun þjóðaratkvæðagreiðslu frá árinu 2000 þar sem 61 prósent kjósenda vildi að hjónaband gæti aðeins verið milli karls og konu.

## MERKISATBURÐIR

1811 Paragvæ fær sjálfstæði frá Spáni.

1941 Alþingi samþykkir að fresta þingkosningum um allt að fjögur ár vegna hins óvenjulega ástands sem ríkti í landinu sem var hernumið. Kosningar fóru fram strax á næsta ári.

1952 Fiskveiðilögsaga Íslands er færð út í fjórar mílur. Hún var áður þrjár.

1967 Fyrsta íslenska sjónvarpsleikritið, Jón gamli eftir Matthías Johannessen, er frumsýnt.

1987 John Travolta kvikmyndaleikari kemur til Íslands.

1991 Edith Cresson er kjörin fyrsti kvenforsætisráðherra Frakklands.



*Móðir okkar,*

**Sigríður Eymundsdóttir**

sjúkraliði frá Flögu í Skriðdal,

lést að morgni fimmtudagsins 14. maí. Jarðarförin verður auglýst síðar.

**Eygló Magnúsdóttir**
**Eymundur Magnússon**
**Steinarr Magnússon**



*Frændi okkar og vinur,*

**Margeir Pétur Steingrímsson**

Dvalarheimilinu Hlíð, Akureyri, áður til heimilis í Skarðshlíð 4g,

lést 9. maí. Útför hans fer fram frá Höfðakapellu þriðjudaginn 19. maí kl. 13.30.

**Valborg Svavarsdóttir** **Haukur Valtýsson**
**Agnes Tulinius Svavarsdóttir** **Ottó Tulinius**



*Hjartans þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför elskulegs föður okkar, tengdaföður, afa og langafa,*

**Hannesar Þorsteinssonar.**

Við færum öllum á Dvalar- og hjúkrunarheimilinu Grund sérstakar þakkir fyrir góða umönnun, kærleika og félagsskap.

**Hjörtur Hannesson** **Sigrún Axelsdóttir**
**Guðrún Hannesdóttir** **Vilhjálmur Þór Kjartansson**
**Una Hannesdóttir** **Geir Ingimarsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



*Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Gerður S. Þórarinsdóttir**

Brekkugerði 18, Reykjavík,

lést þriðjudaginn 12. maí. Jarðarförin fer fram frá Dómkirkjunni í Reykjavík föstudaginn 22. maí kl. 15.00.

**Auður Sveinsdóttir**
**Þórarinn Egill Sveinsson** **Inga Einarsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



*Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma, langamma og hjartkær vinkona,*

**Sigrún Oddgeirsdóttir**

Hæðargarði 35, áður Skipasundi 11,

andaðist á líknardeild Landakotsspítala 12. maí. Jarðarförin fer fram frá Fossvogskirkju þriðjudaginn 19. maí kl. 15.00.

**Ingvar A. Guðnason** **Þórunn Guðmundsdóttir**
**Gunnar Guðnason** **Sigríður Davíðsdóttir**
**Haukur Geir Guðnason** **Anna Sigríður Guðmundsdóttir**
**barnabörn, barnabarnabörn,** **Theódór Halldórsson**



*Innilegar þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför*

**Helga Jökulssonar**

Dverghömrum 26, Reykjavík.

Sérstakar þakkir til lækna og starfsfólks líknardeildar Landspítalans í Kópavogi.

**Gréta Fjeldsted Kristinsdóttir**
**Guðrún Helgadóttir** **Grímur Sigurðsson**
**Jón Heiðar Helgason**
**Lilja Kristín Þorsteinsdóttir** **Eiríkur Jón Gunnarsson**
**og barnabörn.**



*Hjartans þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug vegna andláts og útfarar okkar ástkæru móður, tengdamóður, ömmu og langömmu,*

**Bjargar Hallvarðsdóttur,**

Höfðagrund 10, Akranesi.

Sérstakar þakkir til starfsfólks lyflækningadeildar Sjúkrahúss Akraness fyrir góða umönnun og hlýlegt viðmót.

**Anna K. Skúladóttir** **Jón I. Haraldsson**
**Lárus Skúlason**
**Málfríður G. Skúladóttir** **Gísli H. Hallbjörnsson**
**Skúli Skúlason** **Margrét G. Rögnvaldsdóttir**
**Guðmundur Skúlason** **Guðrún Ísleifsdóttir**
**Hallveig Skúladóttir** **Stefán Jónsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



*Eiginmaður minn , faðir okkar, tengdafaðir og afi,*

**Magnús Finnbogason**

frá Lágafelli, Gilsbakka 2, Hvolsvelli,

lést þriðjudaginn 5. maí. Útför hans verður gerð frá Krosskirkju Austur-Landeyjum laugardaginn 16 maí kl 14.00 Blóm og kransar vinsamlega afþakkaðir en þeim sem vildu minnast hans er bent á minningarsjóð Guðrúnar á Lágafelli reikn nr. 0182-15-370217 kt. 570269 5509 eða Dvalarheimilið Kirkjuhvol Hvolsvelli

**Auður Hermannsdóttir**
**Vilborg Magnúsdóttir** **Gunnar Hermannsson**
**Finnbogi Magnússon** **Þórey Pálsdóttir**
**Ragnhildur Magnúsdóttir** **Guðmundur Erlendsson**
**og barnabörn.**



**ÁNÆGÐUR MEÐ ÁRANGURINN** Jóhannes varði titilinn frá því í fyrra. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

JÓHANNES STEINN JÓHANNESSON: MATREIÐSLUMAÐUR ÁRSINS

# Byr undir báða vængi

Matreiðslumeistarinn Jóhannes Steinn Jóhannesson sigraði í keppninni Matreiðslumaður ársins 2009 sem haldin var á matartorgi sýningarinnar Ferðalög og frístundir í Laugardalshöll um síðustu helgi. Með því varði hann titilinn frá því í fyrra og hefur það ekki gerst síðan Sturla Birgisson sigraði árin 1995 og 1996.

Jóhannes Steinn er að vonum ánægður og segir titlana gefa sér byr undir báða vængi. Hann hefur staðið í ströngu undanfarnar vikur en hann tók þátt í forkeppni í byrjun maí og var á meðal þeirra fimm, úr sextán manna hópi, sem komust áfram. Síðan hefur hann verið að undirbúa aðalkeppnina og útbúa matseðil.

„Við fengum allir sama hráefnið og var uppálagt að vinna út frá því. Í forrétt áttum við að vera með hlýra og tuttugu prósent annað hráefni. Í aðalrétt hrossalund og nautaflatsteik og í eftirrétt peru, ananas, drekaávöxt og sítrónutimjan,“ útskýrir Jóhannes Steinn. Útkoman varð eftirfarandi: Forréttur: Hægelduð hlýra- og humarrúlla ásamt bakaðri hlýrakinn og steiktum humarhala. Borið fram með gulrótum, grænum ertum og stökku sólkjarnarúgbrauði. Aðalréttur: Hrossalund í rauðrófuhjúp ásamt stökksteiktri nautaflatsteik, kartöflu og hnúðbrauðsköku. Borðið fram með rauðrófum, aspas, jarðskokkum og rósmaríngljáa. Eftirréttur: Hvít súkkulaði- og pistasíukaka ásamt vanillubúðingi og pistasíuhlaupi. Borið fram með perukrapi og sítrónublóðbergsfroðu.

Sigurinn veitir Jóhannesi keppnisrétt í keppnunum Matreiðslumeistari Norðurlanda, Global Chef Challenge og One World Competition svo dæmi séu tekin svo hann mun áfram þurfa að brjóta heilann um uppskriftir og matseðla.

Jóhannes, sem starfar á veitingastaðnum Vox, segir að þar á bæ hafi menn sópað til sín verðlaunum um helgina. „Alba E. Hough var valin vínþjónn ársins og Ólafur Ágústsson sigraði í landshlutakeppninni Íslenskt eldhús en hann keppti fyrir hönd Austurlands,“ segir Jóhannes. Í þeirri keppni notar hver matreiðslumeistari hráefni úr sínu héraði og segir Jóhannes aukna áherslu á slíka matargerð. Á Vox, líkt og á veitingastaðnum Dill, í Norræna húsinu, notum við til dæmis eingöngu norrænt hráefni. **vera@frettabladid.is**

Vegna útfarar

**Gunnsteins Lárussonar**

skósmíðameistara verður öllum skóvinnustofum lokað frá kl. 12-16.

**Landssamband skósmiða.**




VILDARÁSKRIFT AÐ STÖÐ 2 INNIHELDUR: AUK STIGVAXANDI AFSLÁTTAR 512 5100 | STOD2.IS | VERSLANIR VODAFONE | VERSLANIR OG ÞJÓNUSTUVER SÍMANS 800 7000


BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS
Coke 4 flöskur = 8 ltr. 595 kr.
COKE 2 LTR - COKE LIGHT 2 LTR - COKE ZERO 2 LTR.
NÝTT KORTATÍMABIL
69
PEPSI-PEPSI MAX- EGILS APPELSÍN 500 ml 69 kr.
98
489
BÓNUS PYLSUR 10 STK 489 kr./kg.
25 KR STYKKIÐ
BÓNUS PYLSUBRAUÐ 5 STK 98 kr.
219
BÓNUS SNAKK
AÐEINS 20-25 % FITA
219 kr. pokinn.
279
SUNMAID RÚSÍNUR
500g 279 kr.
BAKAÐU ÞÍNA EIGIN PIZZU
298
259
FERSKT PIZZUDEIG 400g 298 kr.
RIFINN MEXIKÓOSTUR 200g 259 kr.
398
EMMESS ÍS-TOPPAR 4 STK
2 TEG 398 kr pakkinn.
279
SUNSWEET SVESKJUR
400g 279 kr.
598
BÓNUS
FROSPINNAKASSI
24 STK 598 kr. 25
398
EMMESS SKAFÍS 1,5 LITER 398 kr.
369
VÍNBER RAUÐ 369 kr./kg.
198
BÓNUS FROSIN SMÁBRAUÐ
50% MEIRA MAGN
SAMA VERÐ
198 kr pokinn.
BÓNUS BÝÐUR BETUR
VISA
AFGREIÐSLUTÍMI: FÖSTUDAGUR 10:00 TIL 19:30.


BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS
20 ára
BÓNUS
1989 - 2009
1498
KJÖRFUGL FERSKAR
KJÚKLINGABRINGUR 1498 kr./kg.
1798
ALI FERSKAR KJÚKLINGABRINGUR
MERKT VERÐ 2998 KR./KG. 40% AFSLÁTTUR 1798 kr./kg.
498
KJÖRFUGL FERSKUR HEILL KJÚKLINGUR
498 kr./kg.
450
ÍSLANDSFUGL FROSINN HEILL KJÚKLINGUR
450 kr./kg.
598
ALI FERSKUR HEILL KJÚKLINGUR
MERKT VERÐ 998 KR./KG. 40% AFSLÁTTUR 598 kr./kg.
NÝTT KORTATÍMABIL
3498
K.S LAMBALUNDIR FROSNAR
3498 kr./kg.
1359
K.S FROSINN HRYGGUR Í SNEIÐUM
1359 kr./kg.
2698
K.S LAMBAFILLET FROSIÐ 2698 kr./kg.
398
CAJ-P GRILL OLÍA 500 ml
398 kr.
1798
FERSKT LAMBAPRIME 1798 kr./kg.
1359
LAMBALÆRI Í SNEIÐUM 1359 kr./kg.
1198
INNFLUTTAR GRÍSALUNDIR
1198 kr./kg.
187
HUNTS BBQ SÓSUR 612 ml
187 kr.
399
SOKKAR LÁGIR 2 PÖR 399 kr.
698
SÓLGLERAUGU BARNA 698 kr
1198
SÓLGLERAUGU FULLORÐINNA 1198 kr.
SÆLGÆTISBARINN 50% AFSLÁTTUR
ALLA DAGA
80 kr.pr 100 gr poki.
BÓNUS BÝÐUR BETUR
VISA
AFGREIÐSLUTÍMI: FÖSTUDAGUR 10:00 TIL 19:30.

# Helgar FRÉTTABLAÐIÐ blað

alla laugardaga



## Helgarblaðið:

Kolbrún Halldórsdóttir í helgarviðtali.

Beinta Maria Didriksen og Levi Didriksen: Levi níu ára er stoð og stytta tvíburasystur sinnar sem er með sjúkdóm sem aðeins fimm manns í heiminum þjást af.



## Heimili og hönnun:

Íslensk hönnun eins og hún gerist best. Húsgögn, arkitektúr og vöruhönnun í Listasafni Reykjavíkur á Kjarvalsstöðum.



## Menning:

Þrjár óperufrumsýningar í maí.

Mest seldu bókmenntaverk Evrópu í fyrra.

Íslenska ímyndin á viðreisnarárunum.

Allt um Listahátíðina.

Allt sem þú þarft









NOKKUR ORÐ

Kjartan Guðmundsson

# Saga af tveimur prinsum

Vart er hægt að halda því fram að fyrsta platan með Prince (sem tæknilega séð væri hægt að kalla „The artist formerly known as The artist formerly known as Prince“) hafi gefið næg fyrirheit um þá snilli sem Minneapolis-búinn átti eftir að færa heiminum síðar á ferlinum. Platan, For You frá 1978, er langt frá því alslæm og á vissulega sína spretti. Það er hins vegar nokkuð djúpt á þeim tilþrifum sem söngvarinn smávaxni heillaði mig og milljónir annarra með síðar. Í raun má segja að platan sé fullkomlega óslípaður demantur. Aðeins í einu laganna, Soft and Wet, brýst hinn sanni Prince í gegnum hráleikann og reynsluleysið.

Það er heldur ekkert skrýtið. Það er ekki á allra færi að hitta beint í mark í fyrstu tilraun. Strax á næstu plötu, Prince frá 1979, er meistarinn búinn að finna fjölina sína svo um munar eins og lögin I Wanna Be Your Lover, Why You Wanna Treat Me So Bad og I Feel For You bera vitni um, meðal annarra. Svellandi fín lög alveg hreint, hvert einasta þeirra. Ekki þarf svo að fjölyrða um öll þau meistarastykki sem hann sendi frá sér langt fram á níunda áratuginn. Maðurinn er hálfguð hið minnsta.

Ég vona að dvöl Hollendingsins Prince Rajcomar í herbúðum KR taki svipaða stefnu og hins bandaríska nafna hans. Það var hálf kvalafullt að fylgjast með fyrsta leiknum hans, gegn Fjölni á KR-vellinum, þar sem ekkert virtist ganga upp og áhorfendur voru greinilega orðnir pirraðir á meintu getuleysi leikmannsins. Ég hef hins vegar fulla trú á því að Prince Rajcomar reki af sér slyðruorðið og sýni okkur Vesturbæingum þá miklu hæfileika sem við vitum að hann býr yfir. Fall er fararheill.



# myndasögur

## Pondus

Eftir Frode Øverli




## Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




## Handan við hornið

Eftir Tony Lopes




## Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell




## Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



# Njósnaði um mótleikkonurnar



Shia Labeouf njósnaði um Cameron Diaz og Lucy Liu þegar tökur á Englum Charlies fóru fram. Hann var nefnilega svo heppinn að hjólhýsi fegurðardísanna tveggja voru á móti hans hjólhýsi.

Shia var smástirni þegar tökur á myndinni fóru fram árið 2003 en stjarna hans hefur risið nokkuð með Transformers-myndinni. Hann fékk þó engu að síður sitt eigið athvarf og gat horft þaðan á það sem Diaz og Liu voru að gera á milli atriða. „Ég sá allt, ég kom því bara þannig fyrir að þær föttuðu aldrei að ég væri að horfa,“ upplýsti Labeouf í samtali við bandarískan vefmiðill. Ekki er hins vegar víst hvernig þær Liu og Diaz muni taka þessum tíðindum.

# Mynd um ævi Sinatra

Martin Scorsese ætlar að leikstýra „óhefðbundinni“ kvikmynd um ævi Franks Sinatra. Þetta verður fyrsta myndin um þennan ástsæla söngvara sem lést árið 1998. Á meðal vinsælustu laga hans voru My Way og New York, New York.

Í myndinni verður ekki rakin ævi Sinatra frá vöggu til grafar heldur verða eftirminnileg augnablik í lífi hans tekin fyrir. Framleiðandi verður dóttir hans Tina. „Faðir minn bar mikla virðingu fyrir hæfileikum þeirra sem unnu með honum og þeir báru mikla virðingu fyrir honum. Það er mjög ánægjulegt að þessi þróun haldi áfram með Marty Scorsese sem leikstjóra Sinatra-myndarinnar,“ sagði hún.





**MARTIN SCORSESE** Leikstjórinn þekkti ætlar að leikstýra mynd um ævi Franks Sinatra.



**MATTHEW FOX** Ætlar að verða flugmaður. NORDICPHOTOS/GETTY

# Lost-leikari lærir að fljúga

**Leikarinn Matthew Fox lætur það ekki stöðva sig að tengjast einu frægasta flugslysi sjónvarpssögunnar. Hann leikur sem kunnugt er í þáttunum Lost, sem snúast um hóp fólks sem verður strandaglópar á eyju eftir flugslys. Fox stefnir nú að því að verða flugmaður sjálfur.**

**Fox hefur flogið svifflugvélum um nokkurra ára skeið en ætlar nú að taka skrefið í átt að alvöru flugvélum. „Ég er að fara að taka hluta prófsins síðar í þessum mánuði. Þetta er að klárast og ég er tilbúinn,“ segir hann.**

# Jessica sver af sér óléttu

Söngkonan Jessica Simpson hefur lýst því yfir að hún sé ekki ólétt. Og því er ruðningsleikmaðurinn Tony Romo ekki að verða pabbi. Allavega ekki með Jessicu Simpson. Orðrómur hefur verið á kreiki um að Jessica beri barn undir belti en hann kemur í kjölfar mikillar umræðu um holdafar ljóskunnar. Jessica kom nýverið fram á tónleikum í San Antonio og þar þóttust einhverjir greina smá kúlu. Og í kjölfarið fóru vefmiðlarnir á kreik og greindu frá hugsanlegri fjölgun mannkynsins. Fjölmiðlafulltrúi Jessicu var þó fljótur að átta sig á hlutunum og sendi út yfirlýsingu sem var ansi stuttorð: „Hún er ekki ólétt.“



**Á EKKI VON Á BARNI** Jessica Simpson á ekki von á barni.




# menning

menning@frettabladid.is

**!** **Laugardag kl. 13.**

*Félag áhugamanna um heimspeki og Konfúsíusarstofnunin Norðurljós stendur fyrir málþingi um kínverska heimspeki frá kl. 13 til 15. Tilefnið er útgáfa Hugar, tímarits um heimspeki sem helgað er kínverskri heimspeki. Málþingið fer fram í Odda, húsi félagsvísinda við HÍ, stofu 101.*

## Endalok karlmannsins í Feneyjum

Ragnar Kjartansson kynnti á miðvikudag hugmyndir sínar um sýningarskálann íslenska á tvíæringnum í Feneyjum í sumar. Þar verður hann staðsettur frá sumarbyrjun fram í nóvember. Er kominn með íbúð og verður við vinnu á hverjum degi, meðan fjórtándu aldar salurinn sem hýsir íslenska framlagið verður opinn, og málar módelið sitt sem verður alla daga í sama búningnum: sundskýlu, með bjórdós í hendi og reykjandi sígarettu. Það er ýmislegt á sig lagt fyrir listina.

Kynningarmiðstöð íslenskrar myndlistar stendur fyrir framlagi Íslendinga á Feneyjatvíæringinn og Ragnar segist hafa fengið nóga peninga frá íslensku þjóðinni og galleríum sínum heima og í útlöndum til að standa í útgerðinni suður í Lóni. Hann sýnir að auki myndbandsverk sem voru unnin í Klettafjöllunum. Það verður því alþjóðlegur svipur á árekstrum þessara ólíku veruleika: málarans í sal með módel að mála með olíu verk sem hlaðast öll upp í hauga og myndbandsverki úr sígildu fjallendi rómantíkurinnar.



**MYNDLIST** Ragnar Kjartansson bregður ekki út af vananum í myndlist sinni.

Ragnar segist vera amatörmálari en hann hafi gaman af að mála. Framlag hans er þannig í senn innsetning og gerningur og svo er hverjum frjálst að spá í hvað þetta þýðir en efnið segir hann vera endalok karlmannsins. Sýningarstjórar eru Markús Andrésson og Dórothea Kirchner. Í tengslum við sýninguna kemur út bók hjá forlaginu Hatje Kantz um listsköpun Ragnars.

**> Ekki missa af**

Sýningunum Yndisleg skrímsli og Sólarupprás í Vatnsmýrinni í Norræna húsinu lýkur nú á sunnudag. Yndisleg skrímsli er sýning hins danska Karavanahóps. Hópurinn hefur starfað í fimmtán ár og samanstendur af atvinnuleikhúsi, hljómsveit og hópi myndlistarfólks. Sólarupprás í Vatnsmýrinni er sýning listamanna frá Sólheimum.

Dekurhæðin
Sími: 577-3737 - www.dekurhaedin.is
NUDD
Verð frá
1690.-
Selásbraut 98
110 Árbæ S:577 3737

Hringdu í síma
512 50 60
ef blaðið berst ekki

## Skírnir kominn út

**Tímarit Hins íslenska bókmenntafélags, Skírnir, er komið út, vorhefti 2009. Ritstjóri er Halldór Guðmundsson bókmenntafræðingur. Heftið er að stóru helgað ástandinu í efnahagskerfum heimsins: Már Guðmundsson skrifar stóra grein um alþjóðlegu fjármálakreppuna og hvernig hún tengist ástandinu hér á landi. Guðrún Nordal íhugar líkindi með Sturlungaöld og okkar daga, og Úlfur Bragason skoðar Flugumýrarbrennu sem kemur líka við sögu í ritdómi Dagnýjar Kristjánsdóttur um Ofsa Einars Kárasonar. Heimspekingarnir Páll Skúlason og Stefán Snævarr fjalla um hin andlegu gildi okkar daga.**

**Margt fleira er að vanda: Jónas Hallgrímsson, Völuspá og dróttkvæði eru í umræðunni en meðal annarra höfunda í heftinu, sem er 250 blaðsíður, eru Sveinbjörn Rafnsson, Tryggvi Gíslason, Bergsveinn Birgisson, Magnús Sigurðsson, Guðni Elísson og Einar Hreinsson. Og er þá ekki allt upp talið.**

Parki
INTERIORS
INNIHURÐIR
TILBOÐ
www.parki.is
DALVEGI 10 - 14 / S:5643500

ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ
Sími 551 1200 / midasala@leikhusid.is / www.leikhusid.is

Kardemommubærinn (Stóra sviðið)

| | | |
|---|---|---|
| Lau 16/5 kl. 14:00 U | Fös 29/5 kl. 18:00 U | Sun 7/6 kl. 14:00 U |
| Lau 16/5 kl. 17:00 U | Lau 30/5 kl. 14:00 U | Sun 7/6 kl. 17:00 U |
| Sun 17/5 kl. 14:00 U | Lau 30/5 kl. 17:00 U | Lau 13/6 kl. 14:00 U |
| Sun 17/5 kl. 17:00 U | Fim 4/6 kl. 18:00 U | Lau 13/6 kl. 17:00 U |
| Sun 24/5 kl. 14:00 U | Fös 5/6 kl. 18:00 U | Sun 14/6 kl. 14:00 U |
| Þri 26/5 kl. 18:00 U | Lau 6/6 kl. 14:00 U | Sun 14/6 kl. 17:00 U |
| Mið 27/5 kl. 18:00 U | Lau 6/6 kl. 17:00 U | Sun 30/8 kl. 14:00 |

Sýningar haustsins komnar í sölu

Hart í bak (Stóra sviðið)

| | | |
|---|---|---|
| Fös 15/5 kl. 20:00 U | | |

Yfir 50 uppseldar sýningar. Sýningum lýkur 15. maí

Creature - gestasýning (Kassinn)

| | | |
|---|---|---|
| Fös 15/5 kl. 20:00 Ö | Sun 17/5 kl. 20:00 Ö | |
| Lau 16/5 kl. 20:00 Ö | | |

Kolklikkaður leikhúskonsert - aðeins fjórar sýningar

Í Óðamansgarði - ópera í samstarfi við Listahátíð í Reykjavík

| | | |
|---|---|---|
| Fös 22/5 kl. 20:00 Ö | Lau 23/5 kl. 20:00 Ö | |

Aðeins tvær sýningar

Ó, þú aftur - afmælissýning leikhópsins Hugleiks (Smíðaverkstæðið)

| | | |
|---|---|---|
| Fös 15/5 kl. 20:00 U | Fös 22/5 kl. 20:00 Ö | Fim 28/5 kl. 20:00 |
| Sun 17/5 kl. 20:00 Ö | Sun 24/5 kl. 20:00 | Fös 29/5 kl. 20:00 |
| Mið 20/5 kl. 20:00 Ö | Mið 27/5 kl. 20:00 | |

Snarpt sýningatímabil - miðaverð aðeins 1.500 kr.

# Lífið er ekki bara leikur

**…það er líka dans á rósum… er yfirskrift ljósmyndasýningar sem verður opnuð á morgun í Ljósmyndasafni Reykjavíkur í Grófarhúsi. Þar verða í fyrirrúmi auglýsingaljósmyndir sem teknar voru á öndverðum viðreisnarárunum, sjöunda áratugnum, þeim umbyltingarsama tíma í íslensku samfélagi.**



**LJÓSMYNDIR** Sirrý Geirs á hvítri gæru. Ímyndarljósmynd fyrir sútunariðnaðinn notuð á kassa utan um gæruskinn. MYND/LJÓSMYNDASAFN REYKJAVÍKUR – PÉTUR Ó. ÞORSTEINSSON.

Sýningin varð til í samstarfi Ljósmyndasafnsins og og hönnunar- og arkitektúrdeildar Listaháskóla Íslands. Sýningarstjórar hennar eru þau Guðmundur Oddur Magnússon, prófessor í grafískri hönnun, og Guðfinna Mjöll Magnúsdóttir, fagstjóri vöruhönnunar.

Rétt eins og meðfylgjandi mynd af fegurðardrottningunni og fyrirsætunni Sirrý Geirs ber með sér má sjá margt spennandi á sýningunni: andstæðurnar í samfélaginu voru miklar: eftir langt tímabil skömmtunar eftirstríðsáranna tók vöruúrval að aukast og sumt varð til af litlu. Nýr neysluhópur tók að láta á sér kræla, kynslóðin, sem fæddist á mölinni á stríðsárunum og fram undir þær pólitísku breytingar sem urðu í samfélaginu seint á sjötta áratugnum, var ný í augum heimsins, stigin upp úr hildarleik kreppu og stríðs sem hafði markað þá sem fyrir fóru.

Guðmundur segir svo í sýningarskrá sinni: „Unglingamenning er að verða til eftir rokkbyltinguna. Ferskir vindar blása. Íslenska þjóðin er flutt úr sveitinni til borgarinnar. Hún saknar reyndar sveitarinnar. Það var sungið „Manstu litlu lömbin“ eða „Ég vil fara upp í sveit“. En það var horft til framtíðar og íslenskur iðnaður var það sem allt snerist um ásamt tengingunni við lífsstíl. Þannig verða þessar myndir til. Orðið hönnun er glænýtt í íslenskri tungu, ferskt og ónotað. Það er sprottin fram ný kynslóð með öðruvísi viðhorf. Þau geta ekki setið á sama hátt og foreldrarnir. Þau vilja öðruvísi stóla. Þau eru táningar í kringum 1960.“ Og eftir að þau eru komin til er allt breytt.

Sýningin verður opnuð á laugardag og varir til loka ágúst. Hún er hluti af dagskrá Listahátíðar og er opin virka daga frá 12-19 og frá kl. 13-17 um helgar. Aðgangur er ókeypis. **pbb@frettabladid.is**

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

**Föstudagur 15. maí 2009**

**➜ Tónleikar**

**20.00** **The Psyke Project** spilar í Molanum, menningar- og tómstundamiðstöð við Hábraut 2, Kópavogi. Einnig koma fram **Dormah, Muck og Skítur.**

**21.00** Sudden Weather Change heldur útgáfutónleika á **Grand Rokk** við Smiðjustíg. Einnig koma fram Skátar og BoB. Húsið opnað kl. 21. Aðgangur ókeypis.

**➜ Dansleikir**

Próflokadjamm **X-977** verður á Sódómu Reykjavík við Tryggvagötu. Agent Fresco, Mammút, Technobandið Stefán og hr. Geir Ólafsson. Húsið opnað kl. 22.

**➜ Síðustu Forvöð**

Veggspjöld eftir **Svavar Pétur Eysteinsson** eru til sýnis í Bókabúðinni, vinnurými Skaftfells, menningarmiðstöð á Seyðisfirði. Sýningu lýkur á sunnudag.

Sýningu **Elínar Hansdóttur Parallax** í Listasafni Reykavíkur við Tryggvagötu, lýkur á sunnudaginn. Opið daglega kl. 10-17, fimmtudaga til kl. 22.

Sýningunum Fabulous Monsters og Sólarupprás í Vatnsmýrinni í **Norræna húsinu** við Sturlugötu, lýkur á sunnudaginn. Sýningin er hluti af hátíðinni List án landamæra. Opið þri.-sun. kl. 12-17.

**➜ Dans**

**20.00** Útskriftarnemendur dansbrautar leiklistardeildar **LHÍ** sýna dansverkið Deadhead's Lament í Hafnarfjarðarleikhúsinu við Strandgötu í Hafnarfirði.

**➜ Handverkssýning**

Handverkssýningin verður opnuð í **Félagsmiðstöðinni við Vitatorg,** Lindargötu 59. Opið kl. 13-16, fös., lau. og mán.

**➜ Fyrirlestrar**

**11.00** Rance Cleveland flytur erindið **„Validating Automotive Control Software using Instrumentation-Based Verification“** hjá HR, Kringlunni 1 (gamla Morgunblaðshúsinu).

**12.00** Guðfræðistofnun býður upp á almennan fyrirlestur með Metropolitan Kallistos Ware. Yfirskrift fyrirlestrarins er **„Orthodox spirituality“** og fer fram í kapellu Háskóla Íslands (aðalbyggingu). Allir velkomnir og enginn aðgangseyrir.

**20.00** **Fred B. Róbertsson** flytur kynningarfyrirlestur um heimsmynd Martinusar í Norræna húsinu við Sturlugötu. **Aðgangur ókeypis og allir velkomnir.**

**➜ Tónlist**

**17.00** Nemendur úr ýmsum deildum tónlistarskólans á Akureyri flytja tónlist í **Eymundsson** við Hafnarstræti á Akureyri.

**20.00** Tríó Romance verður með tónleika í **Dalvíkurkirkju.** Á efnisskránni eru m.a. verk eftir C. Debussy, G. Migot og Sigfús Halldórsson.

**20.00** Koralkórinn, **Älta-Cantaton/**



**Havssångarna** frá Svíþjóð ásamt Skálholtskórnum og Karlakór Hreppamanna halda söngskemmtun í **Skálholtskirkju, Biskupstungum**. Á efnisskrá kóranna er bæði trúarleg og veraldleg tónlist. Aðgangur ókeypis og allir velkomnir.

**➜ Myndlist**

**Guðmunda Kristinsdóttir** hefur opnað sýninguna **„Konur, hvaðan koma þær - hvert eru þær að fara“**, í Saltfisksetri Íslands við Hafnargötu í Grindavík. Opið alla daga kl. 11-18.

Erla Þorleifsdóttir og Stefán Bjarnason hafa opnað **málverkasýningu** í sal hjá Félagsþjónustunni í Hæðargarði 31. Opið virka daga kl. 9-16 og um lau. og sun. kl. 14-17. Enginn aðgangseyrir.

**Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is.**


PEPSI MAX
3 SAGAS
Borgarleikhúsið
Sannleikurinn
Gamanleikur með Pétri Jóhanni Sigfússyni
vodafone
Hlæjum saman í sumar
Snilldareinleikur Péturs Jóhanns, **Sannleikurinn**, hefur slegið rækilega í gegn og verður sýndur á stóra sviði Borgarleikhússins í sumar.
Vodafone býður GSM viðskiptavinum sínum **1.000 kr. afslátt** af miðaverði og fá þeir því miðann á **2.450 kr.**
Fyrsta sýning á stóra sviðinu verður 20. júní. Miðasala er hafin í Borgarleikhúsinu. Til þess að nýta afsláttinn þurfa viðskiptavinir Vodafone að framvísa GSM símanum sínum í miðasölu Borgarleikhússins.
**Eftirfarandi sýningar í stóra sal Borgarleikhússins kl 19.00**
• Laugardaginn 27. júní
• Föstudaginn 3. júlí
• Laugardaginn 11. júlí
• Laugardaginn 18. júlí
Nánari upplýsingar á **vodafone.is** og **borgarleikhus.is**.
Góða skemmtun í allt sumar.
**Lifðu núna**

## > GEFUR ÚT PLÖTU

Leikarinn **Idris Elba**, sem þekktastur er fyrir hlutverk sitt sem Stringer Bell í sjónvarpsþáttunum The Wire, ætlar að hvíla sig á kvikmyndaleik og gefa út plötu á þessu ári. Hann ætlar þó ekki að leita til frægra vina sinna í bransanum, Beyoncé, Jay-Z og Busta Rhymes, eftir aðstoð. „Það gerist alltaf þegar leikarar gerast tónlistarmenn en ég ætla að byrja smátt,“ segir Elba, sem kemur fram undir nafninu Driis.



# Fólk

folk@frettabladid.is

# Trúlofuð og hamingjusöm

Leikarinn Harrison Ford segist vera í skýjunum eftir að hafa trúlofast kærustu sinni til margra ára, leikkonunni Calistu Flockhart. Ford, sem er þekktastur fyrir leik sinn í Star Wars og Indiana Jones-myndunum, lýsti þessu yfir í bandaríska sjónvarpsþættinum Entertainment Tonight. Þegar hann var spurður hvort þau væru ekki hamingjusöm sagði hann: „Þið mynduð örugglega fá að vita það fyrst ef við værum það ekki. Auðvitað erum við það. Ég er alveg í skýjunum,“ sagði Ford. Þau hafa hingað til lítið viljað tjá sig um það hvort hjónaband væri á stefnuskránni en núna virðist styttast óðfluga í það.

Flockart, sem er 44 ára, og hinn 66 ára Ford hafa verið saman í sjö ár. Þau eiga einn son, Liam, sem Flockhart ættleiddi árið 2001. Ford á fjögur börn til viðbótar með tveimur fyrrverandi eiginkonum sínum. Flockhart er þekktust fyrir leik sinn í lögfræðiþáttunum Ally McBeal sem voru sýndir á árunum 1997 til 2002 við miklar vinsældir. Undanfarin ár hefur aftur á móti minna farið fyrir leiklistarferli hennar.



**CALISTA FLOCKART** 22 ára aldursmunur er á Flockhart og Ford.



**HARRISON FORD** Leikarinn vinsæli er mjög hamingjusamur eftir að hafa trúlofast Calistu Flockhart.






# Sony og Fuller vilja Jóhönnu

**Stór útgáfufyrirtæki frá Bretlandi, Svíþjóð og Þýskalandi hafa sýnt áhuga á að semja við Jóhönnu Guðrúnu og gefa jafnframt út plötu hennar Butterflies and Elvis.**

„Það vantar ekki athyglina á henni, við finnum hana,“ segir María Björk Sverrisdóttir, umboðsmaður Jóhönnu Guðrúnar sem syngur í úrslitum Eurovision annað kvöld. Á meðal útgáfufyrirtækjanna sem hafa sýnt henni áhuga er 19 Entertainment sem er í eigu Simons Fuller, höfundar Idol-þáttaraðanna bresku og bandarísku. Þekktustu skjólstæðingar þess eru Kelly Clarkson, Beckham-hjónin og Spice Girls. Sony í Svíþjóð hefur einnig lagt fram fyrirspurn vegna Jóhönnu en hún var einmitt á mála hjá því fyrirtæki í Bandaríkjunum þegar hún var tólf ára. „Ég er að vinna í þessum málum, þetta kemur allt í ljós. En það er mjög mikill áhugi á henni í Þýskalandi, Svíþjóð og Bretlandi,“ segir María Björk. „Við erum bara að skoða hlutina og sjá hvað gerist. Svo veit maður aldrei hvernig hlutirnir verða.“

Þegar Jóhanna var tólf ára gerði hún útgáfusamning við Tommy Mottola, fyrrverandi eiginmann söngkonunnar Mariah Carey og þáverandi forstjóra Sony í Bandaríkjunum. „Hann var þarna að fara frá Sony og stofna sitt eigið plötufyrirtæki. Þetta var á þeim tíma sem bransinn var að hrynja og nokkrir hlutir gerðu það að verkum að við náðum að losa okkur út úr þessu, sem var mjög gott fyrir okkur. Hún var bara tólf ára og þeir vildu stjórna ferðinni og láta hana bíða en við vildum stjórna því sjálf,“ segir María. Hún segir að Jóhanna sé pollróleg þrátt fyrir að erlend stórfyrirtæki bítist um hana. „Við erum búnar að ganga í gegnum svo margt. Hún tekur skref fyrir skref og núna er bara að klára aðalkeppnina,“ segir hún en játar að það yrði frábært ef útgáfusamningur næðist að henni lokinni. „Það er vonandi að við fáum eitthvað úr keppninni. Það er kannski meira atriði heldur en að vinna keppnina, að reyna að einblína á lífið eftir hana.“

freyr@frettabladid.is



**EFTIRSÓTT** Jóhanna Guðrún er eftirsótt af erlendum útgáfufyrirtækjum sem bítast nú um krafta hennar. María Björk, umboðsmaður hennar, vonast til að Jóhanna fái útgáfusamning eftir að Eurovision lýkur. FRÉTTABLAÐIÐ/ALMA






# Pjattrófa dælir bensíni

„Þetta gekk ljómandi vel. Og við stóðum okkur allar vonum framar,“ segir Aníta Lísa Svansdóttir – ungfrú Vesturland og hugsanlega verðandi Ungfrú Ísland. Í gær fóru keppendur í Ungfrú Íslandkeppninni á nokkrar bensínstöðvar til að dæla bensíni, athuga með olíu á bílum viðskiptavina N1 og setja rúðupiss á þá bíla sem þess þurftu við. Allt til stuðnings góðu málefni en þessi gjörningur var liður í fjáröflun til styrktar langveikum börnum. Safnað var rúmlega tvö hundruð þúsund krónum og N1 lagði hundrað þúsund krónur á móti þannig að rúm þrjú hundruð söfnuðust.

Aníta Lísa var hress og segist ekki vera vön bensínafgreiðslu eða því að athuga með olíu á sínum eigin bíl. „Maður er alltaf að læra eitthvað nýtt. Þetta er svo sem engin stjarneðlisfræði. En þetta var frekar fyndið. Við vorum allar í gallabuxum á háum hælum. Og ég var pjattrófa við þetta. Þurfti hanska. Vildi ekki maka olíu á mig og fötin. Þannig að þetta var fyndin sjón,“ segir Aníta fjallhress.

Keppnin Ungfrú Ísland er eftir viku eða 22. þessa mánaðar. Brjálað stress að sögn Anítu sem segir um að gera að hafa gaman af þessu. „Þetta er ótrúlega skemmtileg lífsreynsla og allt öðruvísi en undankeppnirnar. Miklu fagmannlegri undirbúningur og stífar æfingar.“ Aníta er Skagastelpa og í fótbolta, starfar sem þjálfari hjá Val en er nýlega gengin til liðs við FH-inga. Og er ánægð með það – segir gaman að koma að því liði til að byggja upp.

- jbg



**ANÍTA TÉKKAR Á OLÍUNNI** Sjaldan hefur önnur eins fegurð mætt þeim sem vildu taka bensín og í gær. Ungfrú Vesturland segir bensínafgreiðsluna enga stjarneðlisfræði en þó var vissara að hafa starfsmann N1 til aðstoðar. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

NÝTT KORTATÍMABIL

Gerðu góð kaup
alla helgina!

Áfram fjör og flottar vörur

# Sprengitilboð

föstudag, laugardag og sunnudag

# Sprengidagar

# 25% AFSL.

# AF ÖLLU*

nema **15%** afslátturaf allri snyrtivöru
og hjá NTC

Afsláttur af völdum vörum hjá
Oasis og Jane Norman

*Munið að 25% Sprengidagsafsláttur gildir ofan á allar útsöluvörur

DEBENHAMS

HINN FULLKOMNI FATASKÁPUR

Lífsstílsbúð í SMÁRALIND

KONUR HERRAR BÖRN SNYRTIVÖRUR

NÝTT Í BÍÓ — LAUGARÁS BÍÓ — Sími: 553 2075 - bara lúxus










LAUGARÁS BÍÓ SÝNINGARTÍMAR

| | | |
|---|---|---|
| ANGELS & DEMONS | kl. 4, 7 og 10 | 14 |
| STAR TREK | kl. 5.30, 8 og 10.30 | 10 |
| MÚMÍNÁLFARNIR(650kr.) | kl. 4 - Íslenskt tal | L |
| STATE OF PLAY | kl. 10 | 12 |
| 17 AGAIN | kl. 4, 6 og 8 | L |




SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | | |
|---|---|---|
| HANNAH MONTANA | kl. 3:40 - 5:50 - 8 - 10:20 | L |
| STAR TREK XI | kl. 3:30 - 6 - 8D - 10:40D | 10 |
| STAR TREK XI | kl. 8 - 10:40 | VIP |
| THE LAST HOUSE ON THE LEFT Forsýning | kl. 10:40 | 16 |
| NEW IN TOWN | kl. 8:30 | L |
| NEW IN TOWN | kl. 5:50 | VIP |
| STÍGVÉLAÐI KÖTTURINN m/ísl.tali | kl. 4D - 6D | L |
| OBSERVE AND REPORT | kl. 5:50 - 8 - 10:20 | 16 |
| 17 AGAIN | kl. 4 - 6 | L |
| I LOVE YOU MAN | kl. 8 | 12 |
| THE UNBORN | kl. 10:40 | 16 |
| MONSTERS VS ALIENS m/ísl.tali | kl. 3:40 | L |

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI

| | | |
|---|---|---|
| STAR TREK XI | kl. 8D - 10:30D | 10 |
| HANNAH MONTANA | kl. 3:40 - 5:50 - 8 - 10:30 | L |
| ALFREÐ ELÍASSON OG LOFTLEIÐAMYND | kl. 5:30D - 8D | L |
| STÍGVÉLAÐI KÖTTURINN m/ísl.tali | kl. 4D | L |
| MONSTERS VS ALIENS m/ísl.tali | kl. 3:30(3D) | L |
| MONSTERS VS ALIENS m/ísl.tali | kl. 6 | L |
| LET THE RIGHT ONE IN | kl. 10:10 síðasta sýn! | 16 |

SAMBÍÓIN SELFOSS

| | | |
|---|---|---|
| STAR TREK XI | kl. 8 - 10:30 | 10 |
| DRAUMALANDIÐ | kl. 8 | L |
| KNOWING | kl. 10:10 | 12 |
| STÍGVÉLAÐI KÖTTURINN m/ísl.tali | kl. 6 | L |
| 17 AGAIN | kl. 5:50 | L |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| HANNA MONTANA | kl. 6 - 8 | L |
| NEW IN TOWN | kl. 10 | L |
| STÍGVÉLAÐI KÖTTURINN m/ísl.tali | kl. 6 | L |
| STAR TREK XI | kl. 8 - 10:20 | 10 |

SAMBÍÓIN KEFLAVÍK

| | | |
|---|---|---|
| ANGELS AND DEMONS | kl. 5 - 8 - 10:40 | 14 |
| HANNAH MONTANA | kl. 5:50 - 8 - 10:10 | L |



NÝTT Í BÍÓ!










SMÁRABÍÓ SÍMI 564 0000

| | | |
|---|---|---|
| ANGELS & DEMONS D | kl. 3 - 5 - 6 - 8 - 9 - 10.50 | 14 |
| ANGELS & DEMONS LÚXUS D | kl. 5 - 8 - 10.50 | 14 |
| BOAT THAT ROCKED | kl. 5.20 - 8 - 10.40 | 12 |
| X-MEN WOLVERINE | kl. 3 - 5.40 - 8 - 10.20 | 14 |
| MÚMÍNÁLFARNIR | kl. 3 | L |
| MALL COP | kl. 3 | L |

HÁSKÓLABÍÓ SÍMI 530 1919

| | | |
|---|---|---|
| ANGELS & DEMONS | kl. 6 - 9 | 14 |
| BOAT THAT ROCKED | kl. 6 - 9 | 12 |
| X-MEN WOLVERINE | kl. 6.30 - 9 | 14 |
| DRAUMALANDIÐ | kl. 6* - 8 - 10 | L |

* Enskur texti / English subtitles

AUKAKRÓNUR 5%

REGNBOGINN SÍMI 551 9000 — 750 kr. ÓDÝRT Í BÍÓ!

| | | |
|---|---|---|
| ANGELS & DEMONS | kl. 5.30 - 8.30 - 11.20 | 14 |
| X-MEN WOLVERINE | kl. 5.40 - 8 - 10.20 | 14 |
| STATE OF PLAY | kl. 5.20 - 8 | 12 |
| I LOVE YOU MAN | kl. 5.40 - 10.35 | 12 |
| CRANK 2: HIGH VOLTAGE | kl. 8 - 10.10 | 16 |

BORGARBÍÓ SÍMI 462 3500

| | | |
|---|---|---|
| ANGELS & DEMONS | kl. 6 - 9 | 14 |
| BOAT THAT ROCKED | kl. 10 | 12 |
| X-MEN WOLVERINE | kl. 6 - 8 | 14 |

AUKAKRÓNUR 5%

FÆRÐ 5% ENDURGREITT EF ÞÚ BORGAR BÍÓMIÐANN MEÐ KREDITKORTI — AUKAKRÓNUR




# Spiluðu á elliheimili í Gimli

Lay Low, Pétur Hallgrímsson, Kippi Kaninus og Borgar Magnason tróðu upp á elliheimili í Íslendingabænum Gimli í Kanada um síðustu helgi. „Við æfðum eina nóttina og fórum svo á elliheimili þar sem íslenskt fólk er,“ segir gítarleikarinn Pétur. „Þetta er fólk sem er fætt í Kanada en talaði ekkert nema íslensku sem börn.“

Fjórmenningarnir voru staddir í Kanada vegna tónlistarhátíðarinnar Now, sem er ætlað að styrkja tengslin milli Íslands og Kanada. „Það var alveg magnað að hitta gamla fólkið og heyra það segja sögur,“ segir Pétur. Alls voru fimm lög á efnisskránni, þar á meðal Sofðu unga ástin mín og Á Sprengisandi, og vöktu tónleikarnir mikla lukku hjá gamla fólkinu. „Þetta var mjög sérstakt fyrir okkur og það var gaman að spila þessi lög og smella sér í þetta,“ segir hann.

Pétur spilaði með Lay Low á tvennum öðrum tónleikum í Winnipeg og Gimli sem heppnuðust báðir mjög vel. „Þetta var alveg meiriháttar,“ segir hann en uppselt var á þá fyrrnefndu. Helgina á undan spiluðu í Kanada hljómsveitin Baggalútur og Megas og tókust þeir tónleikar einnig með miklum ágætum. **- fb**



**PÉTUR OG LAY LOW** Pétur Hallgrímsson og Lay Low spiluðu á elliheimili í Gimli í Kanada um síðustu helgi.

# Lög um íslenskan veruleika

**Fyrsta plata hjónadúettsins Létt á bárunni er komin út. Svavar Pétur og Berglind úr Skakkamanage standa að baki sveitinni en auk þess gefur Svavar út fyrsta sólóverkefni sitt, Prins Póló.**

Útgáfufélögin Brak hljómplötur og Skakkapopp hafa gefið út tvær plötur með hljómsveitunum Prins Póló og Létt á bárunni.

Létt á bárunni er hjónadúett Svavars Péturs og Berglindar Häsler úr Skakkamanage og Prins Póló er einmenningssveit Svavars. Plöturnar, sem heita Einn heima og Sexí, hafa að geyma tólf lög samanlagt. Þær urðu báðar til í kjallara í Fossgötu á Seyðisfirði þar sem þau hjónin eiga heima.

„Þetta byrjaði einhvern tímann í haust þegar við vorum búin að gefa út Skakkamanage-plötuna. Þá vorum við að hugsa um hvað væri næsta skref,“ segir Svavar. „Það byrjuðu að renna út einhver lög rétt fyrir kreppuna miklu. Lögin fóru að snúast um íslenskan veruleika. Þegar maður er fastur á Seyðisfirði með fjöllin og náttúruna beint í æð liggur það beinast við.“

Kæruleysislegur bragur er yfir báðum plötunum enda voru þær unnar á skömmum tíma. „Það er allt látið flakka frekar en að liggja yfir því. Þetta snýst um að gera hlutina frekar en að átta sig á afleiðingunum,“ segir Svavar. Nálgast má plöturnar á síðunni Skakkapopp.is og í völdum verslunum í Reykjavík og Akureyri.

Næstu tónleikar með Létt á bárunni, Prins Póló og Skakkamanage verða á skemmtistaðnum Karamba 6. júní. Eftir þá fer Skakkamanage í tónleikaferð um Þýskaland sem stendur yfir í viku til að kynna plötu sína All Over the Face sem kemur út í Evrópu 1. júní.

freyr@frettabladid.is



**LÉTT Á BÁRUNNI** Hljómsveitin Létt á bárunni er skipuð hjónunum Svavari Pétri og Berglindi Häsler. MYND/ÞORBJÖRN ÞORGEIRSSON



# Paris Hilton yfirheyrð af lögreglu

Samkvæmisdívan Paris Hilton var yfirheyrð af lögreglunni í Los Angeles eftir að bílar nágranna hennar voru eyðilagðir á svipuðum tíma og hún hélt glæsilega og nokkuð trylta veislu á heimili sínu.

Nágrannar Paris voru ekki par sáttir við hótelerfingjann sem ákvað að slá upp smá partíi fyrir vini og vandamenn. Að hætti Paris stóð veislan langt fram á nótt og að lokum var lögreglan fengin til að skakka leikinn og stoppa gleðina. Nágrannarnir, sem kvörtuðu við laganna verði, uppgötvuðu síðar að lúxusbifreiðar þeirra hefðu verið útataðar í eggjum og öðru viðlíka. Og kölluðu lögreglurnar aftur á vettvang til að spyrja fröken Hilton frekar út í málavexti.

**ÓLÁTABELGUR** Paris Hilton er duglegur að koma sér í klandur.

# Kajagoogoo í tónleikaferð

Kajagoogoo ætlar í sína fyrstu tónleikaferð um Bretland með upprunalegum mannskap í rúm 25 ár. Hljómsveitin gerði garðinn frægan á níunda áratugnum með lögum á borð við Too Shy, Ooh To Be Ah og Big Apple. Hún hætti nokkrum mánuðum eftir að Too Shy fór á toppinn í Bretlandi. Söngvarinn Limahl, sem er orðinn fimmtugur, segir að það hafi tekið hljómsveitina 25 ár að vaxa úr grasi. Limahl, sem heitir réttu nafni Christopher Hamill, hætti í sveitinni árið 1983 og í stað hans tók bassaleikarinn Nick Beggs við hljóðnemanum.



**LIMAHL**



**SVAVAR KNÚTUR** Tónlistarmaðurinn Svavar Knútur hefur sent frá sér plötuna Kvöldvöku.

# Kvöldvaka Svavars

Tónlistarmaðurinn Svavar Knútur hefur sent frá sér plötuna Kvöldvaka. Á plötunni, sem Dimma gefur út, ríkir sannkölluð kvöldvökustemning þar sem söngvaskáldið er í aðalhlutverki við eigin undirleik á gítar. Einnig leika á plötunni þeir Ingólfur Magnússon á kontrabassa, Jón Geir Jóhannsson á slagverk og Hallgrímur Jónas Jensson á selló. Kvöldvaka kemur út í 500 tölusettum eintökum fyrir íslenskan markað og verður einungis seld á tónleikum og hjá útgefanda, en hægt er að nálgast plötuna eða stök lög af henni á Tónlist.is

Þessa dagana er Svavar Knútur á tónleikaferð í Þýskalandi og Danmörku, þar sem hann kynnir plötuna. Fleiri tónleikar eru fyrirhugaðir í Þýskalandi í sumar í kjölfar vel heppnaðra tónleika í febrúar þegar hann spilaði á Melodica Acoustic-hátíðinni í Hamborg þar sem voru um eitt þúsund áheyrendur. Í framhaldinu var honum boðin þátttaka í tónleikaröðinni „Songs & whispers“ í júlí.

# Próflokum fagnað

Hljómsveitirnar Agent Fresco, Mammút, Ultra Mega Technobandið Stefán, Ten Step Away og söngvarinn Geir Ólafsson koma fram á Próflokadjammi X-ins 977 í kvöld. Allt eru þetta flytjendur sem hafa verið að gera það gott á X-inu að undanförnu.

Tónleikarnir verða haldnir á skemmtistaðnum Sódómu Reykjavík og verður húsið opnað klukkan 22. Aðgangseyrir er 1.000 krónur og má búast við mikilli stemningu, enda kærkomið fyrir háskólanema að sletta rækilega úr klaufunum eftir erfiðan próflestur að undanförnu.



**AGENT FRESCO** Rokkararnir í Agent Fresco spila á Sódómu Reykjavík í kvöld.


Frábært sértilboð
Cye Holiday Centre ✪✪✪
• Frábær staðsetning
• Góður aðbúnaður
• Fjölbreytt þjónusta

5. júní - UPPSELT
12. júní - aðeins 17 sæti laus
19. júní - aðeins 23 sæti laus
3. júlí - aðeins 19 sæti laus



Salou
í júní og júlí
Frá kr. 79.950

Ótrúlegt verð
- aðeins örfáar íbúðir í boði!

Heimsferðir bjóða frábært sértilboð til Salou á Spáni á völdum brottförum í júní og júlí. Salou er einn allra fallegasti bær Costa Dorada strandarinnar, sunnan Barcelona. Þar er Port Aventura, stærsti og glæsilegasti skemmtigarður Spánar. Stórkostlegar strendur, fjölbreytt aðstaða, úrval veitingastaða og litríkt næturlíf. Í boði er gisting á Cye Holiday Centre sem er okkar vinsælasta íbúðahótel í Salou sem býður góðan aðbúnað, frábæra staðsetningu og fjölbreytta þjónustu í sumarfríinu.

Mjög góður kostur m.a. fyrir barnafjölskyldur þar sem öll þjónusta er á staðnum og örstuttur gangur á ströndina.

Kr. 79.950
Netverð á mann, m.v. 2 fullorðna og 2 börn, 2-11 ára í íbúð á Cye Holiday Centre í viku. Sértilboð 12. og 19. júní og 3. júlí.




Cye Holiday Center ✪✪✪

Mjög vel staðsett íbúðahótel, við miðbæinn, um 200 metra frá ströndinni og örstutt er í verslanir og aðra þjónustu. Aðstaða er mjög góð. Veitingastaður og bar, lítil matvöruverslun og internetaðstaða. Sundlaugargarðurinn er góður með sundlaug, barnalaug, sólbekkjum, stólum, borðum og góðum sundlaugarbar. Hér er barnaleiksvæði og spilasalur með leiktækjum, billiardborðum o.fl.. Íbúðir eru smekklega innréttaðar, ýmist með 1 eða 2 svefnherbergjum, eldhúskrók, stofu, baðherbergi og góðum svölum með húsgögnum. Í íbúðum er loftkæling og sjónvarp. Skemmtidagskrá er í boði á hótelinu á kvöldin.

Birt með fyrirvara um prentvillur. Heimsferðir áskilja sér rétt til leiðréttinga á slíku. Ath. að verð getur breyst án fyrirvara.

Heimsferðir

Skógarhlíð 18 • 105 Reykjavík • Sími 595 1000 • Fax 595 1001 Akureyri sími: 461 1099 • www.heimsferdir.is



## > Helga Margrét að komast af stað

Fjölþrautarkonan efnilega úr Ármanni, Helga Margrét Þorsteinsdóttir, hefur náð sér af meiðslunum sem hafa hrjáð hana í vetur og ætlar að vera með á JJ-móti Ármanns á Laugardalsvellinum á morgun. Helga Margrét keppir í kúluvarpi og spjótkasti en í spjótkastinu reynir hún sig á móti Ásdísi Hjálmsdóttur sem keppir í fyrsta sinn á Íslandi eftir að hún varð fyrst íslenskra kvenna til þess að kasta nýja spjótinu yfir 60 metra. JJ-mótið er síðasta mótið áður en val á keppendum á Smáþjóðaleikana á Kýpur fer fram.



# sport

sport@frettabladid.is

PEPSI-DEILD KARLA: KR VANN ÖRUGGAN 0-4 SIGUR Á GRINDAVÍK SUÐUR MEÐ SJÓ

## *KR-ingar byrja mótið af miklum krafti*



KR-ingar byrja Pepsi-deildina með látum. Liðið vann sinn annan sigur í röð í gær þegar það fór illa með Grindavík suður með sjó. 0-4 lokatölur í leik þar sem KR var talsvert sterkari aðilinn.

Það voru hryssingslegar aðstæður í Grindavík. Strekkingsvindur beint á annað markið og vindurinn átti heldur betur eftir að gera báðum liðum erfitt fyrir í þeirri viðleitni að spila fótbolta.

Heimamenn byrjuðu betur, en KR náði fljótlega tökum á leiknum með vindinn í bakið í fyrri hálfleik. Þeim gekk ekki vel að skapa sér opin færi þó svo að þeir hafi átt tíu skot að marki Grindvíkinga gegn engu hjá heimamönnum. KR-ingum óx þá ásmegin eftir því sem leið á hálfleikinn og Gunnar Örn kom þeim verðskuldað yfir fyrir lok hálfleiksins eftir stungusendingu Jónasar Guðna.

Gríndvíkingar voru aðeins beittari í síðari hálfleik en skapaði sér ekkert af færum. KR-liðið varðist vel, lék skynsamlega og hafði leikinn í höndum sér. Þeir áttu síðan snarpa sókn sem endaði líklega með sjálfsmarki Ramsays sem var með Jordao á bakinu.

Grindvíkingar áttu nokkur skot en engin færi og fóru illa með föstu leikatriðin sín. KR refsaði síðan þegar Marko missti boltann. Óskar Örn gaf fyrir á Prince sem gat ekki annað en skorað. Marko braut svo af sér í uppbótartíma og Björgólfur skoraði úr vítinu.

0-4 var kannski fullstór sigur en fyllilega verðskuldaður. KR-liðið þétt, skynsamt og beitt á köflum. Grindavík sýndi aldrei neitt í sókninni, miðjan slök og varnarleikurinn köflóttur þar sem var refsað grimmilega fyrir hver mistök.

„Ég bjóst nú ekki við því að þetta yrði mikill markaleikur miðað við aðstæður. Okkur tókst að spila ágætan fótbolta og vorum rólegri á boltanum en síðast,“ sagði Logi Ólafsson, þjálfari KR, sem var líka sáttur við varnarleikinn enda skapaði Grindavík lítið. Milan Stefán Jankovic, þjálfari Grindavíkur, var eðlilega svekktur.

„Þetta er allt of stórt tap miðað við gang leiksins. Það gekk annars ekkert í dag og heppnin var ekki með okkur. Það er verk að vinna og sérstaklega þurfum við að bæta varnarleikinn,“ sagði Jankovic.

- hbg

### Grindavík 0-4 KR

Grindavíkurvöllur, áhorf.: 1060 Einar Ö. Daníelsson (7)

*0-1 Gunnar Örn Jóns. (41.), 0-2 Sjálfsm. (65.), 0-3 Prince Rajcomar (73.), 0-4 Björgólfur Takefusa, víti (90.)*

**TÖLFRÆÐIN**

| | |
|---|---|
| Skot (á mark) | 10–15 (3–8) |
| Varin skot | Óskar 4 – Stefán Logi 3 |
| Horn | 6–2 |
| Aukaspyrnur fengnar | 13–13 |
| Rangstöður | 2–2 |

| GRINDAV. 4–5–1 | | KR 4–4–2 | |
|---|---|---|---|
| Óskar Pétursson | 6 | Stefán Logi Magnúss. | 6 |
| Marko Valdimar Stef. | 3 | Skúli Jón Friðgeirss. | 5 |
| Zoran Stamenic | 5 | Grétar Sigfinnur Sig. | 6 |
| Eysteinn Hauksson | 6 | Bjarni Guðjónsson | 6 |
| Jósef Kristinn Jósefs. | 5 | Jordao Diogo | 4 |
| Orri Freyr Hjaltalín | 6 | Óskar Örn Hauksson | 4 |
| (76., Óttar Steinn | -) | ***Jónas Guðni Sæv.** | **7** |
| Jóhann Helgason | 4 | Baldur Sigurðsson | 4 |
| Scott Ramsay | 4 | (74., Guðm. Péturss. | -) |
| Óli Baldur Bjarnas. | 3 | Gunnar Örn Jónsson | 6 |
| (60., Sveinbjörn Jón. | 4) | (79. Atli Jóhannsson | -) |
| Bogi Rafn Einarsson | 4 | Björgólfur Takefusa | 6 |
| (60., Þórarinn Kristj. | 4) | Prince Rajcomar | 5 |
| Gilles Mbang Ondo | 5 | (83., Guðm. Ben. | -) |

**Maður leiksins*

### Fylkir 2-0 Keflavík

Fylkisvöllur, áhorf.: Óuppgefið Jóhannes Valgeirsson (7)

*1-0 Valur Fannar Gíslason, víti (49.)*
*2-0 Valur Fannar Gíslason, víti (71.)*

**TÖLFRÆÐIN**

| | |
|---|---|
| Skot (á mark) | 8–6 (4–4) |
| Varin skot | Fjalar 4 – Jörgensen 2 |
| Horn | 6–2 |
| Aukaspyrnur fengnar | 8–21 |
| Rangstöður | 11–3 |

| FYLKIR 4–4–2 | | KEFLAVÍK 4–5–1 | |
|---|---|---|---|
| Fjalar Þorgeirsson | 7 | Lasse Jörgensen | 6 |
| Andrés Már Jóhann. | 7 | Guðjón Árni Anton. | 5 |
| ***Kristján Valdimars.** | **8** | Alen Sutej | 8 |
| Einar Pétursson | 7 | Bjarni Hólm Aðalst. | 6 |
| Tómas Þorsteinsson | 7 | Brynjar Örn Guðm. | 6 |
| Ásgeir Börkur Ásg. | 7 | Jóhann Birnir Guðm. | 7 |
| Valur Fannar Gíslas. | 8 | Jón Gunnar Eysteins. | 5 |
| Halldór Arnar Hilm. | 6 | Hólmar Örn Rúnarss. | 6 |
| (75. Ólafur Stígsson | -) | (46., Einar Orri Ein. | 5) |
| Kjartan Ág. Breiðdal | 6 | Símun Samuelsen | 6 |
| Pape Mamadou Faye | 4 | Magnús Sverrir Þorst. | 5 |
| (75., Kjartan Andri | -) | (63. Hörður Sveins. | 5) |
| Ingim. Níels Óskarss. | 6 | Haukur Ingi Guðnas. | 5 |
| (86. Felix Hjálmarss. | -) | (74. Magnús Þór Mag | -) |

**Maður leiksins*

## PEPSI DEILD KARLA

**Þróttur - Stjarnan 0-6**

0-1 Jóhann Laxdal (20.), 0-2 Halldór Orri Björns son (28.), 0-3 Steinþór Freyr Þorsteinsson (45.), 0-4 Arnar Már Björgvinsson (67.), 0-5 Magnús Björgvinsson (86.), 0-6 Arnar Már (90. +1)

**Valur - Fjölnir 3-1**

1-0 Helgi Sigurðsson (3.), 2-0 Ólafur Páll Snorra son (17.), 2-1 Tómas Leifsson (37.), 3-1 Marel Baldvinsson (58.)

*Ítarlega umfjöllun um alla leiki er á Vísi.*

**STAÐAN**

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **1. Stjarnan** | **2** | **2** | **0** | **0** | **9-1** | **6** |
| 2. KR | 2 | 2 | 0 | 0 | 6-1 | 6 |
| **3. Fylkir** | **2** | **2** | **0** | **0** | **3-0** | **6** |
| 4. Breiðablik | 2 | 2 | 0 | 0 | 3-1 | 6 |
| **5. Fram** | **2** | **1** | **0** | **1** | **3-2** | **3** |
| 6. Valur | 2 | 1 | 0 | 1 | 3-2 | 3 |
| **7. FH** | **2** | **1** | **0** | **1** | **2-2** | **3** |
| 8. Keflavík | 2 | 1 | 0 | 1 | 1-2 | 3 |
| **9. Fjölnir** | **2** | **0** | **0** | **2** | **2-5** | **0** |
| 10. ÍBV | 2 | 0 | 0 | 2 | 0-3 | 0 |
| **11. Grindavík** | **2** | **0** | **0** | **2** | **1-7** | **0** |
| 12. Þróttur | 2 | 0 | 0 | 2 | 1-8 | 0 |

# Bættu báðir fyrir mistökin sín

**Frábær síðari hálfleikur dugði FH gegn baráttuglöðum Frömurum. Atli Guðnason og Tryggvi Guðmundsson skoruðu mörkin eftir að Atli skoraði sjálfsmark og Tryggvi klikkaði á víti í fyrri hálfleik.**

**FÓTBOLTI** Íslandsmeistarar FH eru komnir á blað eftir góðan, 2-1, sigur á Fram á heimavelli í gær í baráttuleik í 2. umferð Pepsi-deildar karla.

Framarar fengu sannkallaða óskabyrjun þegar framherjinn knái Atli Guðnason varð fyrir því óláni að setja boltann í eigið net á 2. mínútu eftir hornspyrnu Samuel Tillen.

Eins og svo oft á síðustu leiktíð bakkaði lið Fram eftir að hafa náð forystunni og lét FH eftir að vera með boltann. Skyndisóknir Fram voru þó hættulegar, sérstaklega í fyrri hálfleik. Fengu bæði lið færi til að skora en markverðir liðanna voru í fínu formi.

Tryggvi Guðmundsson misnotaði vítaspyrnu á 19. mínútu sem Hannes Þór virtist verja auðveldlega. „Hann hefur tekið víti á mig áður og mig grunaði að hann myndi setja hann þarna. Það er aldrei auðvelt að verja víti en alltaf gaman,“ sagði Hannes eftir leikinn.

„Það var nóg að gera. Við vissum að þeir myndu sækja, þetta er hörkulið en við sóttum líka helling og hefðum átt að taka eitt eða þrjú stig. Við erum mjög svekktir. Við erum komnir í þetta mót til að gera einhverja hluti en þetta féll þeirra megin í dag. Við ætlum að fylgja árangrinum frá því í fyrra eftir,“ sagði Hannes en í síðari hálfleik var aðeins eitt lið á vellinum.

FH tók öll völd á vellinum eftir hálfleiksræðu Heimis Guðjónssonar þjálfara og það tók markahrókinn Tryggva Guðmundsson aðeins sjö mínútur að jafna metin.

Eftir þunga sókn FH kom sigurmarkið tuttugu mínútum fyrir leikslok. „Við vorum miklu betri í síðari hálfleik. Þeir fengu eiginlega ekki neitt. Við yfirspiluðum þá og áttum að skora miklu fleiri mörk. Við þurftum að fá þrjú stig. Það hefði verið erfitt að mæta Breiðabliki, sem er með fullt hús stiga eftir fyrstu tvær umferðirnar, með engin stig. Hver veit hvað hefði gerst þá,“ sagði markaskorarinn Atli Guðnason en hann var allt annað en ánægður með fyrri hálfleikinn hjá FH.

„Mér fannst við lélegir í fyrri hálfleik. Spilið gekk illa, við töpuðum boltanum á slæmum stöðum og vorum langt frá mönnunum. Við vorum sundurspilaðir á miðjunni,“ sagði Atli en þrátt fyrir slakan leik fékk FH nóg af færum til að jafna fyrir hlé.

„Við fáum alltaf færi og erum hættulegir fram á við en þegar við spilum ekki vel í vörninni þá fer allt í kerfi.

„Við breyttum hugarfarinu í hálfleik, förum nær mönnunum, dekkum þá betur og gefum þeim minni tíma. Um leið og það gerist komumst við framar á völlinn og þá er ekki að sökum að spyrja,“ sagði Atli að lokum.

- gmi



**VARIÐ VÍTI** Tryggvi Guðmundsson sést hér taka vítið sitt í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



**FYRIRLIÐI Í GÆR** Tryggvi Guðmundsson í baráttu í leiknum í gær. Hér hefur Heiðar Geir Júlíusson rennt sér fyrir skot hans. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

### FH 2-1 FRAM

*0-1 Sjálfsmark (2.), 1-1 Tryggvi Guðmundsson (52.), 2-1 Atli Guðnason (70.)*

Kaplakrikavöllur, áhorfendur:1287
Þóroddur Hjaltalín (6)

**TÖLFRÆÐIN**

| | |
|---|---|
| Skot (á mark) | 15–8 (8–5) |
| Varin skot | Daði 3 – Hannes 5 |
| Horn | 8–4 |
| Aukaspyrnur fengnar | 8–11 |
| Rangstöður | 3–0 |

**FH 4–3–3** Daði Lárusson 6 - Guðmundur Sævarsson 5, Pétur Viðarsson 5, Ásgeir Gunnar Ásgeirsson 6, Hjörtur Logi Valgarðsson 6 - Hákon Atli Hallfreðsson 6, Matthías Vilhjálmsson 4, Tryggvi Guðmundsson 7 (85., Tommy Nielsen -) - Matthías Guðmundsson 4 (72., Alexander Söderlund -) , Atli Viðar Björnsson 6, ***Atli Guðnason 8**

**Fram 4–4–2** Hannes Þór Halldórsson 7 - Daði Guðmundsson 5 (85. Alexander Veigar -), Auðun Helgason 5 (85.. Viðar Guðjónsson -), Kristján Hauksson 4, Samuel Lee Tillen 6 - Ívar Björnsson 6 (85. Jón Guðni Fjóluson -), Ingvar Þór Ólason 6, Heiðar Geir Júlíusson 5, Halldór Hermann Jónsson 6 - Almar Ormarsson 5, Hjálmar Þórarinsson 6.

Valur Fannar Gíslason skoraði bæði mörk Fylkis úr vítaspyrnum í 2-0 sigri á Keflavík í Árbænum í gær:

# Fylkismenn á flugi eftir sigur á Keflavík

**FÓTBOLTI** Fylkir vann 2-0 sigur á Keflavík í gær og er því með fullt hús stiga eftir tvo heimasigra á sterkum andstæðingum. Fyrst Val og svo Keflavík sem hafði lagt Íslandsmeistara FH í fyrstu umferðinni.

Valur Fannar Gíslason skoraði bæði mörk Fylkismanna úr vítaspyrnum í síðari hálfleik. Heimamenn léku undan vindi í fyrri hálfleik, sem var þó að mestu tíðindalaus og því útlit fyrir að Keflvíkingar myndu sækja stíft í síðari hálfleik.

En annað kom á daginn. Fylkir stjórnaði leiknum lengst af í síðari hálfleik og þó svo að lítið hafi verið um dauðafæri uppskáru heimamenn tvær vítaspyrnu eftir hættulegar sóknir. Það reyndist gera gæfumuninn.

Það dró snemma til tíðinda í síðari hálfleik. Guðjón Árni Antoníusson var dæmdur brotlegur eftir viðskipti sín við Kjartan Breiðdal og vítaspyrna dæmd. Valur Fannar skoraði af öryggi úr spyrnunni.



**GÖMLU FÉLAGARNIR** Haukur Ingi Guðnason og Valur Fannar Gíslason í baráttu í leiknum í gær. FRÉTTABLÐAIÐ/VALLI

Eftir þetta tóku Fylkismenn öll völdin í leiknum og sóttu nokkuð grimmt. Besta færið fékk Andrés Már Jóhannesson er hann skallaði yfir mark Keflvíkinga eftir horn.

Stuttu síðar komust Fylkismenn aftur í sókn og komst Ingimundur Níels Óskarsson í gegn. Bjarni Hólm Aðalsteinsson braut á honum og aftur var víti dæmt. Valur Fannar skoraði af öryggi, rétt eins og í fyrra skiptið.

Heimamenn lögðust ekki í vörn þrátt fyrir forystuna og héldu áfram að sækja. Það hentaði þeim greinilega vel að spila gegn vindinum því þeir höfðu alla tíð ágætistök á leiknum.

Keflvíkingar reyndu hvað þeir gátu að ógna marki Fylkis en sóknaraðgerðir þeirra voru heldur máttlausar, rétt eins og í fyrri hálfleik.

„Þetta er sannarlega betri byrjun á mótinu en við þorðum að vona,“ sagði Valur Fannar, kátur efir leik. „Það er einnig gríðarlega mikilvægt að hafa haldið hreinu í báðum leikjunum til þessa og sýnir mikinn styrkleika.“

Hann segir að samheldnin hafi fleytt Fylkisliðinu langt. „Þetta eru leikmenn sem finnst gaman að taka á því. Við stöndum svo saman og erum góðir félagar. Liðsheildin er að skila miklu fyrir okkur.“

Kristján Guðmundsson, þjálfari Keflavíkur, sagði Fylkisliðið hafa verið sterkari aðilinn í leiknum, sér í lagi í síðari hálfleik.

„Við vorum mjög slakir í síðari hálfleik en spiluðum líka illa í fyrri hálfleik. Uppsetning Fylkisliðsins virkaði einfaldlega mun betur í leiknum.“

Hann segir að rokið í Árbænum hafi haft lítið að segja. „Við spiluðum bara illa, sama hvort það var á móti vindinum eða með honum. Í fyrri hálfleik fáum við ekki horn og náum varla skoti á markið. Það var mjög slæmt.“

Hólmar Örn Rúnarsson fór meiddur af velli í hálfleik. „Það var slæmt að missa fyrirliðann af velli svo snemma,“ sagði Kristján. „Það gefur augaleið.“

- esá

# SUMAR TILBOÐ

## STÚTFULL BÚÐ AF NÝJUM TILBOÐUM




## GIGABYTE
### UPPFÆRSLUTURN 2

GIGABYTE uppfærsluturn 2 er mjög öflug og sérlega hljóðlát uppfærsla með Dual Core örgjörva og 512MB ATI Radeon HD2100 DX10 öflugri skjástýringu.

- Athlon 4000 Dual Core 2.1GHz örgjörvi
- GIGABYTE 740GM-S2H móðurborð
- 2GB DDR2 800MHz OCZ minni
- 500GB SATA2 16MB NCQ diskur
- 512MB ATI Radeon HD2100 skjástýring
- 5.1 HD Dolby Digital hljóðkort
- HDMI, DVI, VGA og Gigabit netkort
- Vandaður 450W hljóðlátur turn

**49.900**




HDMI 1080i
NÆSTA KYNSLÓÐ SJÓNVARPSFLAKKARA

## 500GB
### HDMI EDITION 1080i

Nýi Argosy HDMI margmiðlunarspilarinn er með 1080i upscaling sem skilar enn betri myndgæðum á venjulegum kvikmyndum og hægt er að læsa möppum með lykilorði.

- Tengist beint í sjónvarp eða græjur
- Hágæða kvikmynda afspilun
- Spilar ljósmyndir í slide show
- Spilar og geymir alla tónlist
- Er einnig handhægur flakkari
- Fjarstýring til að stjórna öllu fylgir
- HDMI, SCART, RCA, HDTV ofl. tengi

**29.900**
750GB AÐEINS 34.900

Birt með fyrirvara um breytingar, prentvillur og myndbrengl



## M7700
### ÞRÁÐLAUS FARTÖLVUMÚS

Mögnuð fartölvumús frá GIGABYTE með allt að 10M drægni og örsmáum Nano sendi sem þarf ekki að taka úr fartölvunni þó hún geymist í tösku.

- 2.4GHz þráðlaus 10 metra tækni
- Örsmár Nano sendir geymist í músinni
- High-precision Laser 1600dpi tækni
- Stillanleg 800 - 1600dpi upplausn
- 5 hnappar og 4ra átta skrunhjól
- Rafhlaða endist í 6+ mánuði

GIGABYTE

**4.990**



SJÁLFSTÆTT TALNABORÐ

## MH36 320
### FARTÖLVA Á TILBOÐI

Ný og glæsileg fartölva frá Packard Bell með nýjasta Intel örgjörvanum og 300Mbps þráðlausu neti, aðeins 2.6KG.

- Intel Core 2 Duo T4200 2.0GHz
- 3GB DDR2 667MHz vinnsluminni
- 320GB SATA hljóðlátur harðdiskur
- 8xDVD SuperMulti DL skrifari
- 15.4" WXGA Diamond View skjár
- 512MB Intel X4500HD skjástýring
- 1.3MP innbyggð vefmyndavél
- Windows VISTA Home Basic

Packard Bell

**119.900**
RAÐGREIÐSLUR TIL 48 MÁN



## ÞJÓNUSTUDEILD

Þjónustudeild okkar sinnir öllum verkum stórum sem smáum:

- Uppfærslur á vélbúnaði
- Gerum tölvur hljóðlátar
- Stýrikerfisuppsetningar
- Bilanaleit og lagfæringar
- Uppsetning/viðhald netkerfa
- Vírus og Spyware hreinsun
- Hvergi lægra tímaverð!

**2.990**
HVER HAFIN KLUKKUSTUND



## ACER 5630

- Intel Core 2 Duo T3200 2.0GHz
- 2GB DDR2 667MHz minni
- 160GB SATA 5400RPM diskur
- 8xDVD SuperMulti DL skrifari
- 15.4" WXGA CrystalBrite skjár
- 512MB Intel X4500HD skjástýring
- 54Mbps þráðlaust net
- Windows VISTA Home Premium

**89.900**
HVERGI BETRA VERÐ!



VERÐ FRÁ 44.900
EITT MESTA ÚRVAL LANDSINS AF FARTÖLVUM

ÖLL HELSTU MERKIN
ACER • ASUS • TOSHIBA • PACKARD BELL



GRÆDDU Á GÖMLU
NÚ GETUR ÞÚ SETT GÖMLU FARTÖLVUNA UPP Í NÝJA :)

# TÖLVUTEK

Borgartúni 31 • 105 Reykjavík • 563 6900 • www.tolvutek.is

> **Dane Cook**

„Í hverjum vinahópi finnst einhver einn sem aðrir í vinahópnum þola ekki. Ef þú heldur að það sé öðruvísi í þínum vinahópi ert þú einfaldlega þessi leiðinlegi.“

***Cook leikur í myndinni Good Luck Chuck sem Stöð 2 sýnir í kvöld.***



# dagsk

VIÐ TÆKIÐ **FREYR GÍGJA GUNNARSSON** RIFJAR UPP GAMLA TAKTA

# *Fjarstýringakvöldið mikla*

Sum kvöld eru dauð sjónvarpskvöld. Fátt gleður augað. Eiginlega ekki neitt. Mánudagskvöld eru gædd þessari miður góðu náðargáfu. Þau kalla fram hin leiðinlegu heilkenni sem kennd eru við fjarstýringuna og Hellisbúinn útskýrði með svo eftirminnilegum hætti í Íslensku óperunni, þegar karlinn situr í sófanum og reynir að drepa sjónvarpið með tólinu.

Mánudagar eru nógu slæmir, svo vond sjónvarpsdagskrá er ekki á það bætandi. Mánudagar eru mikilvægir, fyrsti vinnudagur vikunnar og flestir nokkuð slæptir eftir helgina og langar ekkert frekar en að sitja í hægindastól og láta sjónvarpið sjá um restina. Einhvern tímann rataði ég inn á Rachael Ray; matreiðslu- og spjallþátt á Skjá einum. Mig langaði ekkert í þessa amerísku rétti sem hún eldaði og þessi viskírödd gerði lítið fyrir mig. Ég hefði þá frekar kosið hinn smámælta Jamie Oliver.

Á flakkinu rekst maður þó á afkima sem maður hefði ekki trúað fyrir sitt litla líf að væru aðgengilegir á fjölvarpinu. Ómega er einn af þeim, stundum er hægt að gleyma sér yfir bandarískum fréttaþætti stöðvarinnar þar sem sjónum er beint að fóstureyðingum og afstöðu Obama til þeirra og svo hinu daglega kraftaverki en þar segja hinir venjulegu borgarar frá því hvernig almættið kom þeim til bjargar fyrir tilstilli trúarinnar og bænarinnar.

Skemmtilegasti menningarafkiminn er hins vegar fréttastöðin Fox. Þar virðast þáttastjórnendur hafa þann hæfileika að geta fengið hvaða fólk sem er til að tjá sig um sín hjartans mál í beinni útsendingu. Nýverið, hvort það var ekki á mánudaginn, sá ég til að mynda viðtal við konu sem var gift manni, sem var giftur öðrum manni. Hún var bara nokkuð sátt við þetta allt saman.



## FÖSTUDAGUR



▶ **19.15** Auddi og Sveppi STÖÐ 2



▶ **20.00** Prison Break STÖÐ 2 EXTRA



▶ **20.00** Bowfinger STÖÐ 2 BÍÓ



▶ **20.25** Prinsessan á ísnum SJÓNVARPIÐ



▶ **21.00** Scream Awards 2008 SKJÁREINN

## SJÓNVARPIÐ

**14.00 Setning Alþingis** Bein útsending frá setningu Alþingis.

**15.15 Listahátíð 2009** (e)

**15.50 Leiðarljós** (e)

**16.30 Leiðarljós** (e)

**17.10 Táknmálsfréttir**

**17.20 Spæjarar** (18:26)

**17.42 Músahús Mikka** (55:55)

**18.05 Sápugerðin** (Moving Wallpaper) (2:12) (e)

**18.30 Bergmálsströnd** (Echo Beach) (2:12) (e)

**19.00 Fréttir**

**19.30 Veðurfréttir**

**19.35 Kastljós** Í þættinum verður meðal annars sýnt beint frá setningu Listahátíðar.

▶**20.25 Prinsessan á ísnum** (Ice Princess) Kanadísk fjölskyldumynd frá 2005 um stúlku sem er staðráðin í að verða meistari í listhlaupi á skautum. Aðalhlutverk: Michelle Trachtenberg, Joan Cusack, Hayden Panettiere og Kim Cattrall. (e)

**22.05 Rauði drekinn** (Red Dragon) Bandarísk spennumynd frá 2002. Fyrrverandi FBI-maður er fenginn til að hafa uppi á dularfullum raðmorðingja og nýtur við það aðstoðar mannætunnar góðkunnu dr. Hannibals Lechters. Aðalhlutverk: Anthony Hopkins, Edward Norton, Ralph Fiennes, Harvey Keitel, Emily Watson.

**00.10 Söngvaskáld** Eivör Pálsdóttir flytur nokkur af lögum sínum að viðstöddum áhorfendum í Sjónvarpssal. (e)

**01.00 Útvarpsfréttir í dagskrárlok**

## STÖÐ 2 BÍÓ

**08.00 Little Manhattan**

**10.00 The Ant Bully**

**12.00 Bowfinger**

**14.00 Bigger Than the Sky**

**16.00 Little Manhattan**

**18.00 The Ant Bully**

▶**20.00 Bowfinger** Bobby K. Bowfinger er misheppnaður kvikmyndaframleiðandi í Hollywood sem er staðráðinn í að slá í gegn og leggur allt í sölurnar.

**22.00 Miami Vice**

**00.10 Mar adentro** (The Sea Inside)

**02.15 Perfect Strangers**

**04.00 Miami Vice**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2** Flintstone krakkarnir, Hlaupin, Litla risaeðlan og Nornafélagið.

**08.15 Oprah**

**08.55 Í fínu formi**

**09.10 Bold and the Beautiful**

**09.30 Jamie At Home** (3:13)

**10.00 Notes From the Underbelly**

**10.20 Extreme Makeover: Home Edition** (7:25)

**11.05 Logi í beinni**

**11.50 60 mínútur**

**12.35 Nágrannar**

**13.00 Hollyoaks** (190:260)

**13.25 Wings of Love** (61:120)

**14.10 Wings of Love** (62:120)

**14.55 Wings of Love** (63:120)

**15.55 Barnatími Stöðvar 2** Camp Lazlo, Saddle Club og Nornafélagið.

**17.08 Bold and the Beautiful** Forresterfjölskyldan heldur áfram að slá í gegn í tískubransanum þrátt fyrir mikið mótlæti og erjur utan sem innan fyrirtækisins.

**17.33 Nágrannar** Lífið í Ramsey-götu gengur sjaldnast sinn vanagang.

**17.58 Friends** Rachel undirbýr Parísarferðina og vinirnir halda henni kveðjupartý.

**18.23 Veður**

**18.30 Fréttir Stöðvar 2**

**18.47 Íþróttir**

**18.54 Ísland í dag**

▶**19.15 Auddi og Sveppi** Auddi og Sveppi eru mættir í gamanþætti þar sem allt er leyfilegt.

**20.00 Idol stjörnuleit** (13:14) Það er komið að lokaþætti af Idol-stjörnuleit og það er á valdi áhorfenda að skera úr um hverjir komast áfram með símakosningu.

**21.20 Stelpurnar** Á meðan símakosning stendur yfir í Idol stjörnuleit er kjörið að rifja upp nokkra bestu brandarana frá fyndnustu stelpum Íslands.

**21.45 Idol stjörnuleit**

**22.20 Good Luck Chuck** Rómantísk gamanmynd með Dane Cook og Jessicu Alba í aðalhlutverkum. Cook leikur eftirsóttan piparsvein sem getur valið sér hjásvæfur vegna þess að spurst hefur út að sá næsti sem þær hitta á eftir honum sé sá eini rétti.

**00.00 The Others**

**01.45 Beerfest**

**03.35 Date Movie**

**05.00 Fréttir og Ísland í dag**

## STÖÐ 2 SPORT *besta sætið*

**07.00 Fylkir - Keflavík** Útsending frá leik í Pepsi-deild karla.

**16.20 Gillette World Sport 2009**

**16.45 Inside the PGA Tour 2009** Skyggnst á bakvið tjöldin í PGA mótaröðinni og árið skoðað í bak og fyrir.

**17.20 Fréttaþáttur spænska boltans**

**17.50 Pepsímörkin 2009** Magnús Gylfason og Tómas Ingi Tómasson fara yfir alla leiki umferðinnar ásamt íþróttafréttamönnum Stöðvar 2 Sport.

**18.50 Fréttaþáttur Meistaradeildar Evrópu**

**19.20 World Supercross GP** Að þessu sinni fór mótið fram á Rice Eccles Field í Salt Lake City.

**20.15 Houston - LA Lakers**

**22.05 Ultimate Fighter - Season 9** Allir fremstu bardagamenn heims mæta til leiks og keppa um titilinn The Ultimate Fighting Champion.

**23.00 Poker After Dark**

**23.45 Poker After Dark**

**00.30 NBA Action**

**01.00 NBA 2008/2009 - Playoff Games** Bein útsending frá leik í úrslitakeppni NBA.

## STÖÐ 2 SPORT 2 *enski boltinn*

**17.30 Everton - Tottenham** Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.

**19.10 Blackburn - Portsmouth** Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.

**20.50 Premier League World** Nýr þáttur þar sem enska úrvalsdeildin er skoðuð frá ýmsum óvæntum hliðum.

**21.20 Upphitun** Hitað upp fyrir leiki helgarinnar í enska boltanum. Farið yfir viðureignir helgarinnar og viðtöl tekin við leikmenn og þjálfara.

**21.50 PL Classic Matches** Liverpool - Newcastle, 1996. Hápunktarnir úr bestu og eftirminnilegustu leikjum úrvalsdeildarinnar.

**22.20 PL Classic Matches** Nottingham Forest - Man. Utd

**22.50 Upphitun** Hitað upp fyrir leiki helgarinnar í enska boltanum. Farið yfir viðureignir helgarinnar og viðtöl tekin við leikmenn og þjálfara.

**23.20 Hull - Stoke** Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.

## SKJÁREINN

**06.00 Óstöðvandi tónlist**

**07.20 Game Tíví** (15:15) (e)

**08.00 Rachael Ray** (e)

**08.45 Óstöðvandi tónlist**

**12.00 Game Tíví** (15:15) (e)

**12.40 Óstöðvandi tónlist**

**17.45 Rachael Ray** Spjallþáttur þar sem Rachael Ray fær til sín góða gesti og eldar gómsæta rétti.

**18.30 The Game** (11:22) Bandarísk gamanþáttaröð um kærustur og eiginkonur hörkutólanna í ameríska fótboltanum.

**18.55 One Tree Hill** (16:24) Bandarísk þáttaröð um hóp ungmenna sem ganga saman í gegnum súrt og sætt. (e)

**19.45 America's Funniest Home Videos** (22:48)

**20.10 Survivor** (12:16) Bandarísk raunveruleikasería þar sem venjulegt fólk þarf að þrauka í óblíðri náttúru og keppa innbyrðis þar til aðeins einn stendur eftir sem sigurvegari.

▶**21.00 Scream Awards 2008** (1:1) Ein flottasta verðlaunahátíðin í Hollywood þar sem þeir sem hafa skarað fram úr í hrollvekjum, vísindaskáldskap og ævintýramyndum eru heiðraðir.

**22.50 Painkiller Jane** (14:22) Spennandi þáttaröð um ódrepandi hörkukvendi. Jane Vasko er lögreglukona sem boðið er starf með leynilegri sérsveit sem berst við hættulegt fólk með yfirnáttúrlega hæfileika.

**23.40 Brotherhood** (2:10) (e)

**00.30 The Game** (7:22) (e)

**00.55 The Game** (8:22) (e)

**01.20 The Game** (9:22) (e)

**01.45 Jay Leno** (e)

**02.35 Jay Leno** (e)

**03.25 Óstöðvandi tónlist**

## ÍNN

**20.00 Hrafnaþing** Í umsjón Ingva Hrafns Jónssonar.

**21.00 Mér finnst þáttur** Í umsjón Katrínar Bessadóttur, Haddar Vilhjálmsdóttur og Vigdísar Másdóttur. Farið er vítt og breitt um samfélagið.

**Dagskrá ÍNN er endurtekin um helgar og allan sólarhringinn**

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.


# LÍNAN

# LAGERSALA AKRALIND 9

VIÐ HÖFUM DREGIÐ SAMAN SEGLIN TÍMABUNDIÐ OG LOKAÐ VERSLUNINNI Í BÆJARLIND. VIÐ MUNUM EINGÖNGU SELJA VÖRUR OKKAR Á LAGERSÖLU Í AKRALIND 9

**EINGÖNGU OPIÐ UM HELGAR**

LÍTIL YFIRBYGGING = LÆGRA VERÐ







**OPIÐ UM HELGINA**
**FÖSTUDAG 12 - 18**
**LAUGARDAG 12 - 16**
**SUNNUDAG 13 - 16**

*sófar - sófasett - stólar - sófaborð - borðstofuborð - eldhúsborð eldhússtólar - sjónvarpsskápar - skápar - púðar - vasar*

*ALLAR VÖRUR Á 40 - 50% AFSLÆTTI*

Akralind 9
201 Kópavogur
Sími 553 7100
www.linan.is

## Í KVÖLD

### STÖÐ 2 KL. 20.00

**Idol-stjörnuleit – ÚRSLIT**



Stóra stundin er runnin upp. Tvær ólíkar en stórgóðar söngkonur hafa sungið sig í úrslit Idol-stjörnuleitar. Anna Hlín og Hrafna syngja hvor um sig þrjú lög en þátturinn verður stútfullur af skemmtilegum uppákomum. Meðal þeirra sem koma fram eru Bubbi ásamt hljómsveit sinni Egó, Pétur Jóhann sem sýnir á sér áður óþekkta hlið og síðast en ekki síst mun ellefu manna úrslitahópurinn koma aftur saman og syngja lag Ný danskra, „Kirsuber“. Sigurvegarinn hlýtur tvær milljónir króna í verðlaun og nafnbótina Idol-stjarnan 2009.

## ▶ VIÐ MÆLUM MEÐ

**Prison Break**

**Stöð 2 extra kl. 20.00**

Stöð 2 byrjar að sýna lokaþáttaröðina af Prison Break hinn 24. maí næstkomandi og af því tilefni verður fjórða þáttaröðin endursýnd á Stöð 2 extra. Endursýningarnar hefjast í kvöld þegar sýndir verða fyrstu fjórir þættirnir. Haldið verður áfram á laugardag, sunnudag og mánudag og því um sannkallað Prison Break maraþon að ræða.



## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.38** Morgunvaktin
**06.40** Veðurfregnir
**06.50** Bæn
**07.03** Auðlindin
**07.10** Morgunvaktin heldur áfram
**07.30** Fréttayfirlit
**08.00** Morgunfréttir
**08.11** Morgunstund með KK
**08.30** Fréttayfirlit
**09.05** Óskastundin
**09.45** Morgunleikfimi
**10.03** Veðurfregnir
**10.13** Sagnaslóð
**11.03** Samfélagið í nærmynd
**12.00** Fréttayfirlit
**12.02** Hádegisútvarp
**12.20** Hádegisfréttir
**12.45** Veðurfregnir
**12.50** Dánarfregnir og auglýsingar
**13.00** Vítt og breitt
**14.03** Tónleikur
**15.03** Útvarpssagan: Höfuðlausn
**15.30** Stofukonsert
**16.00** Síðdegisfréttir
**16.10** Veðurfregnir
**16.13** Hlaupanótan og Víðsjá
**18.00** Kvöldfréttir
**18.16** Spegillinn
**18.50** Dánarfregnir
**19.00** Endurómur úr Evrópu
**20.00** Leynifélagið
**20.30** Stjörnukíkir
**21.10** Flakk
**22.07** Veðurfregnir
**22.12** Orð kvöldsins
**22.15** Litla flugan
**23.00** Kvöldgestir
**00.07** Næturtónar

**FM 90,9** Talstöðin **FM 99,4** Útvarp Saga **FM 98,9** Bylgjan **FM 95,7 FM957** / Topp tónlistarstöðin **FM 102,2** Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp **FM 102,9** Lindin / Kristilegt efni **FM 96,7** Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying **FM 105,5** Útvarp Boðun / Kristilegt efni **FM 88,5** XA-Radíó / 12 spora efni **FM 97,7** X-ið / Enginn viðbjóður

## 2 EXTRA

**16.45 Hollyoaks** (189:260)
**17.15 Hollyoaks** (190:260)
**17.40 The Sopranos** (12:13) Fjölskyldumaðurinn og mafíuforinginn Tony Soprano hefur átt mikilli velgengni að fagna í starfi og á góða að. Þrátt fyrir það er hann þjáður á sálinni og á stöðugt í vandræðum með að finna jafnvægi milli vinnu og einkalífs.
**18.30 Lucky Louie** (8:13) Bráðskemmtilegir gamanþættir um draumóramanninn Louie og hans skrautlega fjölskyldulíf.
**19.00 Hollyoaks** (189:260)
**19.30 Hollyoaks** (190:260) Hágæða bresk unglingasápa sem segir frá lífi og ástum íbúa Hollyoaks í Chester.
**20.00 Prison Break** (1:24) Í tilefni þess að Prison Break snýr nú aftur á Stöð 2, þriðjudaginn 19. maí verða fyrstu 16 þættirnir rifjaðir upp og sýndir hér á Stöð 2 Extra á 4 dögum.
**20.45 Prison Break** (2:24)
**21.30 Prison Break** (3:24)
**22.15 Prison Break** (4:24)
**23.00 The Mentalist** (14:23) Patrick Jane er sjálfstætt starfandi ráðgjafi rannsóknarlögreglunnar í Kaliforníu en hann á að baki glæsilegan feril við að leysa flókin glæpamál með því að nota hárbeitta athyglisgáfu sína.
**23.45 Twenty Four** (16:24) Ný ógn steðjar nú að bandarísku þjóðinni og heimsbyggðinni allri og Jack Bauer er að sjálfsögðu sá eini sem er fær um að bjarga málunum.
**00.30 Auddi og Sveppi**
**01.00 Sjáðu**
**01.25 Fréttir Stöðvar 2**
**02.25 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV**

## BBC entertainment

**10.05** Jonathan Creek **10.55** Jonathan Creek **11.45** My Hero **12.15** The Weakest Link **13.00** EastEnders **13.30** My Hero **14.00** Blackadder Goes Forth **14.30** The Weakest Link **15.15** Jonathan Creek **16.05** Jonathan Creek **16.55** My Hero **17.25** The Weakest Link **18.10** My Hero **18.40** Blackadder Goes Forth **19.10** Rob Brydon's Annually Retentive **19.40** Lead Balloon **20.10** Extras **20.40** The Catherine Tate Show **21.10** Rob Brydon's Annually Retentive **21.40** Lead Balloon **22.10** Extras **22.40** The Catherine Tate Show **23.10** Rob Brydon's Annually Retentive **23.40** Lead Balloon

## DR 1

**10.00** DR Update - nyheder og vejr **10.10** Møde med Märta Tikkanen **10.35** Aftenshowet **11.05** Aftenshowet 2. del **11.30** Søren Ryge præsenterer **12.00** Det lille hus på prærien **12.50** Nyheder på tegnsprog **13.00** DR Update - nyheder og vejr **13.10** Boogie Mix **14.00** Boogie Listen **15.00** Amigo **15.30** Sigurds Bjørnetime **16.00** Aftenshowet **16.30** TV Avisen med Sport og Vejret **17.00** Disney Sjov **18.00** Cirkusrevyen 2007 **19.00** TV Avisen **19.30** Hitch **21.20** Undercover **23.00** Boogie Mix

## NRK 1

**10.00** NRK nyheter **10.10** Migrapolis **10.40** En dannelsesreise i seks akter **11.00** NRK nyheter **11.05** Berlin, Berlin **11.30** Den siste lensgreven **12.00** NRK nyheter **12.05** Norge rundt **12.30** Frilandshagen **13.00** NRK nyheter **13.05** Jessica Fletcher **14.00** NRK nyheter **14.10** Dynastiet **15.00** NRK nyheter **15.10** Oddasat - nyheter på samisk **15.25** Sommerhuset **15.55** Nyheter på tegnspråk **16.00** Ugleskogen **16.10** Mamma Mirabelle viser film **16.25** Tøfferud **16.35** Lykke er **16.40** Distriktsnyheter **17.00** Dagsrevyen **17.30** Norge rundt **17.55** 25 år med Carola **18.55** Nytt på nytt **19.25** Grosvold **20.10** Detektiv Jack Frost **21.00** Kveldsnytt **21.15** Detektiv Jack Frost **22.00** Jeff Beck - While my guitar gently sings **23.40** Country jukeboks m/chat

## SVT 1

**10.00** Rapport **10.05** Mat och grönt på Friland **10.35** Babben & co **11.35** Eurovision Song Contest **14.00** Rapport **14.05** Gomorron Sverige **14.55** Niklas mat **15.25** Mitt i naturen **15.55** Sportnytt **16.00** Rapport med A-ekonomi **16.10** Regionala nyheter **16.15** Go'kväll **17.00** Kulturnyheterna **17.15** Regionala nyheter **17.30** Rapport med A-ekonomi **18.00** Så ska det låta **19.00** Tingeling - the full story **19.30** Bad boys **21.25** Kulturnyheterna **21.40** Georgy - en ploygirl **23.15** Sändningar från SVT24


EUROVISION TILBOÐ ALDARINNAR



GLÆNÝR & FERSKUR
Humar 2000 Kr/kg

Á GRILLIÐ

LÚÐUSTEIKUR MEÐ INDVERSKRI KARRÍMARINERINGU......................1.990,-
LAXASTEIKUR MEÐ LEMMON OG KÓRINADER KRYDDMARINERINGU......1.990,-
SILUNGSSTEIK MEÐ HVÍTLAUK OG KRYDDJURTUM..............................1.990,-

EUROVISION-NAMMI

HARÐFISKUR ÝSA FRÁ ÍSAFIRÐI ÓBARIN

HARÐFISKUR STEINBÍTUR FRÁ ÍSAFIRÐI ÓBARINN

FYRIR VEIÐIMANNINN

MARKRÍLL 5 STK Í PK 1.000,-PR.PK

ATH AUKIN BÍLASTÆÐAFJÖLDI. SNÖGG AFGREIÐSLA OG ALLIR Í EUROVISIONSKAPI :)

Fiskikóngurinn • Sogavegi 3 • 108 Reykjavík • sími 587 7755

## MORGUNMATURINN



*„Yfirleitt hendi ég því sem er til í blandarann, appelsínusafa, ávöxtum og fleiru. Eini gallinn er að maður er yfirleitt orðinn svangur aftur eftir tuttugu mínútur.“*

Sigrún Ósk Kristjánsdóttir sjónvarpskona

# Fara á Ólympíuleika samkynhneigðra

Strákafélagið Styrmir, sem er skipað samkynhneigðum knattspyrnu- og sundmönnum, undirbýr þátttöku sína í World Outgames-leikunum sem verða haldnir í Kaupmannahöfn í sumar.

Um nokkurs konar Ólympíuleika samkynhneigðra er að ræða og hlakkar Jón Þór Þorleifsson úr Styrmi mikið til. „Það eru stífar æfingar hjá öllum og mikil gleði. Við erum sex sem erum að fara að synda og svo eitt fótboltalið og stuðningsmenn með,“ segir hann en í hópnum eru 25 manns.

Þetta verður í fyrsta sinn sem Styrmir tekur þátt í leikunum og jafnframt í fyrsta sinn sem sunddeildin lætur til sín taka. Fótboltaliðið tók í vor þátt í alþjóðlegu móti í Kórnum í Kópavogi en sunddeildin fær nú loksins að sýna hvað í henni býr. Var hún stofnuð í september síðastliðnum með það að markmiði að taka þátt í leikunum.

Fyrstu World Outgames-leikarnir voru haldnir í Montreal í Kanada fyrir þremur árum. Þar tóku 18 þúsund manns frá 111 löndum þátt í hinum ýmsu íþróttagreinum og er búist við enn meiri þátttöku í ár.

Ekki skemmir fyrir þátttökunni að hin árlega Gay Pride-ganga verður haldin í borginni þegar keppninni lýkur. „Við verðum örugglega þreytt eftir keppnina en það getur vel verið að við löbbum með,“ segir Jón Þór og segir að gangan verði góð upphitun fyrir Gay Pride í Reykjavík einni viku síðar. - fb



**Á LEIÐ TIL KAUPMANNAHAFNAR** Sundlið Strákafélagsins Styrmis sem keppir á World Outgames-leikunum í Kaupmannahöfn í sumar. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON



**LÁRÉTT**
**2.** íþrótt, **6.** slá, **8.** eldsneyti, **9.** tunna, **11.** hljóta, **12.** peningar, **14.** mjóróma, **16.** kusk, **17.** svelgur, **18.** munda, **20.** tvíhljóði, **21.** högg.

**LÓÐRÉTT**
**1.** þrákelkni, **3.** kúgun, **4.** hólburður, **5.** hamfletta, **7.** heimakoma, **10.** ról, **13.** örn, **15.** laun, **16.** umrót, **19.** tvíhljóði.

**LAUSN**
**LÁRÉTT: 2.** golf, **6.** rá, **8.** kol, **9.** áma, **11.** fá, **12.** aurar, **14.** skræk, **16.** ló, **17.** iða, **18.** ota, **20.** au, **21.** stuð.
**LÓÐRÉTT: 1.** þráa, **3.** ok, **4.** lofræða, **5.** flá, **7.** ámusótt, **10.** ark, **13.** ari, **15.** kaup, **16.** los, **19.** au.

## SPURNING DAGSINS

Svör við spurningum á síðu 8

**1** Laddi.
**2** 240 milljarðar króna.
**3** Alsír.

Gefðu vatn
Hjálparstarf kirkjunnar
www.help.is



**AUGLÝSINGALEIKSTJÓRINN SAMMI** Mjög hörð samkeppni var meðal leikstjóra um þetta tiltekna verkefni fyrir SAB Miller – en okkar menn hrepptu samninginn.

### SAMMI OG GUNNI: MEÐ TAMDA BJÓRGEIT Í 150 MILLJÓNA AUGLÝSINGU

# Gera bjórauglýsingu í Prag

„Við erum staddir hérna í þorpi rétt utan Prag. Og erum að gera auglýsingu. Kozel bjór sem er í eigu SAB Miller sem framleiðir Miller, Grolsch, tékkneska pilsnerbjórinn... við höfum verið hérna í nokkra daga núna,“ segir Samúel Bjarki Pétursson auglýsingaleikstjóri.

Enn bættist á glæsilegan afrekslista auglýsingaleikstjóranna snjöllu, dúettsins Samma og Gunna, Gunnars Páls Ólafssonar, en þeir hrepptu nýverið afar eftirsóknarvert verkefni sem er að gera risastóra bjórauglýsingu fyrir SAB Miller. Sammi segist ekki vera með nákvæmar upplýsingar um kostnaðaráætlun en segir að gerð auglýsingarinnar sé í það minnsta á milli hundrað og hundrað og fimmtíu milljónir íslenskra króna. Sem heitir risauglýsing á íslenskan mælikvarða.

„Já, þetta er mjög stór kúnni. Og veit ekki hvað SAB Miller eyðir mörgum hundruðum milljóna, ég heyrði einhvern tíma milljarð, á ári í auglýsingafé um heim allan. Fólk heldur áfram að drekka bjór í kreppunni,“ segir Sammi og lætur vel af sér og þeim félögum í Tékklandi. Í auglýsingunni leika um hundrað manns, þorpsbúar í þessu þorpi framleiða bjórinn og eru að draga eitt og annað heiman frá sér til að hafa með á þorpshátíð – eða festival. „Og með fylgir vörumerkið, sem er geithafur, einskonar fjallageit en það er sem sagt búið að temja eitt stykki geit í þrjár vikur. Þannig að hún fylgir vel tamin og góð.“

Að sögn Samma var slegist um þetta tiltekna verkefni. Þeir voru að keppa við tólf leikstjóra í Bretlandi um þetta tiltekna verkefni. „Já, og mikið af mjög stórum nöfnum í auglýsingabransanum. Þetta var hörð barátta og Íslendingarnir urðu fyrir valinu að þessu sinni. Við erum kannski ekki svo hataðir í Bretlandi þegar allt kemur til alls,“ segir Sammi á léttum nótum. Og segir að það sé ekki fráleit samlíking að tala um einskonar auglýsinga-idol. „Við þurftum sem betur fer ekki að syngja. Það hefðum við lent í 12. sæti. En það er auglýsingastofa sem hefur verið með þetta verkefni á sínu borði í ár þannig að mjög vel er passað uppá þetta. Fyrst eru menn valdir út frá því sem menn hafa gert. Og þá skorið niður í fimm manna hóp. Hver um sig þarf þá að skila inn áætlun, hvernig hugmyndin er að framkvæma og útfæra auglýsinguna. Svo endar þetta í þriggja manna úrslitum en þá mæta menn í viðtal, þá í tvo og svo einn,“ segir Sammi. Kozel bjórinn hefur aðeins fengist í Tékklandi en nú stendur til að markaðssetja hann í Evrópu og gert er ráð fyrir því að auglýsingin fari í birtingu um miðjan júní. Íslendingar fá að sjálfsögðu ekki að sjá auglýsinguna, enda stranglega bannað að sýna áfengisauglýsingar í íslenskum fjölmiðlum. En Sammi gerir ráð fyrir því að sjá megi hana á youtube.com eins og allt annað.

jakob@frettabladid.is

## FRÉTTIR AF FÓLKI



Lítt hefur farið fyrir nýjum þingmanni Borgaraflokksins, **Þráni Bertelssyni**, eftir að talsverð umræða varð um heiðurslistamannalaun hans og hvort viðeigandi væri að hann þægi þau samfara þingfararkaupi. Enda hefur Þráinn takmarkaðan tíma til að standa í slíkri diskúsjón en hann stefnir ótrauður á að senda frá sér endurminningabók um næstu jól en í bók númer tvö í þeirri ritröð skildu lesendur við Þráin þrítugan að aldri. Lesendur tóku fagnandi ÉG ef mig skyldi kalla – seinþroskasaga, sem er sjálfstætt framhald metsölubókarinnar Einhvers konar Ég, en hún seldist í um fimm þúsund eintökum og samkvæmt hefðbundnu reiknilíkani útgefenda gerir það rúmar tvær milljónir í vasa höfundar.

Útgefandi Þráins, Tómas Hermannsson, er nú í önnum við að færa til bókar ævisögu **Magnúsar Eiríkssonar** og þegar Mannakorn spilaði á Húsavík um daginn notuðu þeir félagar tækifærið og óku yfir þúsund kílómetra, Tómas við stýrið og Magnús sagði honum sögur, meðal annars þá að eitt sinn voru hann og Pálmi Gunnarsson á Búðum að undirbúa Mannakornsplötu númer fjögur. Brugðu sér út í hraun og sofnuðu þar í eina sjö klukkutíma í heiðríkju. Þeir hefðu undir venjulegum kringumstæðum átt að brenna rækilega í sólinni en ekki sást neitt á þeim. Magnús er sannfærður um það æ síðan að hafa verið tekinn af geimverum þennan tíma.



- jbg

cisv international
building global friendship

Einstakt tækifæri fyrir 14 ára unglinga

*CISV hefur verið starfandi á Íslandi í tæp 30 ár og sent yfir 1.000 þátttakendur út um allan heim.*

**Við erum með laus pláss fyrir eina stelpu og tvo stráka í unglingaskipti til Klagenfurt í Austurríki.**
Unglingaskiptin standa yfir í fjórar vikur, tvær vikur í hvoru landi og dvelja krakkarnir inn á heimilum jafnaldra sinna.
Krakkarnir byrja að hittast fljótlega til að undirbúa unglingaskiptin og skipuleggja dagskránna.

**Nánari upplýsingar má finna á heimasíðu félagsins www.cisv.org, á netfanginu cisv@cisv.is eða í síma 861 1122 (Ásta).**

# Syngur lag við texta mömmu

Tónlistarmaðurinn Arnar Jónsson, sem söng kántrílagið Easy to Fool í undankeppni Eurovison, er með tvö ný lög í undirbúningi. Annað nefnist Here I Am og er eftir Halldór Guðjónsson við texta Ronalds Kerst en hitt, sem hefur ekki fengið nafn, er eftir Örlyg Smára. Textann við það lag samdi móðir Arnars, Carola Ida Köhler, bloggari og fyrrverandi útvarpskona á Bylgjunni. „Hún er rosalega klár penni. Hún er mikið í því að skrifa og semja en það er ekkert sem hefur komið út,“ segir Arnar. „Við náum mjög vel saman ég og mamma mín,“ bætir hann við. Lagið er að sögn Arnars í anda nýtísku Brit-popps en hinu laginu, sem er væntanlegt í útvarp eftir nokkrar vikur, lýsir hann sem venjulegu popplagi með Eagles-áhrifum. „Þetta er bara mjög fallegt og gott lag,“ segir hann. Höfundurinn Halldór Guðjónsson samdi einnig lagið Dagur nýr sem Heiða Ólafsdóttir flutti í undankeppni Eurovision og hefur hann því ágæta reynslu af poppsmíðum sem þessum.

Arnar segir að lögin tvö gefi tóninn fyrir væntanlega sólóferil sinn. Hann á þó nokkur lög á lager sem hann hefur samið sjálfur og vonast hann til að gefa út sína fyrstu plötu á næsta ári. „Þetta er allt á réttri leið,“ segir þessi efnilegi söngvari.

- fb



**ARNAR JÓNSSON** Tónlistarmaðurinn Arnar Jónsson er með tvö spennandi lög í undirbúningi. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI


heima
sófar
sófaborð
borðstofuborð
skápar
skenkar
stólar
bókahillur
mottur
silkiblóm
speglar
ljós
klukkur
gjafavara
Afnemum virðisaukaskattinn og gefum 10% auka afslátt
Ondvegi
rúm
kommóður
rúmfatnaður
koddar
teppi
púðar
glös
diskar
hnífapör
karöflur
bollar
könnur
servéttur
mood
HEIMA HÚSIÐ
mood
heima
Ondvegi
BÚUM BETUR
Opið virka daga 10-18,
laugardaga 11-16.
Síðumúla 30 - 108 Reykjavík - Sími 568 4242 - www.heimahusid.is

# FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 512 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 512 5313, fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is **PRENTUN:** Ísafoldarprentsmiðja
**Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Veffang:** visir.is **EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 512 5060

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 512 5000**




Hvar er þín auglýsing?

Meðallestur á tölublað, höfuðborgarsvæðið, 18–49 ára.
Könnun Capacent í febrúar 2009 – apríl 2009.



**BAKÞANKAR**
Bergsteins Sigurðssonar

## Þjóðþrifamálin

Alþingismenn hafa nú verið leystir undan því oki að þurfa að mæta með bindi í vinnuna. Þetta leggst misvel í mannskapinn. Meðan hatursmenn slifsanna varpa öndinni léttar óttast hinir íhaldssamari að nú fari Þráinn Bertelsson og Þór Saari að mæta í kvartbuxum og havaískyrtum í vinnuna og virðingunni fyrir löggjafarsamkundunni verði endanlega kastað fyrir róða. Sá ótti er kannski ekki ástæðulaus, því miðað við vinnubrögðin sem við urðum vitni að á nýafstöðnu vorþingi má mögulega til sanns vegar færa að snyrtilegur klæðnaður sé eitt af því fáa sem ljær Alþingi snefil af virðingarbrag núorðið.

**SJÁLFSAGT** þurfum við ekki að hafa áhyggjur af því að senn fari þingmenn að mæta eins og umrenningar til fara en engu að síður er mikilvægt að komast að málamiðlun í þessum efnum, ná þverpólitískri sátt eins og sagt er. Hvað um að láta til dæmis útbúa sérstaka alþingismannabúninga? Það hefði nokkra ótvíræða kosti í för með sér.

**Í FYRSTA** lagi væru alþingismannabúningar til þess fallnir að lækka fatakostnað alþingismanna. Í öðru lagi gætu þeir dregið úr einelti á vinnustað, eins og Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir benti á í ræðu á Alþingi: „Ég veit ekki betur en að hér í þingsal eigi allir herramenn að vera með bindi en sumir segja eigi að síður að það sé nokkuð mikið einelti í því.“ Það eru eflaust þung skref fyrir óbreyttan þingmann á þingfararkaupi að mæta með Dressmann-bindi um hálsinn vitandi af ráðherranum með silkislifsi frá Sævari Karli.

**ÉG SÉ** alþingismenn til dæmis fyrir mér í Henson-jogginggöllum og flíspeysum í stíl. Flokkarnir fengju vitaskuld allir búning í sínum lit: Sjálfstæðisflokkur bláan, Framsókn grænan, VG rauðan, Samfylking gulan og Borgarahreyfing appelsínugulan. Nafn hvers þingmanns yrði saumað á brjóstið og ráðherrar fengju buff að auki. Þetta yrði eflaust til þess fallið að efla innlenda framleiðslu. Össur þyrfti ekki að mæta svona klæddur á nema einn eða tvo fundi hjá Sameinuðu þjóðunum eða NATO og Henson hefði ekki undan við afgreiða pantanir að utan.

**ÉG HELD** að þingmenn myndu taka vel í þessa breytingu, guðslifandi fegnir að þurfa ekki að mæta í fleiri froðuviðtöl um hvað sé í fataskápnum og geta einbeitt sér að stjórnmálum. Enda eru stífpressuð jakkaföt og dragtir beinlínis hamlandi þegar maður ætlar að vera með framíköll, málþóf og fjas um hvaða herbergi flokkurinn manns eigi að vera í. Þá hæfir þá Henson-galli, flíspeysa og buff betur tilefninu.

## GÓÐAN DAG!

**Í dag er föstudagurinn 15. maí, 135. dagur ársins.**

| | Sólarupprás | Hádegi | Sólarlag |
|---|---|---|---|
| Reykjavík | 4.13 | 13.24 | 22.38 |
| Akureyri | 3.38 | 13.09 | 22.42 |

*Heimild: Almanak Háskólans*




25% afsláttur af buxum og bolum

Jackpot · molo · oilily · COTTONFIELD · hummel · bisgaard

ENGLABÖRNIN

Kringlunni sími 552 2201